

# HORFT TIL FRAMTÍÐAR

**Kostir Íslands í ljósi hnattvæðingar  
og samruna Evrópu**

*Hugsanleg þróun næstu tíu árin*

## Formáli

Mikið hefur verið rætt og ritað um hnattvæðinguna og áhrif hennar í veröldinni. Hnattvæðing er þróun í átt að aukinni samvinnun efnahagsstarfsemi ríkja heims. Byggist hún á margvíslegum samningum ríkja á milli og snertir í raun flesta þætti mannlegs lífs. Hnattvæðingin gerir okkur kleift að eiga alþjóðleg viðskipti með einfaldari hætti en áður og skapar grundvöll fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að hasla sér völl fjarri heimalandi sínu. Þessi þróun hefur tekið mörg ár en flestir líta nú á hnattvæðinguna sem sjálfsagðan hlut. Mikilvægustu samningar okkar, sem tengjast hnattvæðingunni, eru EES-samningurinn, fríverslunarsamningar EFTA og samningar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Hnattvæðingin er ekki óumdeild frekar en mörg önnur mannanna verk og vissulega eru atriði á þeim vettvangi sem gera má betur. Er markvisst unnið að því og ber í þeim efnum að nefna átak til að gera þróunarríkjum kleift að taka fullan þátt í því starfi sem mótar hnattvæðinguna og tryggja hlutdeild þeirra í þeim ávinningi sem af henni hlýst.

Árið 1999 skilaði nefnd utanríkisráðuneytinu skýrslu um Alþjóðlega umgjörð efnahags- og atvinnulífs í ljósi alþjóðavæðingar. Taldi ég nauðsynlegt á þeim tíma að láta gera úttekt af þessu tagi í því skyni að varpa ljósi á áhrif hnattvæðingar hér á landi, og ekki síður til þess að horfa til framtíðar með það að markmiði að skapa grundvöll til þess að Ísland nýtti sér sem best þau tækifæri sem í hnattvæðingu felast. Þróunin á þessu sviði er hröð og nú að þremur árum liðnum áleit ég brýna nauðsyn á að endurmeta þessa þætti í ljósi nýrra samningaviðræðna á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað varðandi Evrópusambandið.

Ég hef lagt áherslu á það undanfarin ár að Íslendingar meti með markvissum hætti stöðu sína í Evrópusamstarfi. Þar er um slíka grundvallarhagsmuni að ræða að mikilvægt er að vera búinn undir umræðu um kosti og galla ákveðinna lausna í ljósi breyttra aðstæðna. Skýrslan, sem hér fylgir, er mikilvægur þáttur í þessari umræðu.

Mikilvægt er að Íslendingar horfist í augu við það að landamæri ríkja eru nú ekki jafnafgerandi markalína og áður var, einkum þegar litið er til viðskipta og flutninga fólks og fjármagns. Hnattvæðingin hefur brotið niður múra milli þjóða og í raun gert heiminn að einni sameiginlegri efnahagsheild. Ekkert svæði er lengur svo einangrað að atburðir annars staðar, jafnvel hinum megin á hnettinum, hafi þar ekki áhrif.

Að þessum staðreyndum þurfum við Íslendingar að laga okkur og nýta til fulls þau tækifæri sem gefast um leið og við stöndum vörð um grundvallarhagsmuni þjóðarinnar. Breyttar aðstæður kalla oftast á breytt viðhorf.

Maí 2002



Halldór Ásgrímsson

## Hnattvæðingarnefnd Apríl 2002

Bréf til utanríkisráðherra

### HNATTVÆÐINGARNEFND

Utanríkisráðherra

Vísað er til bréfs utanríkisráðherra, dagsetts 29. nóvember 2001, um skipan nefndar til að endurskoða fyrri skýrslu (1999) um áhrif hnattvæðingar á utanríkisviðskipti Íslendinga og þjóðarbúskapinn með sérstöku tilliti til evrunnar og líklegar stækkunar Evrópusambandsins.

Hér með fylgir umbeðin skýrsla.

16. apríl 2002

Þórður Friðjónsson,  
formaður hnattvæðingarnefndar

#### *Nefndarmenn:*

Þórður Friðjónsson,  
forstjóri Verðbréfaþings Íslands

Ari Edwald,  
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Guðbrandur Sigurðsson,  
forstjóri Útgerðarfélags Akureyrar

Grétar Már Sigurðsson,  
skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti

Páll Sigurjónsson,  
formaður stjórnar Útflutningsráðs

Rannveig Rist,  
forstjóri Íslenska álfélagins

Runólfur Smári Steinþórsson,  
dósent við Háskóla Íslands

Sigurður Einarsson,  
forstjóri Kaupþings

Gylfi Arnbjörnsson,  
framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands

#### *Rítarar:*

Birgir Árnason,  
Alþjóðagjaldeyris-  
sjóðnum

Högni S. Kristjánsson,  
utanríkisráðuneyti

Magnús Harðarson,  
Þjóðhagsstofnun

Páll Harðarson,  
Þjóðhagsstofnun

## Efnisyfirlit

1. Helstu niðurstöður	5
Innviðir og viðbúnaður í sífellt hnattvæddari heimi	6
Sjálfstæður gjaldmiðill og trúverðug efnahagsstefna	8
Aðild að Evrópusambandinu	9
2. Hnattvæðing í heimsbúskapnum	10
2.1 Inngangur	10
2.2 Hnattvæðingin í hagtölum	11
2.3 Drifkraftar hnattvæðingarinnar	12
2.4 Hagstjórn og efnahagsstefna	14
2.5 Áframhaldandi hnattvæðingarferill	15
2.6 Horfur í heimsbúskapnum	17
3. Íslenskt athafnalíf og hnattvæðing	19
3.1 Samkeppnishæfni	19
3.2 Ísland í alþjóðlegu umhverfi	20
3.3 Mannauður	21
3.3.1 Menntamál	22
3.3.2 Rannsóknir og þróunarstarfsemi	24
3.3.3 Fyrirkomulag á vinnumarkaði	25
3.4 Fjárfestingar	25
3.4.1 Fjárfestingar hérlendis	27
3.4.2 Fjárfestingar erlendis	27
3.5 Útrás einstakra atvinnugreina	28
3.5.1 Sjávarútvegur	28
3.5.1.1 Sölufyrirtæki í sjávarútvegi	28
3.5.1.2 Framleiðslufyrirtæki í sjávarútvegi	29
3.5.1.3 Horft til framtíðar	29
3.5.1.4 Frekari hagræðing	30
3.5.1.5 Fiskeldi	31
3.5.1.6 Líftækni	31
3.5.1.7 Erlend verkefni	32
3.5.2 Flutningafyrirtæki	32
3.5.3 Ferðaþjónusta	34
3.5.4 Fjármálafyrirtæki	34
3.5.5 Upplýsinga- og þekkingariðnaður	35
3.5.6 Útrás á öðrum sviðum	37
3.6 Stóriðja	37
3.7 Fjármálamarkaður	37
3.7.1 Skuldabréfamarkaður	38
3.7.2 Hlutabréfamarkaður	39
4. Horft til framtíðar	40
4.1 Inngangur	40
4.2 Uppsprettur hagvaxtar og stjórn efnahagsmála	40
4.2.1 Hagvaxtarfræði	40
4.2.2 Hagvöxtur á Íslandi og útflutningsframleiðslan	41
4.2.3 Stjórn efnahagsmála	42
4.3 Hvert horfir í gengismálum?	43
4.4 Tvö dæmi um hugsanlega þróun efnahagsmála á næstu 10 árum	46
4.4.1 Grunnæmi	47
4.4.2 Aukin álframleiðsla	47
4.5 Áhrif gengisfyrirkomulags á hagstjórn	48
4.5.1 Hagstjórn við núverandi gengisskipan	48
4.5.2 Hagstjórn með evru	48
4.6 Gengisskipan og lífskjör til lengdar	49
4.6.1 Utanríkisviðskipti og fjárfestingar	50
4.6.2 Vaxtastig	50
5. Tilvitnanaskrá	52

## 1. Helstu niðurstöður

Hnattvæðing verður án efa áfram mikilvægt og mótandi afl í efnahagslegu umhverfi þjóða og fyrirtækja á komandi árum. Í hnattvæðingunni felst sífellt aukin samtvinnun hagrænnar starfsemi um allan heim. Hnattvæðingin hefur þegar skilað þjóðum heims mikilsverðum efnahagslegum ávinningi og enn er eftir miklu að slægjast. Hnattvæðingin gefur þjóðum heims færi á aukinni sérhæfingu í framleiðslu og verkaskiptingu þannig að hverri þjóð gefst færi á að einbeita sér að því sem hún gerir vel. Einnig stuðlar hnattvæðingin að hagfelldri ráðstöfun fjármagns á heimsvísu, stækkar markaði fyrir aðföng og afurðir þannig að fyrirtæki geta nýtt sér stærðarhagkvæmni í framleiðslu og þjónustu. Þá gerir hnattvæðingin fyrirtækjum og fjárfestum kleift að stunda iðju sínu í mörgum löndum samtímis, sem felur í sér hvort tveggja í senn áhættudreifingu og víðtæk sóknarfæri. Þótt hnattvæðingin feli þannig í sér margvísleg tækifæri er einnig mikilvægt að sporna við neikvæðum þáttum hennar, sérstaklega varðandi hagsmunum launafólks og stöðu þróunarlandanna.

Árangur einstakra þjóða í hnattvæddum heimi fer í ríkum mæli eftir stjórnarháttum sem hjá þeim ríkja og efnahagsstefnu sem stjórnvöld fylgja. Reynslan sýnir að þeim þjóðum hefur vegnað best sem brugðist hafa við hnattvæðingunni með jákvæðum hætti og rekið opinn og agaðan markaðsbúskap. Hnattvæðingin gerir því miklar kröfur til þeirra þjóða sem árangri vilja ná. Þessar kröfur felast ekki síst í því að efnahagsumhverfið sé varanlega traust og stöðugt og að leikreglur viðskiptalífsins samrýmist reglum þeirra þjóða sem standa í fremstu röð. Að sama skapi verður stefnan í fjármálum hins opinbera og í peninga- og gengismálum að vera sjálfbær og trúverðug. Að öðrum kosti er hætt við að fjármagn leiti í hagfelldara umhverfi með neikvæðum áhrifum á vexti, gengi, fjármálamarkaði og atvinnulíf.

Íslendingar og íslensk fyrirtæki hafa ekki farið varhluta af því að hnattvæðingunni vex ásmegin. Ekki leikur vafi á því að íslenskur þjóðarbúskapur hefur orðið til muna nútímalegri og framsæknari en áður. Einkum hefur þess orðið vart eftir því sem við höfum bundist öðrum þjóðum sterkari böndum í efnahagslegu tilliti síðasta áratuginn, ekki síst fyrir tilstilli Evrópska efnahagssvæðisins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þegar horft er til framtíðar, er heldur ekki neinum vafa undirorpið að helstu sóknarfæri íslensks atvinnulífs eru nátengd áframhaldandi virkri þátttöku okkar í Evrópusamvinnunni og hnattvæðingarferlinu.

Í nærumhverfi þjóðarinnar hafa einnig orðið, eða eru í sjónmáli, atburðir sem kalla á sérstaka greiningu og viðbrögð. Hér ber hæst að evran varð nýlega gjaldmiðill stærsta hluta Evrópusambandsins án þess að nokkur snurða hlypi á þráðinn og að fram undan er mikil stækkun sambandsins. Við blasir að eftir nokkur ár hafi aðildarríkjum Evrópusambandsins fjölgað úr fimmtán í allt að tuttugu og sjö og að flest þeirra - ef ekki öll - hafi gert evruna að gjaldmiðli sínum. Það er því nauðsynlegt að stöðugt sé unnið að mati á stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu, þar með talið hugsanlegri aðild Íslands að því. Hnattvæðingarnefnd hefur velt upp hugmyndum um hvernig megi standa að skipulegu mati á kostum og göllum Evrópusambandsaðildar fyrir Ísland nú á næstu árum og eru þær raktar síðast í þessum kafla.

Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður af vinnu hnattvæðingarnefndar. Fyrst eru dregin saman þættir er varða innviði og skipulag þjóðarbúskaparins og viðbúnað Íslendinga til að taka þátt í hnattvæðingunni. Næst er fjallað um atriði sem varða efnahagsstefnu stjórnvalda og kröfur til hennar í síopnara hagkerfi. Er þá miðað við að krónan verði áfram sjálfstæður gjaldmiðill. Loks eru dregin saman meginatriði varðandi hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þar er gert ráð fyrir að evran leysi krónuna af hólmi sem gjaldmiðill landsins. Einkum er fjallað um hagstjórn við þær aðstæður og fjármálamarkaði, sóknarfæri íslensks atvinnulífs - ásamt hugsanlegum afleiðingum fyrir fiskveiðistjórnun við landið og aðgang að fiskimiðunum.

## Innviðir og viðbúnaður í sífellt hnattvæddari heimi

Markaðsbúskapur og framtak einstaklinga og félaga í samkeppni, sem byggist á ríkri samfélagslegri ábyrgð þeirra, eru helstu drifkraftar hagvaxtar og batnandi lífskjara. Enn er brýnt að efla frekar samkeppni í íslensku efnahagslífi. Á það jafnt við um smásöluverslun, bankaþjónustu, fjarskipti og framleiðslu og dreifingu á orku. Þótt öll áform um einkavæðingu hafi ekki enn náð fram að ganga, er mikilvægt að halda áfram á þeirri braut, reynslunni ríkari.

Í heimi hátækni og upplýsingaflæðis er góð menntun allrar þjóðarinnar -mannauðurinn - mikilsverð forsenda framfara, því að í mannaöldum er fólgin krafturinn til nýsköpunar og endurmótunar. Um margt er ástand menntunarmála á Íslandi í góðu horfi en í nokkrum atriðum virðumst við vera eftirbátar annarra þjóða, einkum varðandi starfs- og iðnmenntun og endur- og eftirmenntun. Brýnt er að stefnumótun og áherslur í menntamálum taki samtímis mið af tvennu: Annars vegar af langtímamarkmiðum okkar í efnahags- og atvinnumálum. Hins vegar af sýn sem miðar að því að búa okkur sem best undir að nýta þau tækifæri sem kunna að opnast í þekkingarþjóðfélagi framtíðarinnar. Vegna þessara markmiða er ekki síst nauðsynlegt að styrkja enn frekar rannsóknar- og þróunarstarf í samvinnu háskóla, rannsóknastofnana og atvinnulífs.

Náttúruauðlindir Íslendinga - fiskimið, orkulindir, umhverfi - eru ríkulegar og geta áfram lagt hagvexti á Íslandi gott lið. Enn er talsverður vaxtarsproti í sjávarútvegi, þótt afla mikilvægra tegunda séu settar þröngar skorður. Samruni fyrirtækja og frekari hagræðing í sjávarútvegi geta án efa skilað talsverðu í þjóðarbúið. Þá standa vonir til þess að fiskeldi geti eflst og dafnað á Íslandi í framtíðinni. Vatnsorka landsins er enn ekki nýtt nema að litlu leyti. Uppbygging orkufrekrar stóriðju mun treysta og auka útflutningsframleiðslu í landinu, en vöxtur útflutnings þarf að lágmarki að vera jafn langtímamarkmiði um hagvöxt.

Skattar eru eitt mikilvægasta tæki sem stjórnvöld ráða yfir til að halda í og laða að fólk og fyrirtæki. Margvíslegar umbætur hafa verið gerðar á skattalegu umhverfi á Íslandi á undanförunum árum, meðal annars með lækkun skatta á fyrirtæki. Jafnframt verður að taka mið af því að tryggja hér öflugt öryggis-, mennta- og heilbrigðiskerfi þannig að fólk, ekki síður en fyrirtæki, búi að samkeppnishæfu grunnkerfi. Enn má gera betur, sérstaklega hvað varðar starfsfólk fyrirtækja sem eru með rekstur erlendis. Þá er ljóst að jaðarskattlagning einstaklinga er afar há og líkleg til að torvela staðsetningu starfsemi á Íslandi sem reiðir sig á hámenntað, vel launað starfslið.

Íslenskur vinnumarkaður hefur um margt verið ákaflega sveigjanlegur á liðnum árum. Þessi sveigjanleiki hefur komið skýrt fram í því hversu auðveldlega atvinnuþátttaka hefur lagað sig að eftirspurn á vinnumarkaði. Hreyfanleiki vinnuafis milli Íslands og annarra landa hefur einnig aukist til muna á síðustu árum. Nauðsynlegt er að varðveita þennan sveigjanleika til að viðhalda aðlögunarhæfni þjóðarbúsins. Samhliða auknum sveigjanleika í þessu efni er mikilvægt að treysta réttindi og öryggi launafólks til þess að koma í veg fyrir að félagslegt óöryggi leiði til ólgu og óstöðugleika á vinnumarkaði. Jafnframt er brýnt að huga að því að vinnumarkaðsreglur séu ekki með þeim hætti að þær torveldi frumkvöðlastarf og fjárfestingu í íslensku atvinnulífi.

Öflugir fjármálamarkaðir eru snar þáttur í þróttmiklu hagkerfi. Á síðustu tíu til fimmtán árum hefur peninga-, gjaldeyris-, skuldabréfa- og hlutabréfamarkaður komið til sögunnar hér á landi. Þessir markaðir þurfa enn að eflast eigi þeir að geta gegnt hlutverkum sínum sem vettvangur peningastefnu stjórnvalda og uppspretta og farvegur fyrir fjármagn handa einstaklingum og fyrirtækjum til fjárfestingar. Stuðla þarf að eins mikilli samkeppni og kostur er á fjármálamörkuðunum, ekki síst í bankakerfinu.

Íslendingar þurfa öflugar stofnanir til að vinna í þágu íslensks útflutnings og til að laða að erlenda fjárfesta til þátttöku í atvinnurekstri hér á landi. Í þessu skyni þarf að efla og samhæfa betur en verið hefur starfsemi Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, Útflutningsráðs og Fjárfestingarstofunnar og jafnframt samþætta hana betur skyldri starfsemi einkaaðila.

Fátt er Íslendingum jafnmikils virði og ímynd lands og þjóðar, og verður sumu auðvitað ekki jafnað til fjár. Ferðamannaþjónusta er hins vegar orðinn einn helsti útflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar og byggist að verulegu leyti á ímynd landsins, sem m.a. er samofin úr náttúrufegurð, íslenskri menningu og þjóðfélagslegum gildum og viðhorfum. Ímynd landsins þarf að treysta eftir föngum og ein besta leiðin til þess er að skila árangri á sem flestum sviðum í samfélagi þjóða.

## Sjálfstæður gjaldmiðill og trúverðug efnahagsstefna

Eins og áður sagði, gerir hnattvæðingin miklar kröfur til hagstjórnar. Um það er ekki deilt að höfuðmarkmið efnahagsstefnu stjórnvalda á að vera að tryggja stöðugleika og jafnvægi í þjóðarþúskapnum. Stöðugleikinn vísar einkum til lítillar verðbólgu og jafnvægið til ásættanlegrar stöðu viðskiptajafnaðar gagnvart útlöndum. Reynslan sýnir að stöðugt efnahagsumhverfi með þokkalegum jöfnuði milli framboðs og eftirspurnar er ákjósanlegur grundvöllur fyrir frumkvæði og hagvöxt. Góð samstaða er um að æskilegt sé að árleg verðbólga sé á bilinu 2-3%, eins og verðbólguþáttur Seðlabankans kveður á um. Í ljósi þess hversu erlendar skuldir þjóðarinnar hafa vaxið á undanförunum árum, væri hins vegar æskilegt að viðskiptin við útlönd skilufu að jafnaði afgangi á komandi árum svo að skuldarnar gætu farið lækkanði. Lækkun erlendra skulda er sérstaklega mikilvæg ef krónan verður um langa framtíð gjaldmiðill landsmanna.

Eins og nú er í pottinn búið henta ríkisfjármálin fremur illa til að jafna hagsveiflur eða bregðast í tíma við ytri áföllum. Þótt sjálfsgagt sé að kanna hvernig auka megi skilvirkni ríkisfjármálanna frá skammtímasjónarmiði, hugsanlega með því að leitast við að auka sjálfvirk áhrif hagsveiflunnar á tekjur og gjöld ríkisins, er án efa réttast að marka stefnuna í ríkisfjármálum út frá langtíamarkmiðum um jafnvægi í hagkerfinu. Af ofangreindu má ráða að ríkisfjármálin ættu að stuðla að því að afgangur - og hann jafnvel umtalsverður - verði að jafnaði á viðskiptunum við útlönd til lengri tíma litið. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar til erlendar skuldir hafa lækkað verulega frá því sem nú er. Jafnframt er nauðsynlegt að takmarka umsvif hins opinbera í hagkerfinu, en samneyslan hefur aukist hratt á undanförunum árum.

Það kemur í hlut stefnunnar í peningamálum að tryggja lága verðbólgu. Ekki er enn tímabært að fella dóm yfir hinum nýja ramma peningamálastefnu Seðlabankans, þótt verðbólga síðasta árið hafi verið meiri en vonir stöðu til þegar verðbólguþátturinn var innleitt. Það gefur hins vegar auga leið að hætt er við miklum sveiflum, bæði í nafn- og raungengi krónunnar, þegar gjaldmiðillinn flýtur á markaði og hagkerfið verður sífellt fyrir búhnykkjum og -sifjum.

Meginkosturinn við að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil er að breytingar á gengi hans geta auðveldað aðlögun að breyttum ytri aðstæðum. Meginókosturinn er á hinn bóginn að gengisfellingarmöguleikinn getur dregið úr aga við hagstjórnina. Í löndum þar sem gengisfall vofir sífellt yfir er óhjákvæmilegt að innlendir vextir verði ævinlega hærri en erlendir vextir og að vaxtamunurinn verði þeim mun meiri sem markaðsaðilar telji líkurnar á gengislækkun meiri. Á tímum frjálsra fjármagnsflutninga er ólíklegt að margfalt stærri gjaldeyrisforði en Seðlabankinn ræður nú yfir megnaði að sefa ótta manna við gengisfellingu og draga þar með úr vaxtamun.

Með hækkun erlendra skulda þjóðarinnar undanfarin ár hefur lækkun á gengi krónunnar kostnaðarsamari hliðaráhrif fyrir þjóðarbúið í heild en áður fyrr. Skuldasöfnun í erlendri mynt hefur einkum verið á meðal einkaaðila og kemur gengislækkun skýrt fram í efnahagsreikningum fyrirtækja. Auknar skuldir heimila þýða einnig að gengislækkun hefur meiri áhrif á efnahag þeirra en áður. Lækkun gengis kemur fram í hækkun verðlags og stór hluti innlendra lána til heimila og fyrirtækja er verðtrygður. Því er það ekki sjálfgefið að notkun gengislækkunar sem hagstjórnartækis sé jafn fýsileg, né að um hana muni ríkja sama sátt og áður.

Hættan á að möguleikinn á gengislækkun dragi úr aga við hagstjórn felur í sér að líklega leiðir sjálfstæður gjaldmiðill til þess að vaxtastig á Íslandi verði um langa framtíð töluvert hærra en í helstu viðskiptalöndum og fjárfesting minni eins og lýst verður nánar hér á eftir í umfjölluninni um Evrópusambandið. Við bætist að krónan kann í framtíðinni að standa í vegi fyrir nægjanlegri dýpt á innlendum fjármálamarkaði. Af þessum atriðum má sjá að töluverður kostnaður fylgir því að reka sjálfstæðan gjaldmiðil í litlu hagkerfi, sem með einum eða öðrum hætti kemur fram í hagvexti og kaupmætti landsmanna.



## Aðild að Evrópusambandinu

Þótt samningurinn um Evrópska efnahagsvæðið (EES) tryggi í mörgum atriðum samskipti Íslendinga við Evrópusambandið hvað varðar viðskipti með vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafli, er óvíst að samningurinn sé fullnægjandi umgjörð um samskiptin við sambandið til lengri tíma. Kemur þar til að ekki er líklegt að gagnkvæmur áhugi verði á reglubundinni endurnýjun EES-samningsins og erfiðara kann að verða að taka upp tilskipanir Evrópusambandsins án þess að hafa fengið tækifæri til að leggja orð í belg um efni þeirra. Þessi atriði ýta undir það sjónarmið að tímabært sé að verða að kanna áfram kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu.

Löngum hefur verið litið svo á að sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins útilokaði að Íslendingar gætu orðið þar aðilar því að við gætum aldrei sætt okkur við að yfirráðin yfir fiskimiðunum færðust á annarra hendur. Undanfarið hefur verið bent á að hugsanlega gætum við sagt okkur undir hina sameiginlegu sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins án þess að missa stjórnina á aðgangi að fiskimiðunum í kringum landið. Brýnt er að kanna til hlítar hvort hægt sé að ryðja úr vegi helstu hindrun þess að Íslendingum geti hugnast aðild að Evrópusambandinu.

Gerðist Ísland aðili að Evrópusambandinu er næsta víst að evran myndi leysa krónuna af hólmum sem gjaldmiðill landsmanna, enda yrði það vafalítið besti kosturinn ef til aðildar kæmi. Meginbreytingin, sem fylgdi upptöku evrunnar, yrði sú að álag á innlenda vexti vegna gengisáhættu og lítills seljanleika krónunnar myndi hverfa. Fyrir vikið myndi vaxtakostnaður þeirra aðila sem nú fá lánað í krónum að öllum líkindum lækka niður á svipað stig og af lánnum í erlendri mynt. Lauslega áætlað gætu raunvextir á innlendum skuldabréfamarkaði orðið 1,5-2 prósentustigum lægri en á undanförunum árum eftir upptöku evru. Lækkun vaxta af þessari stærðargráðu myndi lækka vaxtagreiðslur heimila og atvinnuvega til lánakerfisins um 15 milljarða króna á ári, og væru tveir þriðju hlutar þessarar upphæðar lækkun á vaxtakostnaði heimilanna. Lækkun innlendra vaxta myndi einnig til lengdar auka fjárfestingu og hagvöxt.

Ekki er sjálfgefið að hagsveiflusjónarmið hindri aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru sem framtíðargjaldmiðils. Er þá vísað til þess að loku yrði fyrir það skotið að vaxta- og gengisbreytingar milduðu hagsveiflu sem stafaði af séríslenskum aðstæðum. Með skynsamlegum ríkisfjármálaaðgerðum og þeim sveigjanleika sem einkennir íslenskan vinnumarkað, má vafalítið ná miklum árangri til sveiflujöfnunar. Það er því ekki augljóst að sveiflur yrðu meiri og erfiðari við evruna sem gjaldmiðil landsins. Sjálfvirkir sveiflujafnarar í ríkisfjármálum gætu án efa leyst smærri sveiflujöfnunarverkefni, t. d. allt að 2% frávikum frá framleiðslugetu þjóðarbúsins til langs tíma. Stærri frávikum, sem hugsanlega koma upp á tíu ára fresti eða svo miðað við reynsluna, má mæta með sérstöku ráðstöfunum í ríkisfjármálum - sem má að hluta hafa undirbúnað fyrir fram. Þannig mætti sem dæmi hafa tiltekinn afgang á ríkissjóði yfir hagsveifluna til að búa í haginn fyrir niðursveiflu, gera ráð fyrir svigrúmi í útgjaldaramma fjárlaga til að veita á móti skellum og velja fyrir fram ákveðnar tegundir aðgerða í opinberum fjármálum sem komi til greina verði hagkerfið fyrir stórum skelli. Við þessa upptalningu má loks bæta að auðveldara verður að fjármagna ytri áföll þjóðarbúsins eftir að evran hefur tekið við af krónunni, þar sem erlendar skuldir í núverandi mynd munu þá heyrja sögunni til. Þessi atriði öll þarf að skoða til hlítar án þess að gefa sér niðurstöðuna fyrir fram.

Þær breytingar í nærumhverfi Íslands sem eru í sjónmáli á næstu árum munu auka væntanlegan ávinning af inngöngu í Evrópusambandið. Hér kemur einkum tvennt til. Breytingar verða á aðgengi Íslands að mörkuðum þeirra ríkja sem ganga í sambandið. Stækkun myntbandalagsins verður einnig til þess að mjög stór hluti utanríkisviðskipta verður við ríki innan þess.

Að öllu samanlögðu er nefndin einhuga um að nauðsynlegt sé að vinna skipulega að rannsókn á kostum og göllum aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Markmið slíkrar vinnu er að hafa skýrt kostina og gallana sem best þegar úrslit núverandi stækkunarlotu sambandsins eru í sjónmáli og talsverð reynsla verður komin á evruna. Þannig gætu niðurstöðurnar orðið traustur grundvöllur ákvörðunar um hvort aðildarumsókn væri æskileg. Þessi rannsókn þarf einkum að taka til hagstjórnar við skilyrði evru sem gjaldmiðils landsins, sóknarfæra íslensks atvinnulífs, sveigjanleika vinnumarkaðar í samanburði við aðildarlöndin, áhrifa á heildarkjör launafólks og hugsanlegra afleiðinga fyrir fiskveiðistjórnun og aðgang að fiskimiðunum.

## 2. Hnattvæðing í heimsbúskapnum

### 2.1 Inngangur

Hnattvæðing (*e. globalization*) í heimsbúskapnum felur í sér æ meiri samtvinnun ríkja heims í efnahagslegu tilliti vegna síaukinna viðskipta með vörur, þjónustu og fjármagn yfir landamæri. Einnig verður útbreiðsla nýrra hugmynda og nýrrar tækni sífellt örvari. Til sanns vegar má færa að hnattvæðingin styttaði nokkru fjarlægðir í heiminum í eiginlegum og óeiginlegum skilningi. Fyrir vikið er hætt við að hnattvæðingunni fylgi vaxandi árekstrar milli ólíkra menningarheima, eins og nýleg dæmi sanna.

Efnahagslegur ávinningur fyrir lönd og fyrirtæki af hnattvæðingu er af sama toga og ávinningur af aukinni milliríkjavæðing. Hún gefur þjóðum færi á aukinni alþjóðlegri sérhæfingu og verkaskiptingu þannig að þær geti einbeitt sér að því sem þær gera vel. Að auki stuðlar hnattvæðingin að hagfelldri ráðstöfun fjármagns til fjárfestingar því að landamæri torvela ekki aðgang að arðvænlegustu fjárfestingarkostunum. Séð frá sjónarhóli fyrirtækja stækkar hnattvæðingin markaði bæði fyrir aðföng og framleiðsluvörur og gefur þeim færi á að nýta sér stærðarhagkvæmni í framleiðslu. Jafnframt gerir hnattvæðingin fyrirtækjum kleift að fjárfesta og starfa í mörgum löndum samtímis sem getur falið í sér áhættudreifingu.

Enginn vafi leikur á því að á undanföllum árum og áratugum hefur þeim ríkjum vegnað best í efnahagslegu tilliti sem rekið hafa opinn markaðsbúskap og tekið virkan þátt í hnattvæðingunni. Þetta á að sjálfsögðu við um vestræn iðnríki en einnig ríki í Asíu og Suður-Ameríku. Hnattvæðingin á sér þó ófáa gagnrýndur og af ýmsu sauðahúsi. Þeirra á meðal eru margir sem andvígir eru hvers kyns auðmagni og markaðsbúskap, ýmsir umhverfisverndarsinnar og hópar sem kenna hnattvæðingunni um fátækt og hnignun meðal þróunarríkja, einkum í Afríku. Þótt fótur sé fyrir sumu í þessari gagnrýni er hún um margt ósanngjörn. Einkum er ósanngjarn að kenna hnattvæðingunni um fátæktina í þriðja heiminum þar sem hana má fremur rekja til þess að þjóðir hafi farið á mis við hugsanlegan akk af markaðsbúskap og þátttöku í alþjóðavíðskiptum.

Hnattvæðingin gerir miklar kröfur til ríkja sem vilja vera virkir þátttakendur í henni. Þannig þrengir hún kosti stjórnvalda í einstökum ríkjum hvað varðar efnahagsstefnu og stjórnarhætti. Þegar fjármagnnið þekkir engin landamæri verður stefnan í opinberum fjármálum og í peninga- og gengismálum að vera sjálfbær og trúverðug. Að öðrum kosti er hætt á að aðgangur að lánsfé þrengist og fjármagnsflótti bresti á með þeim afleiðingum að vextir rjúki upp, gengið falli og fjárhagsgrundvöllur banka og annarra fjármálastofnana bresti. Hremmingar þær sem Argentína hefur gengið í gegnum að undanförmu eru af þessum toga.

Hugtakið „hnattvæðing“ er einkum notað til að lýsa aukinni samtvinnun efnahagsstarfseminnar í heiminum síðustu ár og áratugi. Hnattvæðingin átti sér þó annað blómaskeið á seinni helmingi nítjándu aldar og fram að heimsstyrjöldinni fyrri. Á þessum tíma náði hnattvæðingin vissulega ekki til eins stórs hluta heimsins og nú, en var engu að síður merkileg fyrir margra hluta sakir. Gullfóturinn, sem batt verðgildi einstakra gjaldmiðla við gull, tryggði þokkalegan stöðugleika í verðlagismálum og dró mjög úr gengisáhættu. Gullfóturinn ýtti þannig án efa mjög undir milliríkjavæðing og fjármagnsflæði frá Evrópu til nýrra ríkja í Ameríku og nýlendna í Afríku og Asíu. Á þessum tíma ríkti einnig umtalsvert frelsi í milliríkjavíðskiptum, tollar voru almennt lágir og verslunarhöft fá.

Fyrri heimsstyrjöldin batt enda á þetta blómaskeið og á tímum heimskreppu á fjórða áratug tuttugustu aldar dvínaði mjög stuðningur við frelsi í milliríkjavæðing og fast gengi gjaldmiðla. Á meðan á kreppunni stóð kepptust ríki við að verja atvinnugreinar sínar með gengisfellingum á víxl og síhækkandi verndartollum á innflutning. Þessi verndarsamkeppni átti drjúgan þátt í því hversu djúp og illvíg kreppan varð. Núverandi hnattvæðingarskeið er því með nokkrum sanni framhald þróunar sem stóð í miklum blóma á síðari hluta nítjándu aldar og fram á þá tuttugustu.

Hér fyrir aftan verður fyrst fjallað nánar um hvernig hnattvæðingin birtist í hagtolum. Þá verða drifkraftar hnattvæðingarinnar dregnir fram í dagsljósið. Þar á eftir verður farið nokkrum orðum um kröfurnar sem

hnattvæðingin gerir til stjórnvalda um hagstjórn. Næst verður fjallað nokkuð um alþjóðastofnanir þær og viðskiptabandalög sem móta munu farveg áframhaldandi hnattvæðingar á komandi árum og áratugum. Loks verður horfum í heimsbúskapnum lýst í ljósi þess hvert virðist stefna með hnattvæðinguna.

## 2.2 Hnattvæðingin í hagtölum

Aukin hnattvæðing á undanförmum árum og áratugum, en einkum þó frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari, birtist með ýmsum hætti. Þannig hefur milliríkjavarslun með vöru og þjónustu í heiminum aukist langtum örur en heimsframleiðslan, þegar á heildina er litið. Yfir langt tímabil hefur milliríkjavarslunin aukist 1,5-2 sinnum hraðar en heimsframleiðslan. Á sama tíma og heimsframleiðslan hefur aukist að jafnaði um 3-4% á ári hefur milliríkjavarslunin aukist um 5-6% á ári. Þá hefur eðli milliríkjavarslunar með vöru og þjónustu smám saman verið að breytast. Fyrst eftir heimsstyrjöldina síðari fór verslunin að langmestu leyti fram milli iðnríkjanna í Vesturheimi, en þróunarríkin sáu iðnríkjunum einkum fyrir hrávöru. Hin síðari ár hafa þróunarríkin hins vegar orðið æ virkari þátttakendur í heimsversluninni og hefur iðnaðarframleiðsla, einkum af einfaldari toga, í auknum mæli flust til þessara ríkja.

Þegar alhæft er um yfirgripsmikil málefni er hætt við að alhæfingin missi marks að einhverju leyti. Hér hafa verið nefnd til sögunnar þróunarríki eins og þau séu vel skilgreindur hópur ríkja. Svo er auðvitað ekki. Þar skiptist í nokkur horn. Allmörg ríki í Asíu, einkum í austurhluta álfunnar, hafa svo gott sem komist í hóp iðnríkja á síðustu árum. Hefur sú þróun orðið að stórum hluta fyrir tilstilli ofuráherslu á milliríkjavarslun og markvissrar þátttöku í hnattvæðingunni. Hong Kong, Kórea, Singapúr og Tævan eru skýrustu dæmin um þessa þróun. Um tíma virtist sem Malasía, Tæland og jafnvel Indónesía væru í þann mund að ná sama árangri, en eftir bakslagið sem þessi ríki urðu fyrir á seinni helmingi síðasta áratugar, er líklegt að nokkur bið verði á því. Önnur Asíuríki og einnig ríki í Suður-Ameríku hafa náð góðum hagvaxtarárangri með því að hverfa frá verndar- og haftastefnu og opna hagkerfi sín út á við. Á hinn bóginn er því ekki að neita að litlar sem engar framfarir hafa orðið í flestum ríkjum Afríku, en varla er þar hnattvæðingin sem slíkri um að kenna þótt auðvitað hafi afskipti ríkra þjóða af málefnum Afríkuríkja verið lítt farsæl og iðulega til vansa.

Þá er rétt að hafa í huga að iðnaðarframleiðsla af „einfaldari toga“ er afstætt hugtak sem stendur fyrir eitt í dag og annað á morgun. Þannig var til dæmis bílaframleiðsla í eina tíð að mestu einkorðuð við iðnríkin, en nú fer hún í vaxandi mæli fram í þróunarríkjunum, enda telst bílaframleiðsla ekki til hátækniíðnaðar lengur.<sup>1</sup> Þessarar þróunar verður einnig vart í sumu af því sem nú telst hátækniíðnaður, til dæmis framleiðslu á hálfleiðurum sem nú fer að miklu leyti fram í Austur-Asíu.

Bein fjárfesting í atvinnustarfsemi erlendis hefur aukist jöfnum höndum með milliríkjavarsluninni og ekki að ósekju. Þegar útflutningsmarkaður fyrir vöru er orðinn nægilega stór, getur verið hagkvæmt að flytja framleiðsluna til markaðarins til að spara flutningskostnaðinn og hugsanlega til að hagnýta lægri framleiðslukostnað. Þessi ráðstöfun á til dæmis við um ýmsan almennan neysluvarning. Þá getur einnig verið hagkvæmt að flytja ákveðna framleiðslu til landa þar sem framleiðslukostnaðurinn er lægri en í heimalandinu og flytja framleiðsluvöruna svo heim. Hér er fatnaður af öllu tagi skýrasta dæmið. Ef iðnríkin settu ekki takmarkanir á innflutning fatnaðar frá þróunarríkjunum, er harla líklegt að nánast öll fataframleiðsla í heiminum væri nú komin þangað.

Verkalýðshreyfingin í iðnríkjunum hefur sett tvo meginfyrirvara fyrir stuðningi sínum við hnattvæðingu verslunar. Annars vegar að alþjóðleg samkeppni verði ekki grundvölluð á félagslegum undirboðum (*social dumping*) og að Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) taki upp í alþjóðlega viðskiptasamninga ákvæði sem skuldbindi aðildarþjóðir að fara eftir lágmarksákvæðum samþykktu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Hins vegar hefur verkalýðshreyfingin krafist þess að gripið verði til viðeigandi mótvægisáðgerða til þess að forðast ákveðna félagslega og pólitíska ókyrrð. Þar er átt við afleiðingar hinnar erfiðu aðlögunar þeirra sem missa atvinnuna tímabundið vegna flutnings framleiðslu frá einu landi til annars, með tilheyrandi lokun verksmiðja. Það er í sjálflu sér ekki ástæða til að hefta tilflutning framleiðslunnar því að ávinningur neytenda af lægra vöruverði er að öllum líkindum meiri en tap þeirra sem missa vinnuna. Vandann þurfi hins vegar að leysa með öðrum hætti. Þar getur starfsþjálfun og endurmenntun komið að gagni en einnig hagstæð almenn skilyrði fyrir starfsemi sem gæti skapað ný atvinnutækifæri á arðvænlegum forsendum. Hér er rétt

að nefna að umfangsmiklar rannsóknir gefa enga ástæðu til að ætla að vaxandi atvinnuleysi í Evrópu, eða staðnandi raunlaun meðal ófaglærðra í Bandaríkjunum stafi af tilflutningi iðnaðarframleiðslu til láglaunasvæða.

Hvað sem þessum vanda líður er það til marks um hnattvæðinguna á undanförmum árum og áratugum að bein erlend fjárfesting hefur aukist til muna í hlutfalli við heimsframleiðsluna. Þannig var hún um 5% af heimsframleiðslunni árið 1980 en var komin í um 10% undir lok síðustu aldar.

Þriðja birtingarmynd aukinnar hnattvæðingar sést í stórfelldum vexti fjármagnsviðskipta af öllum toga milli landa. Hér er átt við viðskipti með gjaldeyri, skuldabréf, hlutabréf (og afleiður af þessu þrennu) og einnig bein lánsviðskipti milli lántakenda í einu landi og banka í öðru landi. Til marks um vöxtinn í þessum viðskiptum má nefna að árið 1970 voru viðskipti með skuldabréf og hlutabréf milli landa í Bandaríkjunum, Japan og Þýskalandi hverfandi (um 5% af landsframleiðslu) en undir lok aldarinnar voru þessi viðskipti komin í nálægt 200% af landsframleiðslu í Bandaríkjunum og Þýskalandi, og í næstum 100% af landsframleiðslu í Japan. Svipaða sögu er að segja af öðrum iðnríkjum.

Sumpart tengist þessi vöxtur í alþjóðlegum fjármagnsviðskiptum aukinni milliríkjavervslun. Má þar nefna aukið umfang framvirkra gjaldeyrissamninga sem útflytjendur kaupa til að verja sig fyrir gengisáhættu. Vöxtur almennra fjármagnsviðskipta á sér þó mestan part aðrar skýringar, til dæmis ásókn í meiri ávöxtun og betri áhættudreifingu. Það er svo tvennt sem gert hefur þennan vöxt mögulegan, annars vegar aukið frjálsræði í fjármagnsflutningum á milli landa og hins vegar langtum afkastameiri og hraðvirkari upplýsinga- og fjarskiptatækni en völ hefur verið á áður. Þetta tvennt skýrir einnig að nokkru af hverju þessi þáttur hnattvæðingarinnar er tilkominn nokkru síðar en hinir tveir.

### 2.3 Drifkraftar hnattvæðingarinnar

Ástæður aukinnar hnattvæðingar eru margar og samtvinnaðar. Hagfræðingar benda á kenninguna um „hlutfallslega yfirburði“ (*e. comparative advantage*) sem eina meginskýringuna á því hvers vegna milliríkjavervslun dafnar fáir hún til þess tækifæri. Fáar kenningar hagfræðinnar hafa verið jafn rækilega staðfestar af reynslu og með rannsóknum og þessi kenning. Sú niðurstaða er ein helsta röksemdin fyrir því að affarasælast sé að auka eftir megni frjálsræði í alþjóðaviðskiptum og koma á sem frjálsustum viðskiptaháttum.

Í sinni einföldustu mynd segir kenningin að í heimi tveggja þjóða skuli hvor þjóð framleiða þá vöru sem fari henni tiltölulega best úr hendi og skuli þær svo skiptast á vörum til að uppfylla þarfar sínar. Sérhæfingin tryggir mesta framleiðslu og viðskiptin hagkvæmust not af henni.

Þessi kenning segir auðvitað ekki alla söguna. Hún gildir fyrst og fremst um milliríkjavervslun með vörur og þjónustu og skýrir því ekki þá þætti hnattvæðingarinnar sem lúta að aukinni beinni erlendri fjárfestingu og auknum fjármagnsviðskiptum yfir landamæri. Þá gerir hún ráð fyrir því að frjálsræði ríki í viðskiptum milli þjóða en því fer auðvitað fjarri að svo hafi ætíð verið.

Lítum á nokkrar ástæður fyrir því að fyrirtæki halda í víking og fjárfesta í framleiðslu í öðru landi eða löndum og gerast með þeim hætti fjölþjóðleg. Hér koma við sögu þættir eins og sókn í aukna arðsemi, duldir yfirburðir og áhættudreifing. Þótt þessir þrír þættir hafi væntanlega allir lagt eitthvað af mörkum til að ýta fyrirtækjum í víking er líklegt að tveir fyrri þættirnir ráði mestu þar um.

Sókn í aukna arðsemi í víðum skilningi er auðvitað meginskýringin á beinni fjárfestingu erlendis. Fjárfesting í öðru landi gefur af sér aukinn beinan hagnað ef ódýrara er að framleiða vöruna þar en að framleiða hana heima og flytja hana út. Á móti kemur að lækkandi flutningskostnaður dregur úr ávinningi af beinni fjárfestingu í framleiðslu á erlendum markaði. Ef innflutningshömlur takmarka mjög innflutning eða gera hann óhæfilega dýran, getur einnig borgað sig fyrir fyrirtæki að fjárfesta í framleiðslu í viðkomandi landi til að „komast á bak við“ innflutningshindranirnar.

Fyrirtæki í fremstu röð, og það á ekki síst við um fjölpjódafyrirtæki, ráða iðulega yfir sérstakri færni sem skapar þeim ákveðna „dulda yfirburði,“ sem önnur fyrirtæki ráða ekki yfir. Hér er um samofna þætti að ræða sem skapa fyrirtæki sérstöðu, til dæmis fyrir tilstilli ákveðinnar reynslu eða þekkingar, sérstakrar framleiðslutækni eða jafnvel vörumerkis. Ef svo háttar til hjá fyrirtæki, getur reynst happadrýgra fyrir það að fjárfesta í nýju fyrirtæki erlendis en að framselja yfirburðina til annars eða annarra fyrirtækja.

Óvarlegt er að hafa öll eggin í sömu körfunni ef hjá því verður komist. Áhættudreifing er því æskileg. Í því samhengi sem hér er um ræðir geta fyrirtæki dregið úr áhættu og afkomusveiflum með því að dreifa framleiðslunni á nokkur lönd sem ekki eru samstíga í hagsveiflunni.

Hverfum aftur að milliríkjavæslun með vörur og þjónustu. Það er engum vafa undirorpið að síaukið frjálsræði í viðskiptum með vörur og þjónustu er ein meginskýringin á því hversu vel heimsverslunin hefur dafnað síðustu áratugi.

Löngu áður en síðari heimsstyrjöldinni lauk tóku Bandaríkin og Bretland ásamt öðrum vesturveldum að leggja drög að alþjóðaviðskiptakerfi eftirstríðsáranna. Leiðarljósið í þessari vinnu var að reyna að koma á svipuðu fyrirkomulagi og ríkti fyrir fyrri heimstyrjöldina með gullfæti og viðskiptafrelsi. Hér var við rannan reip að draga því að við eyðileggingu styrjaldarátakanna bættist að tollar voru orðnir nauðsynlegur tekjupóstur fyrir stjórnvöld til að standa straum af kostnaði við sístækkandi velferðarkerfi og vernda illa farinn og lítt samkeppnishæfan iðnað. Þá fóru gjaldmiðlar flestra ríkja mjög halloka fyrir Bandaríkjadal og voru ákaflega veikir, enda flestir varasjóðir uppurnir.

Engu að síður var í stríðslok búið að leggja drög að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF), Alþjóðabankanum (IBRD) og Hinu almenna samkomulagi um viðskipti og tolla (GATT), sem Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) hefur nú leyst af hólmi.

Í hinu nýja viðskiptakerfi var Alþjóðagjaldeyrissjóðnum ætlað að standa vörð um fastgengiskerfi sem þó gerði ráð fyrir að hægt væri að fella gengi gjaldmiðils þegar í óefni væri komið varðandi viðskiptajöfnuð. Gert var ráð fyrir að sjóðurinn veitti aðildarríkjum sínum, sem lentu í vandræðum með greiðslujöfnuð sinn, skammtímalán svo ekki þyrfti að koma til gengisfelling nema grundvallarforsendur krefðust þess.

Alþjóðabankanum var fengið það hlutverk að styðja við endurreisn úr rústum styrjaldarinnar og stuðla að efnahagsuppbyggingu. Síðar varð bankinn að helstu sameiginlegu þróunarstofnun heims og er hann það enn. Innan ramma GATT var stefnt að því að lækka tolla og draga úr öðrum viðskiptahindrunum. Þótt flestum ríkjum heims stæði til boða að taka þátt í þessum stofnunum að seinni heimsstyrjöldinni lokinni, kusu kommúnísk og sósíalísk ríki að gera það ekki. Ísland hefur verið þátttakandi í starfi þessara stofnana frá upphafi.

Fyrsta lota GATT-viðræðnanna, hin svokallaða Genfar-lota, skilaði strax miklum árangri í lækkun tolla í viðskiptum. Síðari lotur (meðal annars Kennedy-lotan á sjöunda áratug síðustu aldar, Tókíó-lotan á áttunda áratugnum og síðast Úrúgvæ-lotan á níunda og tíunda áratugnum) bættu um betur. Eftir Úrúgvæ-lotuna er svo komið að tollar í viðskiptum milli iðnríkjanna eru ekki nema tíundi parturinn af því sem þeir voru í lok heimsstyrjaldarinnar síðari og mjög hefur dregið úr öðrum viðskiptahindrunum. Þá hafa tollar einnig lækkað til muna í viðskiptum milli iðnríkjanna og þróunarríkjanna með hrávöru og iðnvarning en ekki með landbúnaðarvörur. Nú er svo komið að landbúnaðarvörur skera sig úr á alþjóðavettvangi hvað tolla og aðrar verslunarhindranir varðar.

Víða og jafnvel víðast í þróuðum ríkjum nýtur landbúnaður gríðarlegrar innflutningsverndar. Þróunarríkin, sem mörg hver telja sig vel samkeppnisfær í landbúnaðarframleiðslu, hafa auðvitað gagnrýnt það harðlega hversu takmarkaðan aðgang þau hafa að mörkuðum fyrir landbúnaðarvörur meðal auðugra þjóða en allt hefur komið fyrir ekki. Þetta er skýrt dæmi um að skortur á hnattvæðingu hafi haldið aftur af landvinningum þróunarríkja á efnahagssviðinu.



Tollar hafa ekki einvörðungu verið lækkaðir og viðskiptahindrunum rutt úr vegi innan ramma GATT og WTO. Það hefur einnig verið gert með stofnun viðskiptabandalaga og gerð fríverslunarsamninga, jafnt tvíhliða sem marghliða. Af viðskiptabandalögnum er Evrópusambandið (áður Evrópubandalagið) langmikilvægast en einn þáttur þess er tollabandalag sem felur í sér tollfrelsi milli aðildarlandanna, en sameiginlegt kerfi ytri tolla gagnvart löndum utan bandalagsins. Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, sem Ísland gerðist aðili að árið 1970, eru dæmi um marghliða fríverslunarsamning. Hvert EFTA ríki um sig gerði síðan tvíhliða fríverslunarsamning við Evrópusambandið á sínum tíma, þar á meðal Ísland árið 1973.

Evrópska efnahagssvæðið felur í raun í sér útvíkkun á fríverslunarsamningnum sem viðkomandi EFTA ríki (nú aðallega Ísland og Noregur) höfðu við Evrópusambandið. Fríverslunarsamningur Norður-Ameríku (NAFTA), sem að standa Bandaríkin, Kanada og Mexíkó, er annað dæmi um marghliða fríverslunarsamning.

Viðskiptabandalög og fríverslunarsamningar hafa án efa gegnt þýðingarmiklu hlutverki í svæðisbundinni eflingu milliríkjavæðingar og jafnframt eflt aðra þætti hnattvæðingar á sömu svæðum. Þannig er til dæmis gagnkvæm fjárfesting milli Evrópuríkja umfangsmikil og Evrópusambandið er nánast allt einn fjármagnsmarkaður, enda er fullt frelsi í fjármagnsflutningum hluti af innri markaði sambandsins.

Samtvinnun fjármagnsmarkaða í heiminum er sumpart síðar til komin en samtvinnun markaða fyrir vörur og þjónustu, eins og áður segir. Þetta helgast meðal annars af því að ekki var almennt hafist handa við að aflétta hömlum af fjármagnsflutningum í iðnríkjunum fyrr en eftir 1970 og stóð sú þróun fram á þennan áratug. Sum þróunarríki hafa einnig aflétt hömlum af fjármagnsflutningum en hefur farist það misvel úr hendi og árangurinn hefur vægast sagt verið misjafn. Einkum hefur óheftur aðgangur að erlendum skammtímalánum reynst skeinuhættur, sérstaklega í skjóli yfirlýstrar fastgengisstefnu. Tilhögun af þessu tagi átti ríkan þátt í fjárhagskreppum á síðasta ártug, fyrst í Mexíkó 1995 og síðan í Austur-Asíu á síðari helmingi síðasta áratugar, þar á meðal í Kóreu og Tælandi. Hér á landi var byrjað að liðka til fyrir fjármagnsflutningum til og frá landinu á síðasta ártug og síðustu hömlurnar á skammtímahreyfingum voru afnumdar í ársbyrjun 1995.

Samhliða því sem hömlum var létt af fjármagnsflutningum milli landa, var frjálsræði á fjármagnsmörkuðum heima fyrir aukið. Hvort tveggja varð til þess að fjármagnsmarkaðir efldust og fjármagnsflutningar yfir landamæri margfölduðust. Nýjungar í upplýsinga- og fjarskiptatækni auk minni tilkostnaðar skipti hér meginmáli. Til marks um framfarir á þessum vettvangi er að síðustu fjóra áratugin hafa afkastageta örgjörva tvöfaldast á 18-24 mánaða fresti (þetta er hið svo kallaða Moores lögmál sem sett var fram árið 1965) og hefur verið á reikningsgetu í tölvum lækkað með sama takti. Svipaða sögur er að segja af þróun síma- og annars fjarskiptakostnaðar. Nú er svo komið að hægt er að flytja gríðarlega fjármuni úr einum gjaldmiðli í annan á örskotsstundu og sömuleiðis úr einu fjárfestingarformi yfir í annað. Má um margt líta svo á að heimurinn sé orðinn einn fjármagnsmarkaður.

Aukin samtvinnun fjármagnsmarkaða er að öllu jöfnu æskileg ef fjármálainviðir ríkja eru undir hana búnir, því að hún stuðlar að hagkvæmri ráðstöfun sparnaðar í heiminum. Ríki þurfa hins vegar að hafa náð ákveðnum efnahagslegum þroska áður en þau geta afnumið að fullu takmarkanir á fjármagnsflutningum og þá sérstaklega á fjármagnshreyfingum til skamms tíma. Einnig er afar brýnt að fjármálastofnanir þeirra, ekki síst bankar, séu fjárhagslega sterkar svo að þær geti staðist ágjöf og jafnvel áföll. Einkum er brýnt að fjármálastofnanir standist stífar eiginfjárkröfur og ráði yfir nægjanlega digrum varasjóðum.

## **2.4 Hagstjórn og efnahagsstefna**

Opið hagkerfi hvað varðar utanríkisverslun með vöru og þjónustu, erlenda fjárfestingu og fjármagnsflutninga til og frá öðrum löndum, þrengir óhjákvæmilega kosti ríkja þegar kemur að hagstjórn og efnahagsstefnu. Til að hneppa ávinninginn af opnu hagkerfi þurfa ríki að framfylgja öguðum stjórnarháttum. Í fjármálum hins opinbera verður að reka ábyrga stefnu, að öðrum kosti flýr fjármagnið á öruggari bæi. Þetta þýðir ekki að ríkisfjármálin þurfi ævinlega að vera rekin hallalaus eða með afgangi. Best fer þó á því að hið opinbera safni ekki meiri skuldum en svo að vaxtabyrðin íþyngi ekki ríkisbúskapnum um of og að skuldirnar verði ekki óhólflegar í hlutfalli við landsframléiðslu. Lendi stjórnvöld í mikilli skuldasöfnun er líklegt að þau

verði að greiða hærri vexti af lánsfé en ríki sem betur er komið fyrir. Takist að snúa þróuninni við er næsta víst að fljótt dragi úr vaxtamuninum. Takist það hins vegar ekki, líður að því að ekkert lánsfé standi til boða, hvaða vextir sem boðnir eru. Fjármálastefnan er þá að öllum líkindum rúin trausti fjárfesta sem forðast að hætta á að tapa fjármunum sínum og kjósa fyrir vikið heldur að ávaxta fé sitt annars staðar. Harkaleg aðlögun verður því nauðsynleg. Á þennan hátt agar samvinnun fjármagnsmarkaða ríkisfjármálastefnu þeirra ríkja sem þátt taka í henni. Heimfæra má sumt af þessari framvindu upp á hremmingar þær sem Argentína hefur gengið í gegnum á síðustu vikum og mánuðum.

Eftir opnun fjármagnsmarkaða er einvörðungu unnt að reka sjálfstæða stefnu í peningamálum í þeim skilningi að hægt sé að ákveða vexti, óháð því sem þeir eru annars staðar, ef gengi gjaldmiðilsins er leyft að fljóta. Við fast gengi ræður gengið hins vegar vöxtunum. Ef reynt er að halda vöxtunum hærri en í öðrum löndum við fast gengi, leiðir það til fjármagnsinnstreymis sem þrýstir genginu upp á við og öfugt, ef reynt er að halda vöxtunum undir því sem tíðkast á alþjóðamörkuðum.

Nú er almennt viðurkennt að best fari á að peningamálastefna miði að því að tryggja stöðugt verðlag, eða að minnsta kosti lága verðbólgu. Til skamms tíma hefur verið talið að ekki skipti öllu máli hvort því markmiði væri náð annars vegar með því að hafa beint verðbólgu markmið en láta gengið fljóta frjálst, eins og núverandi fyrirkomulag á Íslandi kveður á um, eða hins vegar með því að hafa fast gengi sem millimarkmið í peningamálum, sem var hið ríkjandi fyrirkomulag á Íslandi allan tíunda ártuginn. Nú á aftur á móti sú skoðun mjög upp á pallborðið að til lengdar fái engin einhliða fastgengisstefna staðist eftir að fjármagnshreyfingar hafa verið gefnar frjálssar. Ef þessi skoðun er rétt, og í því máli er afdráttarlaus niðurstaða ekki fengin, eru raunhæfir kostir varðandi gengisstefnu aðeins tveir, fljótandi gengi eða endanleg binding gengisins í myntbandalagi með öðrum þjóðum og þar með afsal gjaldmiðilsins, en ekkert þar á milli. Nánar er vikið að þessu vali í kafla fjögur hér á eftir. Hvað sem öðru líður þá kallar markmiðið um lága verðbólgu á agaða peningamálastefnu.

Almennt má gera ráð fyrir að fyrirtæki kjósi öðru fremur að hasla sér völl þar sem skattalegt umhverfi er hagstæðast, þótt aðrir þættir ráði einnig miklu og jafnvel meiru um endanlegt staðarval. Hnattvæðingin þrýstir án efa á samræmingu í skattkerfum þjóða sem keppa um sömu fyrirtækin. Þessa gætir nú þegar í Evrópu að nokkru marki. Á hinn bóginn er reynsla Evrópu einnig til marks um að skattar þurfi ekki endilega að vera eins og þar með lágir í öllum ríkjum. Engu að síður er óvarlegt að skera sig mjög úr varðandi háa skatta, vilji ríki halda í gróin fyrirtæki eða laða að ný. Að þessu leytinu þrengir hnattvæðingin kosti stjórnvalda þegar að skattamálunum kemur.

## **2.5 Áframhaldandi hnattvæðingarferill**

Hnattvæðingin hefur mátt þola nokkra ágjöf undanfarin misseri og ár. Má í því sambandi nefna endurteknar fjármálakreppur á síðustu árum og vaxandi andóf við hnattvæðinguna úr ýmsum áttum. Einnig er líklegt að sú efnahagslægd sem ríður yfir heimsbúskapinn um þessar mundir reyni nokkuð á þolrifin í hnattvæðingunni. Allar líkur eru þó á því að hnattvæðingin muni halda áfram, því að enn er eftir miklu að slægjast, og þá jafnt fyrir iðnríkin sem þróunarríkin.

Nú þegar hefur margt verið gert til að styrkja innviði alþjóðafjármálakerfisins svo að hægt verði að koma í veg fyrir fjármálakreppur, eins og þær sem dunið hafa yfir á undanförunum árum. Á þessu verki eru tvær nátengdar hliðar. Önnur er að koma í veg fyrir að fjármálakreppur skelli á í einstökum löndum. Hin er að koma í veg fyrir að fjármálakreppa í einu landi breiðist um of út og jafnvel til fjarlægustu landa, eins og raunin varð um fjármálakreppurnar á síðasta áratug sem áttu uppruna sinn í Mexíkó, Austur-Asíu og í Rússlandi. Það er til marks um árangurinn sem náðst hefur á þessu sviði að áhrif gjörninganna í Argentínu undir lok 2001 og í ársbyrjun 2002, sem þó eru síst minni í sniðum en nýlegar fjármálakreppur, hafa lítt breiðst út og þá ekki einu sinni til landa í sömu heimsálfu, eins og Brasilíu. Kreppan í Argentínu er í raun eitt stærsta greiðsluþrot þjóðríkis sem um getur og undirstrikar það nauðsyn þess að á alþjóðavettvangi verði settar leikreglur um það hvernig komið verður við greiðslustöðvun og gjaldþroti þegar þjóðríki á í hlut. Að þessum leikreglum er nú unnið, meðal annars á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur í auknum mæli orðið að leitast við að koma í veg fyrir fjárhagskreppur með fyrirbyggjandi aðgerðum. Reynsla síðustu missera og ára kennir að þar sem kreppur hafa skolið á hefur skort mjög á að fjárfestar hefðu aðgang að nægum upplýsingum um efnahag og fjármál viðkomandi ríkis, fyrr en í algjört óefni var komið. Þegar svo var komið gat ekkert fyrirbyggt að fjármagnsflótti brysti á með tilheyrandi afleiðingum fyrir vexti, gengi og verð hlutafjár. Því liggur fyrir að ríki, sem vilja vera fullgildir þátttakendur í alþjóðafjármálakerfinu, til dæmis í gegnum aðgang að alþjóðlegum lánamarkaði á bestu kjörum, verða að opna bækur sínar svo rækilega að umheimurinn geti sannreynt að efnahagur og fjármál, þar á meðal fjárhagur bankakerfa, séu í góðu horfi. Á þessu sviði er hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að setja staðla og fylgja því eftir að einstök ríki fari eftir þeim.

Á fundi sínum í Doha í Katar í desember 2001 ýtti Alþjóðaviðskiptastofnunin úr vör nýrri lotu samninga-  
viðræðna um aukið frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Í þessari lotu munu augu manna beinast mjög að alþjóðaverslun með landbúnaðarvörur og vinnuafslfrekar vörur og svo þjónustu af ýmsum toga. Skili þessar viðræður tilætluðum árangri er hugsanlegt að þær gefi vexti heimsverslunar frekari innspýtingu á næstu árum. Jafnframt ættu þróunarríki að njóta góðs af. Um tímasetningar er erfitt að spá, því að viðræðuloturnar hafa með tímanum orðið æ flóknari og yfirgrípsmeiri.

Íslendingar munu áfram njóta góðs af þátttöku í starfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðaviðskipta-  
stofnunarinnar. Mestu varðar þó þróunin í Evrópusambandinu, en þangað beinist stærsti hluti utanríkis-  
viðskipta þjóðarinnar.

Mikil tíðindi urðu í Evrópusambandinu í upphafi árs 2002 þegar tólf af fimmtán aðildarríkjum sambandsins lögðu endanlega niður eigin gjaldmiðla og evruseðlar og evrumynt voru sett í umferð. Þessi myntbreyting markar lokaskrefið í stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu sem stefnt hefur verið að leynt og ljóst um áratuga skeið. Gjaldmiðilsbreytingin hefur gengið svo snurðulaust að undrum sætir og eru vaxandi líkur á því að Danmörk, Svíþjóð og jafnvel Bretland endurskoði þá afstöðu sína að standa utan myntbandalagsins. Þótt gjaldmiðilsbreytingin hafi verið snurðulaus hefur gengi evrunnar ekki styrkst svo neinu nemi og er það enn meira en fjórðungi undir upphaflegu gildi í ársbyrjun 1999.

Vonir standa til þess að þegar til lengdar lætur auki evran hagvöxt í Evrópusambandinu og þar með spurn eftir íslenskum vörum. Ekki er tryggt að þetta gerist í bráð því að Seðlabanki Evrópu á enn eftir að sanna hagstjórnarlist sína, þótt enginn efist í raun um ásetning bankans að halda verðbólgu í skefjum. Þá er enn við margvísleg kerfislæg vandamál að etja innan Evrópusambandsins sem halda aftur af hagvexti. Þar má nefna skort á samkeppni á markaði fyrir vörur og þjónustu en einnig ósveigjanleika á vinnumarkaði.

Næsta stóráttak Evrópusambandsins verður að öllum líkum fjölgun aðildarlandanna. Margt bendir til að í lok þessa árs muni Evrópusambandið taka ákvörðun um fjölgun aðildarríkjanna um allt að tíu. Einkum eru það lönd í Austur-Evrópu og við Miðjarðarhaf sem munu bætast í hópinn. Það blasir því við að aðildarríkjum fjölgi mikið á komandi árum, hugsanlega verða þau orðin 25 eftir tíu ár, og sennilegt er að flest, ef ekki öll þeirra, muni jafnframt taka upp evruna sem gjaldmiðil sinn í fyllingu tímans. Við bætist að líklegt verður að teljast að þau aðildarríki Evrópusambandsins sem nú standa utan myntbandalagsins innleiði evruna fyrr en síðar.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) tryggir í velflestum atriðum samskipti Íslendinga við Evrópusambandið hvað varðar viðskipti með vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafsl. Við verðum hins vegar að vera vel á varðbergi og sækja það fast að endurnýja EES-samninginn eftir því sem þörf krefur, í því stækkunarferli sem nú er framundan hjá Evrópusambandinu. En óvíst er að EES-samningurinn sé skynsamleg umgjörð samskipta okkar við Evrópusambandið til lengri tíma. Kemur þar meðal annars til að svo kann að fara að ekki verði gagnkvæmur áhugi á reglubundinni endurnýjun hans. Einnig gæti vaxandi óánægja fylgt því að taka við tilskipunum frá Evrópusambandinu, án þess að geta lagt orð í belg á undirbúningsstigi þeirra, eða hafa yfirleitt nokkuð um þær að segja. Þessi vafi gildir auðvitað einnig um Noreg, enda hefur umræða um þennan þátt færst í vöxt þar í landi að undanfögnu. Þessi þáttur kann að ýta undir þau sjónarmið að í raun sé aðeins um tvo kosti að velja í framtíðinni: að gerast fullgildir aðili að Evrópusambandinu eða standa utan þess.



Eins og rakið hefur verið hér á undan blasir við að kennileitin í næsta efnahagsumhverfi okkar muni breytast mikið á næstu tíu árum eða svo. Þar mun tvennt líklega skipta mestu máli. Annars vegar fjölgun Evrópusambandsríkja og hins vegar upptaka evrunnar. Þannig verða að teljast miklar líkur á að ríki Evrópusambandsins verði orðin allt að 25 á árinu 2012 og evran verði gjaldmiðill nær allra aðildarríkjanna. Þetta er sú framtíðarmynd sem við þurfum að búa okkur undir. Því er brýnt að skoða gaumgæfilega hvernig tengslum okkar við Evrópusambandið verður best fyrir komið ef þróunin verður í þessa veru. Á meðan á þeirri skoðun og umræðu stendur er mikilvægt að búa svo um hnútana að við verðum í stakk búin til að gerast aðilar að Evrópusambandinu, verði það talið æskilegt í fyllingu tímans.

## **2.6 Horfur í heimsbúskapnum**

Heimsbúskapurinn er um þessar mundir í mikilli lægð og hafa veður skipast skjótt í lofti. Að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var hagvöxtur í heiminum árið 2000 með allra mesta móti, eða nálega 5% en árið 2001 hafði hægt á hagvextinum um helming og var hann kominn niður fyrir 2,5%. Það er einkar athyglisvert við þessa efnahagslægd að hún sækir samtímis að flestum ef ekki öllum heimshlutum. Þetta undirstrikar enn hversu samtvinnnaður heimsbúskapurinn er orðinn í gegnum milliríkjavæslu og fjármagnsflæði. Hryðjuverkaárásin á Bandaríkin 11. september 2001 jók til muna kraftinn í niðursveiflunni þar í landi og víðar um heim á síðari hluta ársins 2001 og í ársbyrjun 2002.

Horfur í heimsbúskapnum eru venju fremur óvissar um þessar mundir. Stafar sú óvissa bæði af því hversu samstillt og kröftug niðursveiflan er og af því að ekki eru öll kurl komin til grafar varðandi áhrif hryðjuverkaárásarinnar og eftirleiks hennar á efnahagsframvindu í Bandaríkjunum og í umheiminum. Þá hafa komið fram grunsemdir um það að nýlegar hugmyndir um „nýja hagkerfið“ svo kallaða, sem fengu byr undir báða vængi á síðasta áratug, hafi verið lítið meira en talsýn sem hafi mestan part verið byggð á óskhyggju. Til að varpa nokkru ljósi á hvert hugsanlega stefnir í heimsbúskapnum og hvernig ytra umhverfi íslenska þjóðarbúskaparins muni líta út á næstu árum, er rétt að fjalla nokkuð um aðdraganda núverandi efnahagslægdar og hvernig stjórnvöld, sérstaklega í Bandaríkjunum, hafa brugðist við henni. Drepið verður á þátt hins nýja hagkerfis og áhrif hryðjuverkaárásanna bæði í bráð og lengd.

Á síðari helmingi tíunda áratugar tuttugustu aldar naut kenningin um nýja hagkerfið mikillar hylli, sérstaklega í Bandaríkjunum. Í nýja hagkerfinu átti hagvöxtur að vera örari en áður og verðbólga lægri. Talið var að þetta stafaði af víðtækri framleiðniaukningu sem fylgdi tækniframförum í úrvinnslu og miðlun upplýsinga. Hagnaðarvon í atvinnulífinu var því góð og fjárfesting, sérstaklega í tölvum og fjarskiptabúnaði, var að sama skapi mikil. Einnig hækkaði verð hlutabréfa mjög og þá ekki síst í hátæknifyrirtækjum. Ævintýralegur pappírsausur myndaðist á örskömmum tíma og var kannski ekki nema von að ýmsir héldu að nýir tímar væru runnir upp.

Eitt lengsta uppgangsskeið eftirstríðsáranna fór að fjara út er á daginn kom að hagnaðurinn lét á sér standa og ljóst varð að offjárfest hafði verið og það svo um munaði. Þá hrundi einnig hlutabréfaverð, og þá sérstaklega það sem hafði hækkað mest, einmitt í hátæknigeiranum. Ekki er alls kostar ljóst hvað hratt þessari atburðarrás af stað, en ekki er ólíklegt að endurteknar vaxtahækkningar bandaríska seðlabankans síðla árs 1999 og á árinu 2000, sem gripið var til í því skyni að hægja á uppganginum, og hækkandi heimsmarkaðsverð á olú á árinu 2000, hafi átt þar hlut að máli. En þegar búið var að stinga á blöðrunni, gat ekkert komið í veg fyrir að hún félli saman, ekki einu sinni ítrekaðar vaxtahækkningar á árinu 2001. Væntingar neytenda og fyrirtækja í Bandaríkjunum og víðar urðu svo fyrir frekara áfalli við hryðjuverkaárásina 11. september 2001, sem hnykkti enn á niðursveiflutilhneigingum í heimsbúskapnum.

Hvað sem öðru líður er ljóst að nýja hagkerfið er ekki ónæmt fyrir hagsveiflum. Eftir stendur samt sú spurning hvort framfarir í upplýsingatækni hafi í för með sér að hraði framleiðniaukningar muni um langt skeið verða örari en síðasta aldarfjórðunginn eða svo. Að svo stöddu er ekkert einhlítt svar til við þessari spurningu. Minni ástæða er samt til bjartsýni um svarið en var til skamms tíma. Þannig virðist framleiðniaukning tengd framförum í tölvu- og fjarskiptatækni að mestu hafa verið einskorðuð við Bandaríkin. Þar í landi virðist svo framleiðniaukningin hafa verið ofmetin, annars vegar vegna ófullkominna talnagagna og hins vegar af því að mæld framleiðniaukning speglaði að hluta styrk uppsveiflunnar. Nokkur ár þurfa að líða áður en endanlegt svar fæst við þessar spurningu.

Manntjón og eignatap af völdum hryðjuverkaárásarinnar á New York og Washington var gríðarlegt en þó afar smátt í hlutfalli við mannfjölda og auð Bandaríkjanna. Stærstu áhrifin komu fram í væntingum neytenda og fjárfesta. Almenn eftirspurn dvínaði og hlutabréfaverð snarféll í fyrstu. Það sýnir hins vegar innri styrk bandaríska hagkerfisins að nokkrum mánuðum eftir hryðjuverkaárásina virðist sem neytendur hafi að langmestu leyti endurheimt trú sína á framtíðina og almennt hlutabréfaverð er orðið hærra en það var 10. september 2001. Það virðist því blasa við að efnahagsleg áhrif hryðjuverkaárásarinnar verði næsta takmörkuð þegar til langs tíma er litið. Þetta á við um áhrifin á hin stærri hagkerfi og heimsbúskapinn í heild. Ljóst er að einstaka atvinnugreinar, eins og flugsamgöngur og ferðamannaíðnaður, verða lengi að rétta úr kútnum og það sama á við um ríki sem mjög reiða sig á þessar greinar.

Horfur eru á að heimsbúskapurinn byrji að rétta úr kútnum síðla árs 2002 og að uppsveifla sæki í sig veðrið árið 2003. Þessu til staðfestingar benda menn á þá miklu tilslökun sem gerð hefur verið í peningamálum í Bandaríkjunum og í Evrópu og að ýmislegt bendir til þess að botninum hafi verið náð í iðnframleiðslu í Bandaríkjunum. Áhættuþættirnir eru þó margir. Ekki er fyllilega ljóst hvernig neytendur í Bandaríkjunum, sem eru gífurlega skuldsettir, bregðast við væntanlegum hækkandi atvinnuleysistölum á næstu mánuðum. Þá halda ýmsir því fram að hlutabréfaverð sé enn mjög hátt á sögulegan kvarða og tiltölulega lítið þurfi út af að bregða til að það hríðfalli. Í Evrópu eru vonir bundnar við að kerfisbreytingar á vöru- og vinnumarkaði geti orðið efnahagslífi lyftistöng en óvíst er um árangur. Í Japan eru gríðarleg vandamál í bankakerfinu óleyst. Einnig er ójafnvægi af ýmsum toga enn við lýði í heimsbúskapnum. Þar er aðallega um að ræða kerfislægan viðskiptahalla Bandaríkjanna og hátt gengi Bandaríkjadals sem varla fæst staðist til lengdar. Því er óvarlegt að telja víst að framundan sé snurðulaust tilhlaup að næstu uppsveiflu. Þá er heldur ekki víst að næstu uppsveiflu fylgi jafnhöfugir tímar og ríktu er dró að síðustu aldhvörfum.

### 3. Íslenskt athafnalíf og hnattvæðing

Hnattvæðing íslensks athafnalífs á bæði við um aukin umsvif erlendra fyrirtækja á Íslandi og aukin umsvif íslenskra fyrirtækja erlendis. Þannig snýst hnattvæðing hins íslenska þjóðarþúskaðar ekki síður um að opna fyrir erlenda fjárfestingu hérlendis en að íslensk fyrirtæki haldi í viking til útlanda, eða m.ö.o. um samkeppnishæfni íslensks samfélags í heild. Árangur í hnattvæðingu byggist þannig á því hvort íslensk fyrirtæki hafi eitthvað fram að færa á erlendum mörkuðum, en ekki síður á því hvort Ísland hafi eitthvað að bjóða erlendum fyrirtækjum. Einn mælikvarði á slíkt er samkeppnishæfni einstakra ríkja. Má og segja að mikilvægur þáttur í þessu efni sé hvort og þá hvernig atvinnulífinu eða stjórnvöldum tekst að laga sig að hinu alþjóðlega umhverfi og nýta sér þau tækifæri sem hnattvæðingin skapar.

#### 3.1 Samkeppnishæfni

Hinn virti prófessor við Harvard háskóla, Michael E. Porter, hefur ritað mikið um samkeppnishæfni fyrirtækja og þjóða. Porter stóð fyrir umfangsmikilli athugun á þeim þáttum er sköpuðu einstökum ríkjum samkeppnisforskot.<sup>2</sup> Niðurstaða Porters var sú að samkeppnisstaða ríkja væri nokkuð sem ríki fengju ekki í arf. Atriði eins og hvernig vinnumarkaðurinn væri uppbyggður, hvert vaxtastigið væri og hvernig gengisskráningu væri háttað væru vissulega mikilvæg en meginmáli skipti þó hæfni fyrirtækjanna til nýsköpunar og þróunar. Porter bendir hins vegar á að engin þjóð geti haft forystu á öllum sviðum samkeppni. Þjóðir skapi sér samkeppnisforskot í þeim greinum þar sem umhverfið heima fyrir býður upp á mestu framsýnina, sveigjanleikann og kröfurnar.

Það er ljóst að Íslendingar eru auðugir að fallvötnum og jarðhita og búa við gjöful fiskimið. Fyrirtæki í greinum sem tengdar eru þessum auðlindum hafa nýtt að nokkru tækifæri erlendis og sömuleiðis hafa erlend fyrirtæki nýtt færi tengd þessum auðlindum á Íslandi. Meðal fjárfestinga erlendis má þar nefna fjárfestingar sölu- og markaðsfyrirtækja fyrir sjávarfang, fjárfestingar í erlendum útgerðum og sölu á verkunnáttu og verkfræðiþjónustu tengdri jarðhita, en hér heima fjárfestingar í áliðnaði og járnblendiframleiðslu.

Samkvæmt erlendum samanburðarrannsóknnum<sup>3</sup> á hag landa skiptist auður Íslands á eftirfarandi hátt:

- 56% náttúruauðlindir
- 29% mannauður
- 15% fjármagn

Mestur auður þjóðarinnar liggur þannig í náttúruauðlindunum en jafnframt er mannauðurinn þungur á metunum.

Margar skýrslur hafa verið samdar þar sem reynt er að meta samkeppnisstöðu og samkeppnishæfni einstakra ríkja út frá ákveðnum atriðum í efnahagslífi þeirra. VSÍ og Samtök iðnaðarins, í samvinnu við UNICE, gáfu á árinu 1998 út skýrslu um samkeppnishæfni Íslands og annarra Evrópuríkja.<sup>4</sup> Í þeirri skýrslu kom fram að samkeppnisstaða Evrópuríkja hafi farið versnandi undanfarna áratugi. Til þess að bæta samkeppnishæfni ríkja voru taldir fram eftirfarandi þættir sem stuðlað gætu að því:

- bætt viðskiptaumhverfi
- aukin hagkvæmni og skilvirkni í opinberum rekstri
- minni kvaðir á fyrirtæki
- skilvirkari vinnumarkaður

Það kom einnig fram í skýrslunni að þótt staða Íslands væri ásættanleg mætti gera enn betur á mörgum sviðum.

Árlega gefur IMD<sup>5</sup> út mat sitt á samkeppnisstöðu 49 ríkja í heiminum. Í úttekt stofnunarinnar fyrir árið 2001 kemur fram að Ísland telst í 13. sæti, samanborið við 21. sæti árið 1997, en hafði fallið úr því níunda árið 2000. Þótti staða Íslands sterk varðandi innviði landsins og rekstur fyrirtækja, en staða í efnahagsmálum var talin lakari.

Hér á eftir verða rædd nokkur þau atriði er mestu skipta varðandi hnattvæðingu íslensks efnahagslífs. Staða Íslands í alþjóðlegu umhverfi verður fyrst rædd, þá mannaður þjóðarinnar, staða menntamála, rannsókn- og þróunarstarfsemi og vinnumarkaðsmál. Því næst verður fjallað um fjárfestingarumhverfið og útrás einstakra fyrirtækja og atvinnugreina í því skyni að gefa mynd af því hvernig íslenskt atvinnulíf hefur nýtt sér þau tækifæri sem hnattvæðingin hefur í för með sér. Að lokum verður vikið sérstaklega að íslenskum fjármálamarkaði.

### 3.2 Ísland í alþjóðlegu umhverfi

Á undanförunum tveimur áratugum hefur Ísland stöðugt færst nær alþjóðlegu umhverfi á flestum sviðum efnahagslífsins. Stærsta skrefið var þó tekið þegar Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) 1. janúar 1994. Það fól í sér frjálst viðskipti með vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafli í viðskiptum við aðildarríki Evrópusambandsins, Noreg og Liechtenstein. Aðildin að EES hefur breytt mjög mörgu í íslensku efnahagslífi. Óhætt er að fullyrða að enn er ekki séð fyrir endann á þeim breytingum, þar sem samningurinn er í sífelldri þróun. Felst þróunin í því að með reglulegu millibili eru teknar nýjar reglur inn í samninginn. Er unnt að slá því föstu, að sem viðskiptasamningur er hann enn að skila Íslendingum verulegum ávinningi og skapar enn grundvöll til útrásar og frekari uppbyggingar í íslensku atvinnulífi. Á hinn bóginn veldur það ákveðnum áhyggjum, að ýmsar þær breytingar sem orðið hafa á vettvangi ESB undanfarin ár, virðast vera til þess fallnar að veikja ýmsa grunnþætti samningsins auk þess sem þessar breytingar kunna til lengri tíma að hamla frekari þróun hans. Að sama skapi virðast sem pólitískar stoðir samningsins hafi að ýmsu leyti veikst sem helst m.a. í hendur við aukna áherslu ESB á málefni ríkja Mið- og Austur Evrópu sem sótt hafa um aðild að ESB.

Annað meginskref í átt til samræmingar reglna á ýmsum sviðum viðskipta við önnur lönd, felst í aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO). Hlutverk WTO er að fjalla um ýmsar grunnreglur sem gilda í alþjóðlegum viðskiptum en aðildarríki stofnunarinnar í byrjun árs 2002 voru 144. Þau svið sem stofnunin vinnur að samræmingu reglna á eru m.a. viðskipti með vörur og þjónustu. Margt bendir til þess að mikilvægi WTO muni aukast á næstu árum og að sama skapi áhrif stofnunarinnar á þróun í alþjóðaviðskiptum. Kemur þar tvennt til. Annars vegar má nefna að unnt er að leita úrlausna um ágreiningsefni á vettvangi stofnunarinnar. Úrskurðarnefndir á vettvangi hennar hafa m.a. fjallað um deilur ESB og Bandaríkjanna. Hins vegar hafa ráðherrar aðildarríkjanna nýverið ákveðið að hefja nýjar viðræður um frekari þróun alþjóðaviðskipta en áætlað er að þeim ljúki árið 2005. Er ástæða til að ætla að þær viðræður muni leiða til enn frekari tilslakana á viðskiptahöftum. Ísland hefur á vettvangi WTO beint sjónum sínum að því umhverfi sem skapað er fyrir helstu útflutningsvörur Íslands, sjávarafurðir. Auk þess hefur Ísland lagt áherslu á að verja sérstöðu íslensks landbúnaðar og skipað sér í hóp ríkja sem leggja áherslu á að til fleiri þátta sé að líta í þeim efnunum en viðskiptalegra þátta. Jafnframt hefur Ísland skipað sér framarlega í flokk þeirra ríkja sem berjast fyrir því að á vettvangi WTO skuldbindi ríki sig til þess að fella niður ríkisstyrki til sjávarútvegs. Í ljósi þeirra margvíslegru breytinga sem orðið hafa í íslensku efnahagslífi á undanförunum árum er nú mikilvægt að Ísland fylgist glögggt með þróun mála á öðrum sviðum WTO. Má þar nefna annars vegar þróun reglna um þjónustuviðskipti, sem munu t.d. þjóna ört vaxandi starfsemi íslenskra fjármála- og hugbúnaðarfyrirtækja Hins vegar er um að ræða þróun reglna er kunna að snerta þekkingariðnað sem byggst hefur upp á Íslandi undanfarin ár s.s. lyfjaiðnað og erfðarannsóknir. Þar verður t.d. að gæta að þáttum er snúa að höfundarétti og markaðssetningu.

Á viðskiptasviðinu ber einnig að nefna þá hröðu þróun sem orðið hefur í gerð fríverslunarsamninga á vettvangi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Lokið hefur verið við gerð 18 fríverslunarsamninga og fleiri samningar eru í burðarliðnum. Þessir samningar eru mikilvægur grundvöllur fyrir opnun nýrra markaða fyrir íslenska framleiðslu erlendis. Vissulega eru þeir samningar, sem hér um ræðir, mismikilvægir eftir markaðssvæðum en þeir eiga það allir sammerkt að skapa tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki sem ella ættu erfiðara um vik að athafna sig á mörkuðum þessara ríkja. Á þessu stigi má fullyrða að lok fríverslunarsamnings við Kanada, sem lengi hefur verið á lokastigi, muni til lengri tíma varða íslenska hagsmunu miklu.

Nú bendir margt til þess að í lok formennsku Danmerkur í Evrópusambandinu í desember 2002, muni ESB taka þá ákvörðun að frá og með 2004 verði ríkjum ESB fjölgað um allt að 10 ríki.<sup>6</sup> Stækkun ESB felur um leið í sér stækkun EES-svæðisins og þar með innri markaðarins. Skapast með því aukin tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf til fjárfestinga og starfsemi innan þessara nýju ríkja. Á hinn bóginn er sá galli á gjöf Njarðar, að fríverslunarsamningar sem EFTA-ríkin hafa gert við þessi ríki, munu um leið falla úr gildi og viðskiptakjör þau sem gilda samkvæmt EES-samningnum taka við. Á sviði sjávarafurða eru þau kjör óhagstæðari en núgildandi fríverslunarsamningar. Verði ekki tryggt að bætur komi af hálfu ESB fyrir missi þessara samninga mun það hafa neikvæð áhrif á möguleika íslenskra fiskútflýjtjenda til að afla nýrra markaða í Austur-Evrópu. Norðmenn hafa á undanförunum árum búið sig undir þessa stöðu með því að styrkja mjög markaði sína í Austur-Evrópu, en í ljósi reynslunnar kann það að auka líkur þeirra til að fá tollfrjálsa innflutningskvóta inn til ESB.

Hér á landi hafa einnig verið stigin skref að undanförunu sem laga íslenskt atvinnulíf að harðari samkeppni á erlendum mörkuðum. Ber þar hæst nýlegar skattbreytingar sem ætla má að muni til lengri tíma litið styrkja stöðu Íslands sem ákjósanlegt svæði til fjárfestinga.

### 3.3 Mannauður

Eins og kom fram hér að framan er mannaúður talinn okkar helsta auðlind ef náttúruauðlindir landsins eru frátaldar. Segja má að í mannaúði sé fölginn hinn skapandi kraftur og geta til nýsköpunar, endurmótunar og lærdóms í þeirri starfsemi sem um ræðir hverju sinni.<sup>7</sup> Mannauður er því afstætt hugtak og hlutur einstaklinga í mannaúði getur verið mikill eða lítill, allt eftir vægi framlags þeirra í þeirri verðmætasköpun sem um ræðir. Almenna reglan er að meiri menntun og þjálfun einstaklings geri hlutdeild hans í mannaúði samfélagsins stærri. Heildaráhrifin eru þau að bætt menntun og þjálfun einstaklinga hefur jákvæð áhrif á verðmætasköpunina í viðkomandi þjóðfélagi.<sup>8</sup>

Margt bendir til þess að vægi mannaúðs í samkeppnishæfni þjóða muni fara vaxandi. Þetta á ekki síst við um þau ríki sem teljast þróuð því að hnattvæðingin felur í sér að, framleiðsla, sem ekki er byggð á sérþekkingu eða sérstökum staðbundnum aðstæðum, mun laga sig að eða víkja fyrir framleiðslu við þær aðstæður þar sem aðföng eru hagkvæmari. Því meiri mannaúði sem þjóðfélag býr yfir, þeim mun meiri líkur eru á að verðmætasköpun og framleiðni verði meiri og markaðsstaðan á alþjóðavísu betri. Þetta ber ekki síst að hafa í huga þegar aðstæður á heimsvísu eru þannig að verðmætasköpun, fyrir tilstilli þjónustuháttanna í starfsemi framleiðslufyrirtækja og þjónustugreina þjóðfélaga, er stöðugt vaxandi. Rætt eru um þjónustuhagkerfið, upplýsingasamfélagið eða þekkingarþjóðfélagið. Lykillinn að því að njóta ávinnings af þessari þróun er að huga að forsendum og getu til að tvinna sem best saman nýtingu mannaúðs og nýjustu tækni í þjóðarbúskapnum.

Við fyrstu sýn virðist fátt benda til að Íslendingar beri af öðrum þjóðum hvað varðar menntun og tækni. Segja má að fólksfæðin ein og sér setji þekkingarþjóðskapnum vissar skorður auk þess sem lítill heimamarkaður stendur rannsóknastarfsemi fyrir þrífum. Á hinn bóginn má ekki líta fram hjá því að sérstaða okkar getur einnig orðið okkur til framdráttar. Smæð þjóðarinnar og frjálsræði í uppeldismálum hefur það í för með sér að Íslendingar eru upp til hópa sjálfstæðir í hugsun og ætla má að það sé mikilvæg forsenda fyrir eflingu mannaúðs. Vegna smæðar og einangrunar hafa Íslendingar löngum leitað menntunar víða erlendis og flutt þekkinguna heim. Þetta gerist ennþá í miklum mæli og er afar þýðingarmikið því að þannig má ná saman hér á landi mörgum þekkingarstraumum, og það eitt og sér ýtir undir þekkingarsköpun. Samhliða hafa menntastofnanir hér á landi eflst og alþjóðlegt starf þeirra aukist sem er lykilmátt við að bæta menntun í landinu og efla mannaúðinn í heild. Þessi menningareinkenni hefur verið hægt að nýta á jákvæðan hátt hjá innlendum fyrirtækjum, sbr. þróunina í hátækni- og líftækniíðnaði, og einnig sem hvata fyrir erlend fyrirtæki að setja upp framleiðslu hér á landi. Hugsanlega eiga Íslendingar vannýtt tækifæri í að efla hátækni- og þekkingariðnað í landinu.

Í skýrslu IMD um samkeppnishæfni Íslands er sagt að mannaúðurinn sé einn af styrkleikum landsins. Það bendir til þess að í enn betri nýtingu mannaúðsins séu fölgin sóknarfæri sem aftur leiðir hugann að því hvernig búið er að eflingu og viðhaldi mannaúðsins.

### 3.3.1 Menntamál

Vísendingar eru í þá átt að mannauður á Íslandi hafi verið að aukast síðustu ár. Í könnun, sem gerð var við New York háskóla, þar sem reynt var að meta mannauð nokkurra landa árið 1985 út frá meðalskólagöngu vinnuafslins, kom fram að mannauðurinn væri rúmlega 8,6 ár:<sup>9</sup>

<i>Land</i>	<i>Meðalskólaganga vinnuafsl, ár</i>
<i>Bandaríkin</i>	<i>12,1</i>
<i>Japan</i>	<i>9,5</i>
<i>Þýskaland</i>	<i>10,3</i>
<i>Noregur</i>	<i>9,2</i>
<i>Svíþjóð</i>	<i>9,6</i>
<i>Finnland</i>	<i>10,8</i>
<i>Frakkland</i>	<i>9,5</i>
<i>Ísland</i>	<i>8,6</i>
<i>Bretland</i>	<i>8,5</i>
<i>Danmörk</i>	<i>6,9</i>

Samkvæmt þessari könnun var mannauður á Íslandi einna lægstur á Norðurlöndunum árið 1985, að Danmörku einni undanskilinni. Ef taka á niðurstöður könnunarinnar trúanlegar, hafa Íslendingar yfir svipuðum mannauði að ráða og Bretar, Austurríkismenn, Filippseyingar og Grikkir.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands stóð fyrir rannsókn á þróun mannauðs á Íslandi árið 1994 og það var niðurstaða stofnunarinnar að á árunum frá 1957-1994 hafi mannauðurinn vaxið úr 6 árum í 10 ár. Þetta er vísending um að mannauður hafi aukist hér á landi.

Í skýrslu frá OECD sem gerð var opinber 2001 um skólagöngu fólks á aldrinum 25-64 ára, kemur fram að á árinu 1999 höfðu 37% Íslendinga lokið grunnskóla að hluta eða öllu leyti, 40% höfðu lokið framhaldsskóla og 23% háskóla eða starfsnámi á háskólastigi. Til samanburðar var meðaltalið í OECD 36% í fjölda þeirra sem höfðu lokið grunnskóla að hluta eða öllu leyti, 43% lokið framhaldsskóla og 22% sem lokið höfðu háskólanámi.<sup>10</sup>

Þessar mismunandi niðurstöður undirstrika að erfitt er að bera saman menntun í ólíkum löndum. Svo virðist sem ekkert vanti upp á fjölda prófgráða hjá íslenskum starfsmönnum en meðalskólagangan virðist vera styttri en víða annars staðar. Þessi munur kann að benda til að fjöldi stunda bak við hverja prófgráðu sé mismunandi milli landa. Þá er erfitt að meta mismunandi gæði menntunar milli landa eða hvernig námið nýtist á vinnumarkaði.

Á undanföllum árum hefur fjöldi starfandi einstaklinga á vinnumarkaði vaxið umtalsvert. Árið 1997 voru þeir 142.000, en árið 2000 voru þeir orðnir 156.400, næstum 20.000 fleiri en fyrir áratug. Á sama tíma hefur menntunarsamsetning hópsins breyst. Fjöldi þeirra sem lokið hafa háskólaprófi hefur vaxið jafnt og þétt á tímabilinu. Árið 1991 var þetta hlutfall um 11%, en var komið í 15,3% árið 2000. Meginástæða þess að háskólamenntuðu fólki hefur fjölgað á vinnumarkaði í heild er að þeim einstaklingum sem ljúka stúdentsprófi frá framhaldsskólum hefur fjölgað hlutfallslega. Hinn þátturinn, sem ekki skal vanmeta, er að aukið framboð menntunar frá eldri skólum hefur komið til og nýir skólar hafa verið stofnaðir. Þetta er þróun sem vísast heldur áfram. Má í þessu sambandi nefna t.d. uppeldis-, íþrótt- og kennaramenntun við Kennaraháskólann, nám við Listaháskólann, Landbúnaðarháskólann, Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann á Akureyri og nú síðast Háskólann í Reykjavík.

Stöðugur stígandi var í hlutfalli háskólamenntaðra, bæði meðal karla og kvenna. Árið 1991 var hlutfall háskólamenntaðra karla á vinnumarkaði 12,9%. Það hlutfall var komið í 16,2% áratugi síðar. Hlutfall kvenna á vinnumarkaði með háskólapróf var tæp 9% fyrir áratugi, en var komið í 14,3% árið 2000.



Ef miðað er við tölur frá Hagstofu Íslands, Landshögum, um fjölda þeirra sem stunduðu nám á háskólastigi haustið 2000, kemur í ljós að heildarfjöldi þeirra var 10.308. Af þessum fjölda var Háskóli Íslands fjölmennastur með 6.439 nemendur. Fjölmennustu námsgreinar voru haustið 2000 í viðskipta-, rekstrar- og hagfræði, samtals 2.229 nemendur; uppeldis-, íþrótt- og kennaramenntun 1.482, félagsvísindi 1.120, heimspeki 1.116, verk- og tæknifræði 1.006.

Fram undir mitt tímabilið, þ.e. til ársins 1995, fækkaði þeim sem einungis höfðu lokið grunnenntun og voru starfandi á vinnumarkaði, úr 41,9% í 38% og um leið fjölgaði þeim sem lokið höfðu starfs- og framhaldsmenntun (að undanskilinni háskólamenntun), úr 47,1% í 48,7%. Eftir það snerist þessi þróun við, þannig að árið 2000 höfðu fleiri einungis lokið grunnenntun (43,5%) en starfs- og framhaldsmenntun (41,2%).

Mikill munur er á körlum og konum í þessu sambandi, einkum að því er varðar hlutfall fólks með grunnenntun annars vegar og starfs- og framhaldsmenntun hins vegar.

Meðal karla voru 33,7% einungis með grunnenntun árið 1991. Þeim fór síðan hlutfallslega fækkandi ár frá ári til ársins 1995, þegar hlutfallið var 31,5%. Síðan snerist þróunin við aftur og árið 2000 var hlutfallið komið í 38,8%. Hlutfall þeirra sem höfðu starfs- og framhaldsmenntun var 53,6% árið 1991. Það fór upp í 55% árið 1991, en hefur síðan fallið niður í um 45%. Við upphaf áratugarins voru 51,6% kvenna á vinnumarkaði einvörðungu með grunnenntun. Hlutfallið fór niður í 44,8% árið 1995, reis síðan í 50% árið 1999 en var 48,9% árið 2000. Af eðlilegum ástæðum varð þróunin þveröfug hvað varðar hlutfall kvenna með starfs- og framhaldsmenntun. Það var 39,4% við upphaf áratugarins, fór upp í 41,9% árið 1996, en var komið niður í 36,8% árið 2000.

Gagnrýnt hefur verið að í raun hafi fólk um fáar námsleiðir að velja í íslensku menntakerfi. Áhersla sé lögð á bóklegt nám, en ýmiss konar iðnnám endi oft í blindgötu þar sem ekki séu möguleikar til framhaldsnáms. Einnig sé íslenskt iðnnám nær eingöngu miðað við að mennta handverksmenn en búi nemendur sjaldan undir önnur störf s.s. í stóriðju eða kenni fög sem snerti rekstur fyrirtækja og gæði framleiðslunnar, svo að dæmi séu nefnd.

Á síðustu árum og misserum hafa verið ýmis teikn á lofti um meiri fjölbreytileika í íslensku menntakerfi, sérstaklega á háskólastigi. Háskólastofnunum hefur fjölgað og meira ber á samanburði og samkeppni á milli skóla. Árið 2001 voru tæplega 70% nemenda á háskólastigi í Háskóla Íslands. Samkeppni um nemendur virðist mest á sviði viðskiptafræði og þar hefur þróunin verið ör á síðustu árum. Nám til BS-prófs í viðskiptafræði og skyldum greinum er í boði í fimm skólum og af nemendum sem leggja stund á viðskiptanám voru 2001 rúmlega 50% í Háskóla Íslands. Nám til MBA-prófs í viðskiptafræði er nú í boði í tveimur skólum, Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Háskóli Íslands reið á vaðið með MBA-nám haustið 2000 og Háskólinn í Reykjavík fór af stað í janúar 2001. Ljóst er að samkeppnin mun aukast enn því að Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur boðað að hann setji af stað MBA nám innan nokkurra mánaða.

Kennsla til MBA-prófs hér á landi er dæmi um áhrif hnattvæðingar á uppbyggingu mannaúds. Námsgráðan er alþjóðleg og í raun mjög stöðluð. Viðskiptaháskólar keppast um að fá slíkt nám vottað af alþjóðlegum samtökum. MBA-námið, reyndar eins og viðskiptafræðinám almennt, ýtir á margan hátt undir einsleitni þeirra sem ganga í gegnum það. Hér á landi er gengið lengra en nokkru sinni að þessu leyti, því að markvisst er unnið að því að fá erlenda kennara til að kenna nemendum. Þetta er skýrast hjá Háskólanum í Reykjavík sem reiðir sig á samstarf við erlenda skóla til þess að bjóða upp á námið. Háskóli Íslands byggir meira á eigin kennslukrafti, en hann leggur jafnframt mikla áherslu á að fá til landsins færustu kennara og sérfræðinga til að bæta við þau námskeið sem í boði eru. Þróunin er því á þann veg að komum erlendra gestakennara hingað til lands fjölgar og sömu sögu er að segja af fjölda erlendra skiptinema hér á landi. Dæmi um þetta er fjöldi erlendra stúdenta sem koma hingað á vegum Erasmus stúdentskiptaáætlunarinnar. Skólaárið 2001-2002 eru nemendurnir 140 talsins, en þeir voru 52 skólaárið 1995-1996. 2001-2002 fóru 153 íslenskir stúdentar til útlanda á vegum Erasmus en 1995-1996 voru þeir 103 talsins.

Sérstaklega ber að geta þróunarinnar á rannsóknartengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands, til MS eða MA-prófs. Þessi þróun á sér stað í öllum deildum skólans og fjöldi nemenda 2001-2002 sem sækir nám til annarrar eða þriðju háskólagráðu í Háskóla Íslands er 747 samkvæmt upplýsingum frá nemendaskrá H.Í. Þessi fjöldi hefur ekki verið meiri og þessi tala felur í sér þá nemendur sem leggja stund á nám til doktorsgráðu. Þýðing þessarar fjölgunar við þróun mannaúds, t.d. í sambandi við rannsóknarverkefni nemenda, er veruleg og mun skila ávinningi til þjóðfélagsins bæði beint og óbeint.

Rannsóknir benda til þess að Háskólinn á Akureyri hafi haft mjög jákvæða þýðingu fyrir þróun og eflingu menntunar og atvinnulífs víða um landið, ekki síst á Eyjafjarðarsvæðinu sjálfu. Meðal nýjunga þar er kennsla í upplýsingatækni og ferðamálafræðum. Mikill kraftur er í Viðskiptaháskólanum á Bifröst og þar er uppbygging í gangi og skólinn að víkka út starfsemina, nú síðast með því að fara af stað með BS-nám í viðskiptalögfræði. Háskólinn í Reykjavík hefur nýverið einnig hleypt af stokkunum lögfræðinámi til viðbótar við þróun á MBA-námi. Tækniskóli Íslands, sem í gegnum árin hefur vaxið og dafnað í takt við framþróun á sínu starfssviði, stendur nú frammi fyrir nýjum áskorunum með hugmyndum um eflingu hans sem Tækniháskóla.

Vert er að geta umsvifa Háskóla Íslands og annarra skóla á sviði endurmenntunar og styttri námsbrauta. Starfsemi á sviði endurmenntunar er enn í mikilli aukningu og fjöldi fyrirtækja hefur sótt inn á þennan markað. Einnig hefur Íslenska álfélagið hf., í samráði við Iðntæknistofnun, stofnað til náms fyrir starfsfólk í stóriðju í samvinnu við aðila á vinnumarkaði. Í ljósi þessa er umhugsunarvert hvort ekki sé rétt að stuðla að því að aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. bæði vinnuveitendur og stéttarfélög, standi í sameiningu að því að verknám á Íslandi taki betur mið af þróun iðnaðar í landinu og atvinnustarfsemi almennt. Með því móti gæti svipuð þróun hafist í menntun á sviði iðnaðar og handverks og gerst hefur á sviði viðskipta- og rekstrar-menntunnar.

Mörg dæmi eru um að fyrirtæki og stofnanir leggi umtalsverða fjármuni í starfsfræðslu og starfsþróun. Allt bendir til að þessi fjárfesting muni aukast enn og það eitt og sér er skýr vísbending um meðvitund stjórnenda um mikilvægi mannaúdsins fyrir árangur og samkeppnishæfni viðkomandi fyrirtækja og stofnana.

### **3.3.2 Rannsóknir og þróunarstarfsemi**

Íslendingar voru í 6. sæti OECD-ríkja árið 1999 hvað varðar samanlagðar fjárfestingar í rannsóknum og þróun og eru á skömmum tíma komnir fram úr flestum Evrópuríkjum.<sup>11</sup> Ef árin 1995 og 1999 eru borin saman, kemur í ljós að heildarframlög til rannsókna og þróunar uxu úr 7,5 milljörðum í 14,5 milljarða króna á sambærilegu gengi. Þessi framlög svara til þess að 2,3% af vergri landsframleiðslu var varið til þessa málaflokks árið 1999. Það eru einkum fyrirtæki sem komið hafa til sögunnar með verulegum fjárfestingum í nýrri þekkingu og tækni. Framlög fyrirtækjanna vaxa á þessu tímabili um 142 af hundraði. Á sama tíma hafa framlög erlendis frá fimmfaldast að verðmæti úr 333 millj. kr. í rétt rúma 2 milljarða og raunaukning hefur einnig orðið hjá opinberum stofnunum og háskólum. Sé hlutur hins opinbera skoðaður, er hann sambærilegur eða hærri en gerist hjá flestum þjóðum sem við berum okkur saman við, en hins vegar sýnir þróun undanfarna ára að hlutur ríkisins vex ekki hratt. Þetta þýðir að eigi að verða aukning þarf hún að koma frá atvinnulífinu. Hlutur atvinnulífsins af heildinni hefur vissulega tekið stakkaskiptum, en þar er þó að hluta til um að ræða tímabundnar fjárfestingar. Eigi að verða varanleg aukning í fjármögnun verkefna þurfa allar greinar atvinnulífsins að taka sig á. Hlutur atvinnulífsins er lægri hér á landi en meðal efstu landanna á lista OECD. Bráðabirgðatölur frá Rannís gefa vísbendingu um að árið 2001 séu Íslendingar komnir í fjórða sæti lista OECD.

Samkvæmt sömu skýrslu Rannís hefur mannafla sem leggur stund á rannsóknir og þróunarstarfsemi, fjölgað úr tæpum 1.700 árið 1995 í 2.390 árið 1999. Nokkur vöxtur hefur orðið eftir þetta og er ávinningur af því að tekist hefur að fá fjölmarga Íslendinga, sem hlotið hafa rannsóknarþjálfun og gegnt störfum erlendis, til þess að snúa aftur til Íslands.

Íslendingar hafa tekið öflugan þátt í fimmtu rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun 1998-2002. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um umfang þátttökunnar og er þess ekki að vænta



fyrir en síðar á þessu ári. Umsóknir, sem Íslendingar hafa átt aðild að eða verið í forsvari fyrir, eru orðnar fleiri en 260 og af þeim hafa 90 verið samþykktar. Aðild fyrirtækjanna er umtalsverð og eru hátt á þriðja tug fyrirtækja aðilar að þeim 90 verkefnum sem hingað til hafa hlotið styrk. Þegar á heildina er litið hafa íslenskir vísindamenn, sem stunda rannsóknir á lífsgæðum og náttúruauðlindum, átt mestu brautargengi að fagna en rannsóknir á orku og umhverfi fylgja í kjölfarið og þar á eftir koma rannsóknir í upplýsingatækni. Á tímabilinu, sem áætlunin stendur, koma 1.500 millj. kr. í hlut íslensku þátttakendanna en umfang verkefnanna sem þeir taka þátt í er vitaskuld margfalt meira.

Í fáum orðum má draga saman helstu breytingar sem orðið hafa í málefnum er varða rannsóknir og þróun hér á landi á liðnum árum. Segja má að málaflokkurinn hafi verið gerður sýnilegri með breytingu á framsetningu fjárlaga. Atvinnulífið hefur aukið til muna fjárfestingar sínar í rannsóknum og þróun. Áherslan hefur færst frá hefðbundnum atvinnugreinum yfir á heilbrigðisvísindi og hátækni. Nú er einnig lögð aukin áhersla á að byggja undir þjálfun vísindamanna og framhaldsnám að lokinni fyrstu háskólagráðu, til þess að tryggja að jafnan sé á að skipa nægjanlegum fjölda vísindamanna, í því skyni að takast á við verkefni sem þekkingarþjóðfélagið og aukin þátttaka í alþjóðasamstarfi flytur okkur.

### **3.3.3 Fyrirkomulag á vinnumarkaði**

Sveigjanleiki á vinnumarkaði er mikilvægur til að hægt sé að bregðast við sveiflum í starfsemi fyrirtækja og grípa ný tækifæri þegar þau gefast. Þegar staðan hér á landi er borin saman við önnur ríki í Evrópu, kemur í ljós að vinnumarkaðurinn hér á landi er sveigjanlegri sé litið til helstu mælikvarða, s.s. hindrana við uppsagnir, uppsagnarfrest, starfslokagreiðslur og óþægindi vegna reglna um málsmeðferð. Hér á landi þurfa fyrirtæki þó oft að semja við mörg stéttarfélög, sem leiðir til þess að samningagerðin verður erfiðari. Auk þess getur sú staða komið upp að fámennur hópur starfsmanna geti stöðvað starfsemi fyrirtækisins ef samningar nást ekki í kjaraviðræðum. Þó má fullyrða að sú þróun sem átt hefur sér stað með sameiningu stéttarfélaganna hafi aukið yfirsýn og ýtt undir mat á heildarhagsmunum. Hefur góður vinnufriður ríkt á almennum vinnumarkaði undanfarinn áratug, ef frá eru taldar kjaradeilur fiskimanna, sem hafa haft margvíslega sérstöðu m.t.t. mikilvægis fiskveiðanna og opinberrar íhlutunar í kjaradeilurnar.

Athyglisvert er að þótt segja megi að rammasamningar stærstu aðilanna á vinnumarkaði séu miðstýrðir, þá er líka þróun í átt til persónubundinnar launamyndunar og aukins vægis fyrirtækjaþáttar kjarasamninga.

Vinnutími starfsmanna í framleiðslugreinum er með þeim lengsta sem þekktist í Evrópu. Íslendingar vinna þó ekki lengur en ýmsar þjóðir utan Evrópu s.s. Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Japanir. Sú staðreynd virðist grafa undan þeirri útbreiddu skoðun að hægt sé að draga úr atvinnuleysi með því að stytta vinnuvíkuna, þar sem atvinnuleysið í Evrópu er mun meira en í Ameríku og Japan.

Reynslan frá fyrri hluta 10. áratugarins bendir til að íslenskur vinnumarkaður bregðist að minnsta kosti ekki verr við samdrætti en vinnumarkaður í öðrum Evrópulöndum. Almennar launahækkningar voru mjög litlar og minni en í flestum viðskiptalöndum Íslendinga, þó að atvinnuástand væri betra en í flestum þeirra. Auk þess virðist sem fyrirtæki í samkeppnisgreinum hafi getað dregið úr launakostnaði með því að draga úr yfirvinnu (en þá minnkar launakostnaður á vinnutíma).

### **3.4 Fjárfestingar<sup>12</sup>**

Meginástæður beinna erlendra fjárfestinga fyrirtækja eru í grófum dráttum tvær:

1. Betri aðgangur fyrirtækja að markaði í því landi (svæði) þar sem fjárfest er. Fjárfesting sem hefur þetta að meginmarkmiði hefur verið nefnd lárétt fjárfesting því að yfirleitt er um sams konar starfsemi að ræða á mismunandi markaðssvæðum.

2. Lækkun framleiðslukostnaðar og/eða meiri gæði framleiddrar vöru, t.d. með aðgangi að hlutfallslega ódýru og/eða hæfu vinnuafli, aðgangi að auðlindum, samstarfi við fyrirtæki í tengdum rekstri eða nálægð við svipuð fyrirtæki. Fjárfesting af þessu tagi hefur verið nefnd lóðrétt fjárfesting þar eð starfsemiinni er ætlað að sjá um ákveðinn hluta af framleiðsluferli fyrirtækisins fremur en að veita aðgang að ákveðnu markaðssvæði.

Þessar ástæður einar og sér eru þó ekki nægjanleg réttlætning beinnar fjárfestingar. Hugsanlega mætti ná sömu markmiðum með því að gera samninga við innlend fyrirtæki um framleiðslu í því landi sem fjárfestingin ætti sér annars stað. Í raun er hins vegar oft hagkvæmast fyrir fjárfestinn að sjá um framleiðsluna sjálfur. Hann kann að búa yfir mikilvægri þekkingu sem hann vill ekki eða örðugt getur verið, að láta öðrum í té. Ef til vill er ekki síður mikilvægt að bein fjárfesting getur gert rekstur sveigjanlegri og fyrirtæki þar með betur undir það búin að mæta breyttum aðstæðum en ef önnur fyrirtæki sjá um framleiðsluna.

Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi hefur nær eingöngu verið af lóðréttum toga og líklegt er að svo verði áfram. Íslenski markaðurinn er einfaldlega of lítill til þess að mörg erlend fyrirtæki vilji leggja út í þann fasta kostnað sem óhjákvæmilega fylgir fjárfestingu og innkomu á nýtt markaðssvæði. Þar með er ekki sagt að erlend fyrirtæki muni ekki í framtíðinni vera með rekstur hér á landi í þjónustu við íslenskan markað. Hins vegar er líklegt að þjónusta við markaðinn hér á landi verði ekki meginmarkmið fjárfestingarinnar, heldur möguleikar á bættri þjónustu við viðskiptavinum fyrirtækjanna á markaðssvæði þeirra.

Fjárfestingar íslenskra fyrirtækja erlendis hafa bæði verið af lóðréttum og láréttum toga. Í sumum tilfellum má segja að þær hafi verið hvort tveggja í senn, s.s. fjárfestingar Pharmaco, Marels og Össurar. Fjárfestingar fiskisölu-fyrirtækja og fjármála-fyrirtækja á erlendri grund hafa á hinn bóginn haft megineinkenni láréttra fjárfestinga svo dæmi séu nefnd.

Leiða má líkum að því að beinar fjárfestingar gagnist bæði fjárfestum og því landi eða svæði þar sem fjárfest er. Fjárfestar njóta framangreindra kosta. Framleiðni í hagkerfinu er einnig líkleg til að aukast. Að því tilskyldu að erlendir fjárfestar njóti ekki sérstakra ívilnana, verður framleiðni innlendrar starfsemi erlendra fyrirtækja að jafnaði að vera a.m.k. sú sama og innlendra fyrirtækja til þess að fjárfestingarnar verði arðbærar. Þá er líklegt að innlendir samstarfsaðilar njóti góðs af í aukinni framleiðni. Að auki neyðast samkeppnisaðilar til að auka hagkvæmni í rekstri. Þær fáu tiltæku athuganir er varða þróuðu ríkin benda til jákvæðs sambands milli beinna fjárfestinga og framleiðni innlendra fyrirtækja. Orsakasamband er þó örðugra að sýna fram á.

Bein fjármunaeign Íslendinga erlendis og erlendra aðila hér á landi er lítil í alþjóðlegum samanburði eins og nánari grein er gerð fyrir í köflum 3.4.1 og 3.4.2. Lítil bein fjármunaeign íslenskra fyrirtækja erlendis kann að nokkru leyti að vera skýrð með því að skammt er um liðið frá því að fjármagnsflutningar voru gefnir frjálssir til og frá landinu, en merkja má töluverða aukningu í fjárfestingu allra síðustu misseri. Eins og nefnt er hér að framan hefur bein fjárfesting erlendra aðila af láréttum toga verið lítil hér á landi. Mest af beinni fjárfestingu á heimsvísu er af þessu tagi og því þarf ekki að koma á óvart lágt hlutfall beinnar fjármunaeignar erlendra aðila hér á landi. Takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi hafa vafalaust einnig áhrif. Þá vinnur fjarlægð Íslands frá helstu mörkuðum gegn fjárfestingu erlendra aðila. Að síðustu er hugsanlegt að lítil bein fjárfesting hingað til skekki samkeppnisstöðu Íslands til að laða að erlend fyrirtæki, en rannsóknir benda til að fyrri fjárfesting hafi jákvæð áhrif á síðari fjárfestingar. Ísland býr á hinn bóginn yfir nokkrum mikilvægum kostum fyrir erlenda fjárfesta. Hér má nefna hagstætt rekstrarumhverfi fyrirtækja almennt, vel menntað vinnuafli, styrka innviði þjóðarbúskaparins, ríkulegar auðlindir og góða reynslu erlendra fjárfesta af fyrri verkefnum og samskiptum við stjórnmöld.

Rannsóknir sýna að hagvöxtur og efnahagslegur stöðugleiki, s.s. lítil og lítt breytileg verðbólga, hvetja til beinnar erlendrar fjárfestingar. Mikilvægt er því í þessu sambandi að varðveita stöðugleika undangengins áratugar. Á hinn bóginn virðast áhrif skattalegra ívilnana ekki eins augljós og ætla mætti. Bæði kannanir og hagrannsóknir benda til lítilla áhrifa þeirra á ákvörðun um fjárfestingu.<sup>13</sup> Að auki leiðir skattamismunur til ýmissar óhagkvæmni í hagkerfinu og því að öllu jöfnu vafasamt að beita henni til að laða að erlenda fjárfesta, þó að réttlæta megi hana í undantekningartilfellum. Almennt má búast við því að lækku tollamúra og opnara alþjóðlegt efnahagsumhverfi ýti undir beina lóðréttu fjárfestingu. Reynsla af inngöngu í viðskiptabandalög bendir til jákvæðra áhrifa á beina fjárfestingu. Þess ber þó að geta að ríki taka oft ýmis önnur umbótakref samhliða inngöngu. Líklegt er að innganga í Evrópusambandið hefði fremur jákvæð en neikvæð áhrif á beina fjárfestingu hér á landi. Óljóst er þó hversu mikil áhrifin yrðu í ljósi þess að íslenska

hagkerfið hefur þegar færst mjög í frjálsræðisátt á síðustu árum, hagstjórn er í mun fastari skorðum en áður og Ísland er fyrir aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Rannsóknir benda til þess að myntbandalög efla utanríkisviðskipti og leiða má líkum að því að upptaka evru hér á landi hefði jákvæð áhrif á beina fjárfestingu, hvort sem Ísland gerðist aðili að Evrópusambandinu eður ei.


### 3.4.1 Fjárfestingar hérlendis

Bein fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi er lág í alþjóðlegu samhengi (sjá mynd 3.1). Fyrri hluta síðasta áratugar var bein fjárfesting erlendra aðila vart mælanleg. Á tímabilinu 1996-2000 jókst bein fjárfesting hérlendis umtalsvert og var að meðaltali um 1,5% af vergri landsframleiðslu (VLF). Þetta er þó heldur lægra hlutfall en í ríkjum OECD, en á tímabilinu 1997-1999 var bein erlend fjárfesting í þeim að jafnaði um 2% af VLF. Vöxt beinnar erlendra fjárfestingar hérlendis á síðari hluta síðasta áratugar má rekja til stóriðju svo og umtalsverðar fjárfestingar í verslun, rannsóknar- og þróunarstarfsemi, matvælaframleiðslu og fjármálaþjónustu, en í síðastnefnda flokknum er að hluta um að ræða fjárfestingar erlendra eignarhaldsfélaga í eigu Íslendinga. Auk þess áttu sér stað smærri fjárfestingar í mörgum öðrum greinum svo sem hugbúnaðargerð. Bráðabirgðatölur benda til að beinar erlendar fjárfestingar hér á landi hafi numið tæpum 17 milljörðum króna á síðasta ári en það eru um 2,3% af landsframleiðslu.

Mynd 3.1.

### Bein fjármunaeign í hlutfalli af landsframleiðslu<sup>14</sup>

Heimild: IMF, SÍ, Seðlabanki Sviss og útreikningar Þjóðhagsstofnunar




Stóriðja vegur langþýngst í beinni fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi, með um 57% hlutdeild í árslok 2000. Hlutdeild verslunar er um 12%, rannsóknar- og þróunarstarfsemi 8%, fjármálastofnana ríflega 5% og matvælaframleiðslu 4%. Hluttur annarra greina samtals er um 14%. Í árslok 2000 var um þriðjungur beinnar erlendra fjármunaeignar hérlendis í eigu Svisslendinga, um fjórðungur í eigu Bandaríkjamanna, tíundi hluti í eigu fyrirtækja frá Danmörku og Lúxemborg (þ.m.t. eignarhaldsfélaga) og um 8% í eigu norskra fyrirtækja.

### 3.4.2 Fjárfestingar erlendis

Bein fjárfesting Íslendinga erlendis tók nokkrum stakkaskiptum á árinu 2000. Á tímabilinu 1990-1998 námu fjárfestingar íslenskra fyrirtækja erlendis að meðaltali einungis um 0,5% af VLF og voru ávallt innan við 1%. Árið 1999 hækkaði hlutfallið í 1,2% og árið 2000 var það ríflega 4,5%. Til samanburðar má nefna að á árunum 1997-1999 var bein erlend fjárfesting OECD-ríkja í heild að meðaltali um 2,5% af VLF. Bráðabirgðatölur fyrir árið 2001 sýna áframhaldandi mikla beina fjárfestingu erlendis, bæði í sögulegu samhengi og í samanburði við það sem gengur og gerist í löndum OECD. Var hún litlu minni en árið 2000 eða tæp 4% af landsframleiðslu. Hafa ber í huga að miklar sveiflur geta verið í fjárfestingum erlendis frá ári til árs. Sökum lítilla fjárfestinga erlendis þar til á allra síðustu árum er fjármunaeign Íslendinga í erlendum fyrirtækjum eðlilega enn tiltölulega lág í alþjóðlegu samhengi eða um 12% af VLF. Viða í OECD-ríkjum er hlutfallið um eða yfir fjórðungur af VLF eins og sjá má á mynd 3.1.

Samhliða aukinni útrás hafa fjárfestingarnar einnig orðið fjölbreyttari. Hlutdeild fjárfestinga í sjávarútvegi og tengdum greinum hefur farið lækkanði. Í árslok 2000 var um þriðjungur fjármunaeignar erlendis í sjávarútvegi og tengdum greinum, samanborið við nærri tvo þriðju hluta í árslok 1999. Fyrirtæki í margvíslegum iðnaði, verslun og fjármálaþjónustu hafa verið áberandi í erlendum fjárfestingum. Auk þess hafa Íslendingar stofnað eignarhaldsfélög með aðsetur erlendis og hafa veitt í það verulegar fjárhæðir. Að einhverju marki hafa eignarhaldsfélögin þó fjárfest í íslenskum fyrirtækjum og telst sú fjárfesting þá einnig til fjárfestinga erlendra fyrirtækja á Íslandi. Skiptingu fjármunaeignar erlendis eftir atvinnugreinum er lýst á mynd 3.2. Nánar er fjallað um útrás einstakra atvinnugreina í kafla 3.5. Mest hafa Íslendingar fjárfest í Bandaríkjunum en í árslok 2000 var þar tæpur fjórðungur erlendra fjármunaeignar. Fjárfestingar í fjármálafyrirtækjum og eignarhaldsfélögum skipa Lúxemborg í annað sætið á þessum lista en þar er tæplega fimmtungur beinnar fjármunaeignar erlendis og um 12% fjármunaeignarinnar er í Bretlandi. Ríflega 57% beinnar fjármunaeignar erlendis er í Evrópusambandinu í heild og 13% í öðrum Evrópulöndum.



### 3.5 Útrás einstakra atvinnugreina

Í skýrslu nefndarinnar frá árinu 1999 var vísað til samantektar Aflvaka hf. frá árinu 1995 um íslenska útrás. Í þeirri úttekt kom fram að fjölgun íslenskra og íslenskt tengdra fyrirtækja og starfsstöðva erlendis benti til margföldunar. Yfirlit, sem unnið var 1983, gaf vísbendingar um 60 starfsstöðvar erlendis, en athugun Aflvaka hf. á árinu 1995 benti til að starfsstöðvar hefðu þá verið orðnar 300 og þeim færi fjölgandi. Engin nýrri úttekt af þessu tagi liggur fyrir en aukin umfang beinna fjárfestinga erlendis á allra síðustu árum er til vitnis um aukna útrás.

Í þessum kafla skýrslunnar verður fjallað um útrás fyrirtækja á einstökum sviðum. Hefur nefndin aflað upplýsinga um þessi atriði með því m.a. að leita til hagsmunasamtaka á einstökum sviðum og til stofnana og samtaka sem aðstoðað hafa fyrirtæki við markaðssetningu á erlendum mörkuðum.

#### 3.5.1 Sjávarútvegur

Stærstur hluti fjárfestingar erlendis er í sjávarútvegi. Sjávarútvegsfyrirtækjum þeim sem stofnað hafa til starfsemi erlendis má gróflega skipta í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða fjárfestingar tengdar sölufyrirtækjum í sjávarútvegi og hins vegar fjárfestingar tengdar útgerðar- og framleiðslufyrirtækjum.

Að mati nefndarinnar er mikilvægt að horft verði með skýrum hætti til framtíðar að því er varðar aukna framleiðni í sjávarútvegi og að sama skapi til verðamætasköpunar á nýjum sviðum innan hans.

##### 3.5.1.1 Sölufyrirtæki í sjávarútvegi

Löng hefð er fyrir starfsemi íslenskra fiskisölufyrirtækja á erlendra grund sem einskorðaðist til að byrja með við sölu- og markaðsstarf.

Íslensku sölufyrirtækin SH og SÍF hafa breyst mikið í árána rás, en mesta breytingin er sennilega sú þegar þessum fyrirtækjum var breytt úr sölusamlögum í sölu- og markaðsfyrirtæki sem kaupa og selja sjávarafurðir á eigin forsendum. Það hefur m.a. orðið til þess að bæði þessi fyrirtæki stunda öflugt innkaupastarf, úrvinnslu og markaðsstarf sem hefur orðið til þess að hlutur sjávarafurða frá Íslandi í viðskiptunum hefur minnkað mikið á undanförunum árum. Hafa íslensku fyrirtækin með þessu hafið þátttöku á alþjóðlegum mörkuðum þar sem þau taka þátt í samkeppni um hráefni til frekari vinnslu á stöðum sem þau hafa yfir að ráða vítt og breitt um heiminn. Íslensku fiskisölufyrirtækin eru með starfsemi m.a. í eftirfarandi löndum: Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Spáni, Ítalíu, Grikklandi, Noregi og Brasilíu.

Stóru sölufyrirtækin hafa jafnframt tekið þátt í verkefnum erlendis þar sem sérþekking Íslendinga er nýtt á ýmsan hátt. Þannig hefur SÍF fjárfest í frumvinnslu í Namibíu og Kanada sem er uppspretta mikilvægra afurða fyrir sölukerfi félagsins. SH hefur tekið þátt í verkefnum við Viktoríuvatn varðandi vinnslu á nílarkarfa og hefur auk þess fjárfest í fyrirtækinu Scandsea sem rekur frystitogara í Rússlandi og skylda starfsemi. SH hefur jafnframt fjárfest fyrir verulegar upphæðir í Fishery Products Inc. (15% hlutur) í Kanada sem er á margan hátt svipað fyrirtæki og SH, auk minni fjárfestinga í High Liner Food í Kanada og Pescanova á Spáni.

### **3.5.1.2 Framleiðslufyrirtæki í sjávarútvegi**

Fjárfestingar framleiðslufyrirtækja í sjávarútvegi hafa frá því fyrri skýrsla nefndarinnar var gerð verið mjög takmarkaðar. Það sem hefur einkennt útrás þessara fyrirtækja er að í þeim tilvikum sem fjárfestingar hafa átt sér stað hefur gengið illa og eru fá dæmi þess að vel hafi tekist til. Skýringar á þessu eru mismunandi en án efa eru þær að sumu leyti hefðbundnar, svo sem þær að fjárfestar setja sig ekki nægilega inn í sérstöðu þeirra svæða þar sem kosið er að fjárfesta. Til viðbótar má svo nefna að í mörgum löndum lýtur sjávarútvegurinn ekki sömu lögmálum og aðrar greinar atvinnulífsins. Oft er lítið á sjávarútveg sem hliðaratvinnuveg sem getur skekkt myndina verulega. Þá má ekki vanmeta smæð íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja almennt sem leiðir til þess að erfiðara verður að takast á við viðamikil verkefni erlendis. Fyrirtækin eru berskjölduð fyrir áföllum og hafa ekki nægjanlegt úthald til að lifa af þann tíma sem tekur að festa sig í sessi.

Íslensku fiskisölufyrirtækin hafa fjárfest í úrvinnslufyrirtækjum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Frakklandi. Einnig hafa aðilar tengdir Samherja fjárfest í úrvinnslu- og markaðsfyrirtæki í Þýskalandi (Hussman & Hahn). Þá má nefna fjárfestingar Bakkavarar erlendis í framleiðslu- og markaðsfyrirtækjum í Svíþjóð, Frakklandi, Þýskalandi, Póllandi, Bretlandi og Chile.

Að lokum má nefna dæmi um íslensk fyrirtæki sem hafa sótt inn til veiða á erlendum miðum með því að setja á fót sérstök fyrirtæki erlendis og kaupa og leigja til sín skip sem hafa réttindi til veiða innan lögsögu annarra ríkja. Dæmi þessa er t.d. Íslenska sjávarafurðir hf. sem hefur veruleg umsvif á þessu sviði í Rússlandi.

### **3.5.1.3 Horft til framtíðar**

Það er líklegt að í framtíðinni muni eiga sér stað enn frekari samruni í sjávarútvegi en verið hefur. Fá sóknarfæri virðast vera fyrir sjávarútveginn á Íslandi í hefðbundnum greinum, en nokkur verðmæti eru fólgin í því að hagræða frekar og búa til stærra einingar sem hafa meiri slagkraft og sóknarfæri á erlendri grund. Þá má benda á að fjárfestingarþörf fyrirtækjanna er lítil en útlitið gott um þessar mundir, þannig að mikil fjármunamyndun mun ýta á að fyrirtækin leiti fyrir sér með verkefni erlendis.

Í ljósi þessara vísbendinga er ekki útilokað að fram undan sé ný hrina fjárfestinga erlendis hjá sjávarútvegsfyrirtækjum. Þá munu sjávarútvegsfyrirtækin væntanlega leita að nýjum vaxtarbroddum sem geta hugsanlega legið á sviði fiskeldis og lífefna úr sjávarafurðum. Það er vel mögulegt að fjárfestingar sjávarútvegsfyrirtækja í fiskeldi verði fyrst og fremst erlendis frekar en hérlendis þar sem aðstæður geta verið erfiðar fyrir fiskeldi.

Þegar metnir eru möguleikar á aukinni útrás íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja verður að hafa í huga að núverandi fjárfestingarumhverfi í greininni takmarkar það svigrúm sem fyrirtækin hafa í þessu efni. Þær takmarkanir leiða m.a. til þess að sjávarútvegsfyrirtæki geta ekki beitt sömu fjárfestingaraðferð og t.d. fjármálafyrirtæki hafa beitt með því að greiða fyrir fyrirtæki með eigin bréfum. Bann við erlendri eignaraðild gerir jafnframt sjávarútvegsfyrirtækjunum erfiðara en öðrum fyrirtækjum að ná sér í áhættufjármagn í ný verkefni.

Vegna þessara hafta er e.t.v. tímabært að ræða og meta hvort ekki beri að horfa til þess að slaka á þeim takmörkunum sem nú eru á heimildum erlendra aðila til beinna fjárfestinga í íslenskum sjávarútvegi. Gæti t.d. verið eðlilegt að opna fyrir slíkt í áföngum og með tilteknu þaki á eignarhluti. Hér að neðan er gerð grein fyrir einstökum þáttum sem ætla má að séu fram undan hjá sjávarútveginum.

### **3.5.1.4. Frekari hagræðing**

Að mati nefndarinnar er svigrúm fyrir hagræðingu í íslenskum sjávarútvegi. Mjög líklegt er að frekari samruni verði í íslenskum sjávarútvegi, en stærð sjávarútvegsfyrirtækjanna einskorðast þó við þær takmarkanir sem settar eru með lögum. Mikilvægasti hvatinn að samruna fyrirtækja í sjávarútvegi eru þeir miklu hagræðingarmöguleikar sem felast í því þegar útgerðir ná að fækka skipum og ná þannig fram aukinni hagkvæmni í útgerð.

Mun minna hefur verið gert af því að hagræða í landvinnslunni en þar eru augljósir hagræðingarmöguleikar, t.d. í mjóliðnaðinum. Sem dæmi má nefna að hér á landi er rekin 21 mjólverksmiðja, sem hafa saman um 5% markaðshlutdeild í heiminum, en Danir reka t.d. 4 verksmiðjur með 10% markaðshlutdeild.<sup>16</sup> Líklegt er að mjög sérhæfð vinnsla, á borð við rækjupillun og bitavinnslu í bolfiski, færist á færri en jafnframt stærri framleiðslueiningar. Allar þessar greinar landvinnslunnar eru því marki brendar að fjárfestingarþörfin er töluverð, en á móti kemur að afköstin eru mun meiri en gengur og gerist í hinum hefðbundnu greinum landvinnslunnar.

Það skal þó ekki vanmetið að veruleg framleiðniaukning hefur orðið í sjávarútvegi undanfarin ár. Má jafnvel finna dæmi þess að vinnsla afurða hér á landi kunni orðið að reynast hagkvæmari en á erlendum atvinnusvæðum, jafnvel þar sem launakostnaður er almennt mun minni en hér á landi. Má t.d. leiða að því rök að hagkvæmara sé orðið að vinna afurðir hér á landi en að flytja þær um langan veg til vinnslu. Þar má nefna að verulegur hluti rækjuframleiðslu Íslands er framleiðsla á rækju sem keypt hefur verið á erlendum mörkuðum en unnin hér á landi. Þessi þróun hefur fyrst og fremst orðið vegna aukinnar framleiðni hér á landi á undanförunum árum. Sýnir þetta mikilvægi hagræðingar í sjávarútvegi en með því styrkir hann stöðu sína í hinu alþjóðlega umhverfi sem ella kynni að leiða til þess að vinnslan flyttist í auknum mæli úr landi.

Hefðbundinn sjávarútvegur á nokkra möguleika á að auka verðmæti framleiðslunnar miðað við þann afla sem veiðist. Bæta má verulega meðhöndlun á hráefni, sérstaklega hjá smábátunum, sem myndi skila sér í hærra afurðaverði í vinnslunni. Í bolfiskvinnslu má auka nýtingu töluvert frá því sem nú er sérstaklega hjá sjófrystitogurunum. Vöruþróun getur skilað nokkru með því að sérgreina vöruna eða framleiða meira unna vöru. Ætla má að unnt sé að hækka verðmæti hráefnis með fullvinnslu um 5-15%. Ef þorskur er tekinn sem dæmi, þá fer um helmingur hans í saltfiskvinnslu og um helmingur fer í vinnslu sem ferskur fiskur eða frosinn. Áætluð verðmæti fersks og frosins þorsks m.v. 150.000 tonna afla eru um 19 milljarðar króna, þannig að fræðilega væri hægt að auka verðmæti aflans um 1-3 milljarða króna. Þá er líka rétt að benda á að langstærsti hluti þeirra þorskafurða, sem framleiddar eru á Íslandi, er í því formi sem endanlegur neytandi fær í hendurnar.

Mesta virðisaukningin, sem unnt er að sjá fyrir um þessar mundir í sjávarútveginum, er í uppsjávarfiski sem unninn væri í meira mæli til manneldis. Hvað íslensku síldina varðar væri fræðilega hægt að auka verðmæti aflans (110.000 tonn) um rúma 3 milljarða króna, þ.e. tvöfalda aflaverðmætið. Má hér nefna að Norðmenn hafa náð mun meira verðmæti úr sinni síld en Íslendingar, enda er hún að stærstum hluta unnin til manneldis í Noregi.

Telur nefndin að það starf sem nýlega hefur verið hleypt af stokkunum á vegum sjávarútvegsráðherra, í því skyni m.a. að auka verðmæti sjávarfangs á næstu árum, sé mikilvægt skref í átt til þess að ná þeim



markmiðum sem getið er hér að framan. Virðist í því sambandi mega skipa markmiðunum þannig að mikilvægast sé að auka verðmæti uppsjávarfisks. Í öðru lagi leitast við að afla meira hráefnis annars staðar frá í því skyni að nýta núverandi þekkingu og fjárfestingu og horfa að lokum í auknum mæli til frekari framhaldsvinnslu sjávarafurða.

### **3.5.1.5. Fiskeldi**

Veruleg umræða hefur átt sér stað að undanfögnu um framtíðarmöguleika fiskeldis hér á landi. Það sem fiskeldið býður upp á fram yfir margar aðrar greinar er mikil virðisaukning.

Margt bendir til þess að til lengri tíma litið muni spurn eftir fiski verða í auknum mæli fullnægt með eldisfiski svo sem hefur t.d. orðið raunin með lax.<sup>17</sup> Því stunda mörg ríki nú víðtækar rannsóknir á t.d. þorskeldi. Það er mikilvægt fyrir Ísland að taka þátt í þessari þróun eftir mætti og aðstæðum því að þorskur er enn það hráefni í íslenskum sjávarútvegi sem skilar mestum tekjum. Í hlutfalli við það yrði verulegt áfall fyrir íslenskan sjávarútveg ef framboð af þorski myndi aukast til muna fyrir tilstilli eldis, a.m.k. ef Ísland væri ekki þátttakandi í því.

Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að hafa í huga ýmis atriði sem gera það að verkum að nauðsynlegt er að undirbúa vel alla starfsemi á sviði fiskeldis hér á landi. Er mikilvægt að rannsaka t.d. hvort náttúrulegar aðstæður hérlendis feli í sér þá áhættu að árangur af eldi muni ekki verða fullnægjandi. Jafnframt er mikilvægt að efla þekkingu á t.d. sjókvíaeldi sem er forsenda þess að hægt sé að ná niður kostnaðinum við eldi þorsks eða annarra fiska og ekki síður til að skjóta styrkari stoðum undir þá fjárfestingu sem hafin er í greininni. Það er ekki síður mikilvægt að hafa þennan þekkingargrunn traustan, því að eftir því sem hann er áreiðanlegri er líklegra að þessi iðnaður hér á landi geti laðað að sér erlenda fjárfestingu í ljósi reynslunnar erlendis frá.

Einnig er mikilvægt að stjórnvöld marki stefnu á sviði fiskeldis, ekki síður til skemmri tíma en lengri, þar sem verði m.a. tekið á framangreindum atriðum. Í slíkri stefnumótun er einnig mikilvægt að leggja mat á þær tegundir sem ætla má að kunni að verða arðvænlegar til eldis hér á landi í ljósi allra aðstæðna. Er þetta ekki síst mikilvægt þar sem ekki er sjálfgefið að Ísland verði samkeppnishæft í fiskeldi. Í því efni er athyglisvert að horfa til aukinnar sérhæfingar á sviði fiskeldis þar sem byggt er á sérstökum íslenskum náttúruaðstæðum. Má í þessu sambandi benda á fyrirtækið Stofnfisk sem ekki stundar áframeldi en flytur einkum út hrogn. Með þessu nýtir fyrirtækið sérstakar aðstæður hér á landi sem felast m.a. í jarðhita en tekur ekki áhættu af áframeldi sem kann á stundum að vera erfitt af náttúrulegum ástæðum. Af sama meiddi er starfsemi Fiskeldis Eyjafjarðar sem um tíu ára skeið hefur stundað umfangsmikla rannsóknastarfsemi á sviði lúðueldis. Virðist það nú vera að skila árangri þar sem umfangsmikill útflutningur lúðuseiða er hafinn til Noregs. Er fyrirtækið talið það fremsta í heiminum á þessum vettvangi.

Nefndin telur því afar mikilvægt að þeim tillögum iðnaðarráðherra um eflingu fiskeldis, sem er að finna í nýlegum tillögum um stefnu í byggðamálum, verði hrint í framkvæmd sem fyrst. Er það mat nefndarinnar að verulegir hagsmunir íslensks þjóðarbús séu undir því komnir að uppbygging á þessum atvinnuvegi byggist á traustum þekkingargrunni.

Burtséð frá því sem að framan greinir má hins vegar ætla að fjárfestingartækifæri séu fyrir íslenskan sjávarútveg í fiskeldi erlendis, þá bæði í sjálfu eldinu en ekki síður í úrvinnslunni á afurðum eldisins.

Íslendingar hafa verið hlutfallslega stórir í framboði á hvítfiski á hinum vestrænu mörkuðum heimsins. Í því ljósi er eðlilegt að íslensk fyrirtæki skoði það vandlega hvort ekki sé nauðsynlegt að þau leitist við að búa sér til stöðu í þessari ört vaxandi atvinnugrein.

### **3.5.1.6 Líftækni**

Í vaxandi mæli er litið á sjávarútvegstengda líftækni sem mögulegan vaxtarbrodd í íslenskum sjávarútvegi. Horfa Norðmenn t.d. til þess að sjávarútvegstengd líftækni eigi eftir að verða einn helsti vaxtarbroddurinn þar í landi á komandi árum. Ganga þeir svo langt að tala um að líftæknin eigi eftir að verða mun stærri en

ólíuðnaðurinn á þessari öld. Hið sama er upp á teningnum í öðrum ríkjum og hefur t.d. mjög mikil aukning orðið á fjárframlögum til rannsókna á þessu sviði, sérstaklega í Japan og Bandaríkjunum.<sup>18</sup>

Það fyrirtæki sem lengst er komið á sviði sjávarlíftækni hér á landi er Genís, sem er í eigu Þormóðs ramma, Samherja og fleiri aðila, þar á meðal erlendra. Útgerðarfélag Akureyringa hefur jafnframt unnið að verkefnum á þessu sviði og eru þau verkefni unnin í nánnum tengslum við erlenda aðila. Ber einnig að nefna fyrirtæki eins og Ensímtækni, sem m.a. framleiðir snyrtivörur, og Norðurís sem framleiðir hráefni til matvælaframleiðslu.

Mikilvægt er að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki haldi vöku sinni á sviði líftækni, í því skyni að nýta þau tækifæri sem kunna að opnast í tengslum við frekari þróun á henni. Forsenda þess er að sinna sem best rannsóknum á þessu sviði. Í því ljósi telur nefndin mikilvægt að tillögur iðnaðarráðherra að stefnu í byggðamálum nái fram að ganga. Þar er tillaga um sérstakt verkefni sem lýtur að því hvernig auka megi verðmæti sjávarfangs, m.a. með áherslu á líftækni.

Margt bendir til þess að fari íslensk fyrirtæki að vinna meira á vettvangi líftækni, verði það í nánnum tengslum við erlenda aðila, sem hafa aðgang að mörkuðum eða þekkingu á þessu sviði, en tillaga iðnaðarráðherra leggur einmitt áherslu á alþjóðlegt samstarf um rannsóknir í þessu skyni. Því má búast við töluverðri fjárfestingu erlendra aðila hér á landi á sama hátt og vænta má að Íslendingar fjárfesti erlendis í fyrirtækjum á þessu sviði til að tryggja markaðsaðgang eða aðgang að þekkingu.

### **3.5.1.7. Erlend verkefni**

Að lokum má hér nefna að ýmislegt bendir til að íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi muni skoða í ríkari mæli erlend verkefni. Er þó eðlilegt að ætla að þau muni fara sér hægt þar sem reynslan sýnir að mikilvægt er að fyrirtæki kynni sér mjög vel aðstæður á þeim svæðum eða í þeim ríkjum þar sem þau hyggjast fjárfesta, eða koma á fót starfsemi með öðrum hætti. Nýleg reynsla varðandi aðgerðir ESB vegna gæðaeftirlits með matvælaframleiðslu í Kína, sýnir enn fremur að fyrirtæki verða e.t.v. að horfa til breiðari þátta en áður var talið þegar kemur að því að velja framleiðslu sinni staðsetningu á erlendri grund. Í ljósi reynslunnar virðist margt gefa EES-svæðinu ákveðið forskot í þessu sambandi, þar sem samræmdar heilbrigðisreglur í um 30 ríkjum Evrópu munu væntanlega gilda frá og með árinu 2004. Áhættan er því minni að þessu leyti ef fyrirtæki staðsetja framleiðslu sína á EES-svæðinu.

Vissulega eru verkefni víðar sem skila nú orðið verulegum árangri. Má þar t.d. nefna Seaflower Whitefish í Namibíu en rekstur þess gekk vel á árinu 2001 og skilaði verulegum hagnaði. Íslensk fyrirtæki eru einnig að hagnast ágætlega á að láta vinna fyrir sig fisk í Austur-Asíu og selja á vestrænum mörkuðum í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Framangreindir atburðir í Kína sýna hins vegar að utanaðkomandi þættir geta gripið inn í slíka stöðu með ófyrirséðum afleiðingum.

Flest stærri sjávarútvegsfyrirtækin hér á landi eru þökkalega vel undir það búin að takast á við stærri og viðameiri verkefni erlendis. Það sem einkennir rekstur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja um þessar mundir er mikil fjárfestingarþörf. Má ætla að þessi staða ýti undir það að íslensk fyrirtæki reyni fyrir sér með fjárfestingar erlendis.

### **3.5.2 Flutningafyrirtæki**

Íslensku flutningafyrirtækin hafa um langa hrif verið með víðtæka sölu- og markaðsstarfsemi beggja vegna Atlantshafsins. Eðli starfseminnar hefur breyst með breyttu viðskiptaumhverfi og aukinni hnattvæðingu á undanförunum áratugum. Þannig hafa fyrirtækin reynt að horfa í auknum mæli út fyrir landsteinana eftir verkefnum. Fyrirtækin hafa numið nýja markaði með beinni þátttöku og fjárfestingum í svipaðri starfsemi erlendis.

Samskip hf. reka tvö dótturfélög í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Rússlandi, Þýskalandi, Hollandi, Bretlandi og Bandaríkjunum. Starfsmenn fyrirtækisins erlendis eru nú 185 talsins, þar af innan við 20 Íslendingar. Starfsemi fyrirtækisins erlendis hefur miðað að því að byggja upp öflugt og heildstætt þjónustunet milli



skrifstofa í þessum ríkjum, en þó einkum milli meginlands Evrópu, Skandinavíu, Eystrasaltsríkjanna/Rússlands og Bretlands. Á sama tíma hefur fyrirtækið leitast við að nýta þekkingu og reynslu til annarra flutningaverkefna, s.s. til flutninga milli Kína og Bandaríkjanna, Chile og Evrópu, Bandaríkjanna og Evrópu. Að lokum má nefna að fyrirtækið vinnur nú um stundir að sérhæfingu á tveimur flutningamörkuðum sem eru flutningur á kældri og frystri vöru og pappírflutningur. Velta Samskipa erlendis er nú um 7 milljarðar króna.

Starfsemi Eimskipa erlendis hófst um miðjan níunda áratuginn. Í byrjun voru settar upp umboðsskrifstofur í helstu viðkomuhöfnum félagsins sem höfðu það verkefni að sjá um viðkomur skipanna og flutninga til og frá Íslandi. Þessi starfsemi reyndist síðan ágætur grunnur undir viðskipti sem ekki tengdust flutningum til og frá Íslandi og hefur verið lögð áhersla á að efla starfsemina á þeim vettvangi. Ýmist hefur starfsemin vaxið innan frá eða með þeim hætti að Eimskip hafa keypt starfandi fyrirtæki eða stofnað ný. Einnig er í nokkrum tilfellum um hlutdeildarfélög að ræða þar sem Eimskip eiga hlut í félögum á mótum erlendum aðilum.

Eimskip hafa sett sér það markmið að 25% af veltu félagsins komi frá erlendri starfsemi og hefur hlutfallið verið 20-25% undanfarin ár. Félagið rekur nú 21 starfsstöð í 11 löndum og er fjöldi starfsmanna erlendis um 340. Öll umsvif félagsins erlendis eru á sviði flutningaþjónustu og um helmingur af veltu félagsins erlendis tengist ekki flutningum til og frá Íslandi. Má þar nefna almenna flutningsmiðlun, rekstur vöruhúsa, landflutninga, sjóflutninga og flugflutninga.

Erlenda starfsemin fer að mestu fram á skilgreindum heimamarkaði Eimskipa, sem er svæðið frá Noregi í austri til Kanada í vestri. Auk þess er um að ræða alþjóðlega flutningastarfsemi sem rekin er frá meginlandi Evrópu. Um tíma voru Eimskip með talsverða starfsemi í Eystrasaltslöndum og Rússlandi en þeirri starfsemi hefur að mestu verið hætt og því meiri áhersla lögð á hinn skilgreinda heimamarkað. Áhersla hefur verið lögð á að nýta þá þekkingu og reynslu sem fyrir liggur í móðurfélaginu og að virkja jafnframt hinar einstöku starfsstöðvar til samstarfs um ákveðin verkefni. Almennt séð hefur rekstur Eimskipa erlendis gengið vel og skilar hann nú viðunandi arðsemi.

Með beinni þátttöku í erlendum fyrirtækjum hafa þessi flutningafyrirtæki lagt grunninn að frekari vexti, bæði heima og erlendis, með því að nýta betur þá möguleika sem felast í þekkingu fyrirtækjanna.

Samhliða auknum ferðlögum fólks hefur vaxandi hnattvæðing viðskipta haft veruleg áhrif á ferðaþjónustu í heiminum. Í takt við þessa þróun hafa fyrirtæki innan mismunandi atvinnugreina verið að mynda umgjörð um fjölbreytta þjónustu á sviði ferðamála. Eitt af einkennum ferðaþjónustunnar hérlendis er að á markaðnum starfar eitt stórt ferðaþjónustufyrirtæki, Flugleiðir hf., og nokkur fjöldi lítilla fyrirtækja. Á undanföllum árum hafa Flugleiðir hf. unnið að því að breikka starfsemi sína hér á landi, en jafnframt hefur fyrirtækið stofnað fjölmargar sölu- og markaðsskrifstofur erlendis. Innan vébanda Flugleiða eru t.d. 8 skrifstofur í Evrópu sem eru ferðaheildsalar og eru starfsmenn þeirra 35 talsins og veltan var um 2 milljarðar á árinu 2001. Fyrirtækið hefur um árabil haft sérstöðu á flutningaleiðinni yfir Norður-Atlantshafið milli Norður-Evrópu og Norður-Ameríku, með Keflavíkurlugvöll sem miðstöð flutninganna.

Íslensk flugfélög hafa stundað öflugna starfsemi í leiguflugi, en flugfélagið Atlanta er þar í fararbroddi, ekki einungis á Íslandi heldur einnig í Evrópu. Einnig eru Flugleiðir að feta sig inn á þessa braut. Íslenskur flugrekstur hefur því auknar tekjur af ferðamönnum sem ekki hafa viðdvöl hér á landi. Þá hafa Flugleiðir ráðist í að taka að sér skoðun og viðhaldsverkefni á Íslandi fyrir erlend jafnt sem innlend flugfélög.

Hryðjuverkin 11. september 2001 hafa sett stórt strik í reikning fyrirtækja á flutningamarkaði. Hafa bæði Flugleiðir og Atlanta dregið nokkuð úr starfsemi sinni af þessum sökum. Á hinn bóginn er ýmislegt sem bendir til þess að afleiðingar hryðjuverkanna verði tímabundnar, a.m.k. í Evrópu.

Forsenda þess að vöxtur verði áfram í íslenski ferðaþjónustu er að það flutninganet sem byggt hefur verið upp undanfarin ár viðhaldist og styrkist til lengri tíma lítið. Í því efni er ekki síst mikilvægt að flugið til Norður-Ameríku skerðist ekki meira en orðið er.

### 3.5.3 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er í eðli sínu alþjóðleg starfsemi. Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki sinna markaðsstarfsemi á erlendri grund til að selja ferðir til Íslands. Lítið hefur verið um beina erlenda fjárfestingu í íslenskri ferðaþjónustu. Alþjóðlegir hótélhringir hafa ekki reist hótél á Íslandi en íslensk hótél hafa verið í samstarfi við erlenda hótélhringi. Hótél Saga og Hótél Ísland eru í samstarfi við Radison SAS en samstarfi þriggja annarra hótela við hótélkeðjur var hætt. Tilgangurinn með samstarfinu er sameiginlegt markaðsstarf og að færa þjónustu hótela með kerfisbundnum hætti til jafns við það sem gerist erlendis. Einnig má nefna að stoðþjónusta, eins og stærstu bílaleigurnar hérlendis, er í samstarfi við alþjóðleg fyrirtæki.

Alþjóðaferðamálaráðið (WTO) og erlendar flugvélaferksmiðjur telja að ferðaþjónusta vaxi 2-3% umfram hagvöxt. Erlendum ferðamönnum til Íslands fjölgaði um 7-8% að meðaltali á ári frá 1990-2001. Að 10 árum liðnum má áætla að ferðamenn og gestir í viðskiptaerindum til Íslands verði á milli 400 og 500 þúsund. Samkvæmt tölum WTO þá er hlutdeild Íslands á markaði Norður-Evrópu<sup>19</sup> nú um 0,6%. Ef miðað er við að sú hlutdeild geti vaxið í rúmlega 1% fram til 2020, er gert ráð fyrir að á þeim tíma geti komið hingað allt að 1 milljón ferðamanna á ári. Með því að vöxtur ferðaþjónustugreina verði umfram landsframleiðslu, eins og væntingar gera ráð fyrir, þá má gera ráð fyrir að hlutdeild greinanna í henni vaxi um 0,1% á ári.

Forsenda fyrir vexti ferðaþjónustunnar er að byggð verði upp aðstaða til að halda alþjóðlegar ráðstefnur með miklum gæðakröfum. Ráðstefnu- og fundaaðstaða er í byggingu samhliða stækkun Hótel Esju. Áform eru um byggingu ráðstefnuhallar með tónlistarhúsi í miðborg Reykjavíkur í samstarfi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar. Áætlað er að byggingin kosti 6 milljarða króna.

Að sama skapi er mikilvægt að leitast við að skilgreina aðra þá þætti sem höfða til ferðamanna. Ýmislegt bendir til þess að ferðamenn sýni menningu ríkja aukinn áhuga og að markaður sé vaxandi fyrir heilsutengda ferðaþjónustu. Á þessum sviðum kunna að leynast sóknarfæri á landsbyggðinni ef innviðir eru styrktir. Fundaaðstaða í fyrirhuguðum menningarmiðstöðvum mun t.d. auka möguleika landsbyggðarinnar á ráðstefnuhaldi.

Vöxtur og viðgangur ferðaþjónustugreina er mjög háður íslensku viðskiptalífi og íslensku vísindasamfélagi. Gestir í viðskiptaerindum eru verðmætari en hinn almenni ferðamaður, einkum og sér í lagi þar sem komur þeirra eru utan háannatíma greinarinnar á sumartíma.

Til þess að taka á móti 100 þúsund erlendum gestum á ári í viðbót, þarf eina nýja flugvél (Boeing 757-300) og 900-1000 hótélherbergi. Það er fjárfesting sem nemur 14-18 milljörðum kr. sem ráðast þarf í á næstu árum.

Þá má einnig ætla að það þurfi að fjárfesta í samgöngumannvirkjum, fjarskiptum og öðrum innviðum til að taka mið af þeirri aukningu ferðamanna sem gert er ráð fyrir. Að sama skapi er mikilvægt að mati nefndarinnar að horft verði ígrundað til þess með hvaða hætti Ísland hyggst skipuleggja móttöku fleiri ferðamanna, þar sem t.d. er ljóst að helstu ferðamannastaðir standa vart undir slíkri fjölgun án sérstakra ráðstafana.

### 3.5.4 Fjármálafyrirtæki

Fjármálafyrirtæki eru eitthvert skýrasta dæmið um útrás nýrra íslenskra atvinnufyrirtækja á erlenda markaði á undanförunum árum. Er svo komið að flest stærstu fyrirtækin á íslenska markaðnum hafa einnig komið sér fyrir á erlendum mörkuðum, ýmist með útibúum erlendis t.d. í Lúxemborg, eða með því að fjárfesta í starfandi erlendum fjármálafyrirtækjum. Eitt megineinkenni þessarar útrásar er að hún fer fram á EES-svæðinu þar sem ríkir fullt frelsi til fjárfestinga og fjármagnsflutninga. Er þessi útrás gott dæmi um þau áhrif sem EES-samningurinn hefur haft hér á landi.


Í þessu efni hefur Kaupþing verið einna fyrirferðarmest og rekur nú starfsemi í Lúxemborg, Sviss, Stokkhólmi, Helsinki og New York. Búnaðarbanki Íslands rekur útibú í Lúxemborg. Íslandsbanki hefur fjárfest í netbanka í Danmörku auk banka í Litháen. Landsbanki Íslands hefur fjárfest í banka í London og Íslandsbanki gerði slíkt hið sama.

Þá er ekki síður athyglisvert að fylgjast með þeirri viðleitni Íslandsbanka að auka starfsemi sína erlendis á sviði sjávarútvegs markvisst, en með því hefur bankinn fundið ákveðinn markaðskima sem erlendir bankar virðast ekki skilja vel og hafa því lítinn áhuga á að starfa á þeim vettvangi. Með þessu er óhætt að segja að íslenskt fjármálafyrirtæki nýti þekkingu sem það hefur umfram önnur á hinum alþjóðlega markaði.

### 3.5.5 Upplýsinga- og þekkingariðnaður

Ef horft er um áratug aftur í tímann, er ljóst að gríðarleg framþróun og uppbygging hefur átt sér stað hér á landi á sviði upplýsinga- og þekkingariðnaðar. Byggð hafa verið upp stórfyrirtæki á sviði þekkingariðnaðar sem gert hafa það að verkum að skapast hafa forsendur fyrir því að hámenntuðum Íslendingum gefst tækifæri til að finna störf við sitt hæfi hér á landi. Er ýmislegt sem bendir til þess að frekari uppbygging sé fram undan á þessu sviði.

Á sviði upplýsingatækni hefur átt sér stað mikil veltuaukning, auk þess sem forsendur hafa skapast fyrir þróun og starfsemi sprotafyrirtækja. Á hinn bóginn virðist sem sókn fyrirtækja í upplýsingatækni á erlenda markaði hafi ekki gengið sem skyldi. Er það að mati nefndarinnar verðugt verkefni að skilgreina hvað hefur valdið því að íslensk fyrirtæki hafa ekki náð að festa sig í sessi á erlendum markaði með vörur sínar, jafnvel þó að þau hafi átt samstarf við stóra erlenda aðila. Af fyrirbyggjandi upplýsingum er ljóst að sá atvinnuvegur sem hefur á undanförunum árum verið í hvað mestum vexti er upplýsingaiðnaðurinn. Hefur velta í greininni aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Áætluð velta ársins 2001 er um 66 milljarðar króna.



Í nýlegri samantekt um stöðu upplýsingaiðnaðarins á Norðurlöndum kemur í ljós að upplýsingaiðnaðurinn hér á landi er smærri í sniðum en á öðrum Norðurlöndum.<sup>20</sup> Hér á landi er velta hans 8% af veltu í þjónustugeiranum meðan þetta hlutfall er á bilinu 12-14% á öðrum Norðurlöndum. Hér á landi er framleiðsla í upplýsingatækni sáralítill, en er mjög stór hluti af heildarveltu upplýsingaiðnaðarins á öðrum Norðurlöndum. Fyrirtækin Nokia í Finnlandi, Ericsson í Svíþjóð og Bang & Olufsen í Danmörku hafa mikið vægi hjá þessum þjóðum.

Velta í hugbúnaðargerð og ráðgjöf 2,7 faldaðist frá árbyrjun 1998 til ársloka 2001. Þjóðhagsstofnun áætlar að veltan á árinu 2001 hafi verið um 20 milljarðar króna. Það er örstafi vöxturinn í þessari grein meðal OECD-ríkjana. Á sama tíma fjölgaði starfsfólki í greininni um 50%.

Það eru rétt um 12 ár síðan útflutningur á hugbúnaði hófst frá Íslandi. Í upphafi og alveg þar til nú á allra síðustu árum, hefur þessi útflutningur nær eingöngu verið bundinn við þjónustu og einstök verkefni tengd hugbúnaði. Íslenskum hugbúnaðarfyrirtækjum hefur tekist á allra síðustu árum að þróa vörur, „pakka þeim

inn“ og hefja markaðssetningu og sölu á þeim erlendis. Þessi útrás hefur ekki verið almenn heldur bundin við tiltekin fyrirtæki sem boðið geta vöru sem þegar hefur slitið barnskónum hér á landi. Gott dæmi um þetta er fyrirtækið GoPro-Landsteinar Group sem á hlut í 3 fyrirtækjum erlendis og er með fjölda samstarfsaðila víða um heim, sem selja og þjónusta vörurnar, en vöruþróunin fer fram hér á landi.

Ísland er af mörgum talið kjörið umhverfi til þróunar á hugbúnaði. Smæð þjóðfélagsins, hátt tæknistig, mikill áhugi á nýjungum og mikil almenn þekking, gerir kleift að þróa og prófa hugbúnaðarlausnir mun hraðar hér á landi en víða annars staðar. Þessi hraði er samkeppnisforskot sem íslensk hugbúnaðarfyrirtæki hafa þegar þau hefja sölu á lausnum sínum erlendis. Er það mat þeirra sem staðið hafa framarlega í útrás á þessu sviði að ekki verði hjá því komist að reka söluna og þjónustuna sem næst viðskiptavinunum, meðan vöruþróun sé best fyrir komið á Íslandi.

Fyrirtæki í hugbúnaðariðnaði er enn einn hópur fyrirtækja sem nýtt hefur sér yfirburði Íslendinga á sviði sjávarútvegs, með því að hanna hugbúnaðarlausnir fyrir sjávarútveginn sem nú er orðin útflutningsvara. Má hér einkum nefna fyrirtækið Tölvumyndir sem í upphafi byggði upp, þróaði og tók í notkun hugbúnað sinn hér á landi áður en útflutningur hófst. Á síðasta ári var stofnað eitt stærsta fyrirtæki í heiminum á sviði hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg undir nafninu Maritech. Lausnir Tölvumynda á þessu sviði eru meginlína hins nýja fyrirtækis.

Útflutningur íslensks hugbúnaðariðnaðar hefur vaxið jafnt og þétt á síðasta áratug. Á hinn bóginn hefur hlutfall hans af veltunni dregist saman. Þar kemur einkum til aukinn starfsemi þessara fyrirtækja erlendis sem ekki kemur fram í tölum um útflutning.

Á sviði þekkingariðnaðar ber án efa hæst framgang Íslenskrar erfðagreiningar. Fyrirtækið var stofnað árið 1996. Hjá fyrirtækinu eru nú 550 starfsmenn en meðal markmiða þess er að finna erfðabætti algengra sjúkdóma. Hefur fyrirtækið að undanfögnu breytt áherslum sínum í því skyni að leitast við að auka tekjur af uppgötvunum sínum til lengri tíma lítið. Skref í því skyni er nýleg kaup fyrirtækisins á fyrirtæki í lyfjarannsóknum. Uppi eru hugmyndir um að koma hluta af starfsemi þess fyrir hér á landi sem enn frekar mun verða til þess fallið að auka hlutverk þekkingariðnaðar í efnahagslífi landsins og skapa enn fleiri atvinnutækifæri í þessari atvinnugrein hérlendis. Bendir fátt til annars en að fyrirtækið hafi forsendur til að halda áfram að vaxa.

Stoðtækjafyrirtækið Össur hf. er ekki síður athyglisvert fyrirtæki á sviði þekkingariðnaðar. Hefur það á um 30 árum vaxið úr því að vera stoðtækjaverkstæði í að vera fyrirtæki í fremstu röð á alþjóðavettvangi. Hefur þessum árangri m.a. verið náð með útrás á erlenda markaði og kaupum á öðrum alþjóðlegum fyrirtækjum í stoðtækjagerð. Össur hf. hefur aðalstöðvar sínar á Íslandi en rekur einnig skrifstofur á þremur öðrum svæðum. Fyrirtækið hefur nýlega ákveðið að flytja hluta framleiðslu sinnar hingað til lands, m.a. í ljósi þess að skattalegt umhverfi hér á landi hefur verið gert hagstæðara.

Hröð uppbygging hefur átt sér stað hér á landi undanfarin ár í lyfjaiðnaði. Er þar einkum um að ræða fyrirtækin Delta og Pharmaco sem byggja starfsemi sína á framleiðslu samheitalyfja þegar einkaleyfi á framleiðslu frumgerðar lyfja fellur niður. Hafa bæði fyrirtækin vaxið mjög hratt og fjárfest í lyfjaiðnaði á erlendri grundu, Pharmaco í Búlgaríu en Delta á Mólta. Virðist margt benda til þess að frekari tækifæri séu framundan á þessu sviði.

Undir þennan þátt þekkingariðnaðar er eðlilegt að fella einnig þá víðtæku þekkingu sem Íslendingar búa yfir á sviði virkjunar og nýtingu jarðhita. Um langt skeið hafa Íslendingar unnið að því að flytja út þekkingu sína á þessu sviði. Hefur á undanförunum árum náðst nokkur árangur í þessum efnum svo sem með verkefnum í Rússlandi, Ungverjalandi og Kína. Er það einkum fyrirtækið Enex, sem staðið hefur að þessu verkefni, en Enex er regnhlífarfyrirtæki aðila í orkuiðnaði. Í flestum tilvikum er einvörðungu um að ræða framlag Íslendinga í formi þekkingar og reynslu en í verkefni í Kína eru nú jafnframt uppi hugmyndir um eignarhlut Íslendinga í afmörkuðu verkefni þar.

Þá er ógetið smærri fyrirtækja á ýmsum sviðum þekkingariðnaðar. Má hér t.d. nefna fyrirtækið Taugagreiningu sem náð hefur verulegum árangri í hönnun og framleiðslu rannsóknabúnaðar á sviði læknisfræði.

### **3.5.6 Útrás á öðrum sviðum**

Í takt við aukna fjölbreytni í íslensku atvinnulífi hefur skapast aukið svigrúm til sóknar fleiri atvinnugreina á erlenda markaði. Má hér t.d. nefna skófyirtækið X-18 sem er staðsett hér á landi með alla sína hönnunarstarfsemi meðan framleiðslan fer fram erlendis. Einnig er eftirtektarverk að sjá þá auknu athygli er beinist að íslenskri menningu erlendis frá. Kemur þetta m.a. fram í auknum útflutningi íslenskrar tónlistar og ætti í því efni að vera óþarft að nefna dæmið um Björk. Á menningarsviðinu hafa einnig margar íslenskar kvikmyndir átt góðu gengi að fagna. Er það mat margra að nú um stundir sé ákveðinn gluggi opinn á þessu sviði þar sem athyglin beinist að Íslandi. Er mikilvægt að leitast verði við að nýta það tækifæri, eftir því sem kostur er, til að markaðssetja íslenska menningarstarfsemi í breiðum skilningi.

Ákveðinn vaxtarbroddur er í ýmsum iðnaði á sviði sjávarútvegs. Gott dæmi um það er t.d. Sæplast, Hampiðjan og fleiri fyrirtæki sem hafa byggt upp blómleg fyrirtæki á því að þjóna íslenskum sjávarútvegi í upphafi en hafa síðan náð fötfestu erlendis á sviði sjávarútvegs eða skyldum greinum.

Að sama skapi eru dæmi um verulegan árangur íslenskra iðnfyrirtækja sem tengjast framleiðslu á tækjum fyrir stóriðju. Fyrirtækið Altech JHM hf. hefur t.d. hannað og selt tæknibúnað til álvera vítt og breytt um heiminn fyrir verulegar fjárhæðir undanfarin ár og hyggur á enn frekari sókn á þeim markaði. Hefur þetta ásamt framleiðslu annarra fyrirtækja verið afrakstur samvinnu við Ísal hf.

Útrás á sviði smásöluverslunar er dæmi um nýtt svið þar sem íslensk fyrirtæki hasla sér völl á erlendum mörkuðum. Hefur fyrirtækið Baugur hf. fjárfest í smásöluverslunum í Evrópu og í Bandaríkjunum.

### **3.6 Stóriðja**

Umfang stóriðju hefur vaxið mikið hérlandis á undanförmum árum. Álframleiðsla var 100 þúsund tonn um miðjan síðasta áratug, en á árinu 2002 má reikna með að hún verði um 260 þúsund tonn. Þá var framleiðslugeta Íslenska járnblendifélagsins aukin úr rúmlega 70 þúsund tonnum í tæp 115 þúsund tonn árið 1999. Hlutdeild stóriðju í heildarútflutningi á árinu 2001 er áætluð um 14%. Hlutur stóriðju í landsframleiðslu er 1-1,5% og raforkuframleiðslu vegna stóriðju um 1%.

Í árslok 2000 voru tæp 60% beinnar erlendar fjármunaeignar á Íslandi í stóriðju. Báðar álverksmiðjur landsins eru að fullu í eigu erlendra aðila og Íslenska járnblendifélagið að tveimur þriðju hlutum. Góða samkeppnisstöðu Íslands í álframleiðslu má merkja af áhuga erlendra aðila á frekari fjárfestingum. Áætlanir eru um 360-420 þúsund tonna álver á Reyðarfirði. Álverið yrði með umtalsverðri þátttöku innlendra fjárfesta. Norðurál hefur lýst yfir áhuga á því að stækka verksmiðju sína á Grundartanga úr 90 þúsund tonnum í 240 þúsund tonn. Þá hefur Ísal hafið athugun á þeim möguleika að auka framleiðslugetu álversins í Straumsvík í allt að 460 þúsund tonn, en núverandi framleiðslugeta fyrirtækisins er um 170 þúsund tonn. Ef öll þessi áform ganga eftir gæti álframleiðsla hér á landi orðið ríflega ein milljón tonna eftir rúman áratug. Í kafla 4 eru reifuð þjóðhagsleg áhrif frekari uppbyggingar áliðnaðar. Þar er gert ráð fyrir að stór hluti fyrrgreindra áforma verði að veruleika á næstu tíu árum.

### **3.7 Fjármálamarkaður**

Þróun fjármálamarkaðar á Íslandi hefur verið mjög ör undanfarinn áratug. Markaðurinn er að verða sambærilegur við erlenda markaði sem eiga að baki margra alda hefðir. Hnattvæðing markaðarins hefur fram til þessa verið mjög einhliða. Íslenskir fjárfestar eru með stóran hluta eignasafna sinna í erlendum verðbréfum og töluverða reynslu og þekkingu á erlendum mörkuðum er nú að finna í íslenskum verðbréfafyrirtækjum. Þetta er jákvæð þróun þar sem hún hefur gert innendum aðilum kleift að bæta áhættudreifingu í eignasöfnum sínum, auk þess sem aðilum fjármálamarkaðarins hefur verið hollt að kynnast vinnubrögðum á öðrum mörkuðum. Sú viðkyrning og hátt menntunarstig starfsfólks á fjármálamarkaði hefur gert hina öru þróun markaðarins mögulega.

Ekki hefur þó enn tekist að laða erlenda aðila í neinum mæli að íslenskum fjárfestingarkostum. Meginorsök þess að erlendir aðilar sýna íslenska markaðinum ekki meiri áhuga en raun ber vitni tengist smæð hans með einum eða öðrum hætti. Þá er tungumálið þröskuldur en ljóst er að „mál“ íslenska markaðarins er og verður íslenska. Hins vegar hefur að undanförunni verið stóraukin útgáfa á kynningarefni um íslenska markaðinn, bæði af fjármálafyrirtækjum og opinberum aðilum og nokkrir erlendir bankar eru farnir að gefa út efni um íslenskan skuldabréfamarkað og íslensk útflutningsfyrirtæki.

### 3.7.1 Skuldabréfamarkaður<sup>21</sup>

Íslenskur skuldabréfamarkaður hefur ýmsa kosti sem gefa tilefni til að ætla að auka megi þátttöku erlendra aðila í honum. Hagkerfið er þróað og upplýsingagjöf um skuldabréfamarkaðinn og íslenskt efnahagslíf er almennt góð. Upplýsingagjöf útgefanda ríkistryggðra skuldabréfa hefur raunar stórbatnað á undanförunum misserum. Lánshæfi Íslands er gott og veitir traustan grunn fyrir aðra innlenda útgefendur skuldabréfa. Þá bjóða íslensk skuldabréf erlendum aðilum upp á aukna möguleika til áhættudreifingar. Til viðbótar má nefna að vextir hér á landi eru (og hafa verið) hærrí en í viðskiptalöndunum.

Þrátt fyrir ofangreinda kosti íslensks skuldabréfamarkaðar hefur fjárfesting erlendra aðila í innlendum skuldabréfum verið takmörkuð. Hvað hindrar frekari þátttöku erlendra fjárfesta? Lítil seljanleiki íslenskra skuldabréfa er hugsanlega stærsta hindrunin. Með þessu er átt við að torvelt getur verið að kaupa og selja skuldabréf í því magni sem fjárfestum hugnast, án þess að hafa umtalsverð áhrif á þau kjör sem bjóðast. Ýmsir þættir stuðla að tiltölulega litlum seljanleika. Í fyrsta lagi eru skuldabréfaflokkar litlir. Í öðru lagi benda erlendir aðilar á að fjárhæðir útistandandi tilboða viðskiptavaka á hverjum tíma séu lágar. Það þýðir að leiði greining fjárfestis í ljós að tími sé til að kaupa eða selja skuldabréf þá, neyðist hann til að deila þeim upplýsingum með markaðinum í gegnum tilboð sitt, áður en hann hefur nýtt nema lítinn hluta upplýsinganna í eigin þágu. Í þriðja lagi nægja tiltölulega lítil viðskipti til að hreyfa við gengi krónunnar. Tilvist sjálfstæðs gjaldmiðils gerir því erlendum fjárfestum erfiðara um vik en ella við að koma inn á íslenska markaðinn.

Önnur atriði en takmarkaður seljanleiki skuldabréfa hafa þó einnig staðið fjárfestingu erlendra aðila hér á landi fyrir þrifum. Sum þeirra eru tæknilegs eðlis og má vonandi leysa áður en mjög langt um líður. Þar má nefna greiðslumiðlun og uppgjör viðskipta. Erlendir fjárfestar telja það ókost að geta ekki notast við alþjóðleg uppgjörsfyrirtæki og að það komi stundum beinlínis í veg fyrir fjárfestingar. Einnig vantar hérlendis umgjörð um virk endurhverf verðbrefaviðskipti á milli fjármálastofnana. Ef slíkur markaður væri til staðar, gætu markaðsaðilar tryggt sér örugga ávöxtun yfir fjölbreyttari tímabil en einföld skuldabréfakaup bjóða upp á. Að lokum má nefna að íslensk skuldabréf eru öðruvísi uppbyggð en skuldabréf annarra landa. Verðtrygging er t.d. óvenjulega algeng hér á landi. Ekki felst í þessu að verðtryggt skuldabréf séu óæskilegur hluti skuldabréfamarkaðarins, heldur að fulllítill áhersla hafi verið lögð á útgáfu óverðtryggðra bréfa sem hafa sömu einkenni og erlend bréf. Erlendum aðilum finnst oft erfitt að skilja íslensk skuldabréf og geta ekki reiknað út verð eða ávöxtun þeirra. Skuldabréfin falla heldur ekki inn í tölvukerfi erlendra banka sem gerir þeim ómögulegt að taka tillit til þeirra í áhættustýringu sinni. Þetta hækkar viðskiptakostnað með íslensk skuldabréf verulega.

Áður var minnst á að krónan geti flækt aðkomu erlendra fjárfesta að íslenska markaðinum þar sem tiltölulega lítil viðskipti geta haft áhrif á gengið. Gengisóvissa getur einnig latt fjárfesta og því stuðlað að hærra vaxtastigi hér en ella. Hversu mikil áhrif er um að ræða þarna liggur þó ekki ljóst fyrir. Hafa verður í huga að sveiflur í gengi krónunnar, sem valda því að fylgni ávöxtunar hér á landi og ávöxtunar á erlendum verðbrefamörkuðum er enn minni en ella, geta gert skuldabréf í krónum að aðlaðandi viðbót við eignasöfn erlendra fjárfesta.

Nú þegar hefur verið gripið til aðgerða til að bæta skilvirkni íslenska skuldabréfamarkaðarins, markfloknum fækkað og markaðsvakt aukin. Þetta hefur skilað góðum árangri þó enn megi gera betur. Velta hefur t.a.m. stóraukist. Einnig er í ár fyrirhuguð útgáfa á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum til 11 ára, með sömu skilmálum og hjá öðrum Evrópuþjóðum og búast má við að haldið verði áfram á sömu braut.



### 3.7.2 Hlutabréfamarkaður

Þróun íslensks hlutabréfamarkaðar hefur verið mjög hröð á undanfönum árum. Í lok síðasta árs nam markaðsvirði skráðra fyrirtækja á Verðbréfaþingi Íslands tæplega 60% af landsframleiðslu, samanborið við einungis 11% árið 1995. Þetta hlutfall er svipað og víða í viðskiptalöndunum, þótt það sé lægra en á þeim stöðum þar sem fjármálamarkaðir gegna hvað stærstu hlutverki. Mikilvægi þessarar þróunar felst í því að öflugur hlutabréfamarkaður, og fjármálamarkaður almennt, gerir kleift að veita þeim fjármagnið til afnota sem best geta nýtt það til eflingar þjóðarhag.

Mörg íslensk fyrirtæki hafa verið dugleg að nota sér hlutabréfamarkaðinn til sóknar á erlenda markaði. Útrásin gerir fyrirtækin sýnilegri erlendum fjárfestum. Það glæðir einnig áhuga erlendra fjárfesta að útrásin eykur möguleika fyrirtækjanna til vaxtar og felur oft í sér áhættudreifingu. Þessi þróun hefur getið af sér nokkur fyrirtæki sem erlendir fjárfestar eru farnir að sýna áhuga. Mikilvægi útrásarfyrirtækja fyrir innlendan hlutabréfamarkað mun ekki takmarkast við þau sjálf ef vel er á spilum haldið. Mögulegt er að þessi fyrirtæki leiði erlenda fjárfesta inn á markaðinn, þannig að fjárfestarnir gefi fleiri innlendum fjárfestingarkostum gaum. Ætla má að einkavæðing ríkisfyrirtækja geti áorkað því sama. Það felur þó ekki í sér að einkoröðaða eigi sölu ríkisfyrirtækja við erlenda fjárfesta, heldur að kynna beri þeim slík áform vel og gera þeim jafnauðvelt og öðrum að taka þátt í einkavæðingarferlinu. Þegar fram líða stundir kann að koma að þeim tímupunkti að þau fyrirtæki sem fremst standa í útrás verða of stór til að reiða sig á íslenska fjárfesta. Því má búast við að nokkur þeirra muni sækja um hliðarskráningu í erlendum kauphöllum á næstu árum. Ef skráning íslenskra fyrirtækja í erlendar kauphallir tekst vel er líka möguleiki á að það auki áhuga erlendra aðila á íslenska markaðinum.

Innlendur hlutabréfamarkaður glímur um sumt við svipaðar hindranir og innlendur skuldabréfamarkaður við að laða að erlenda fjárfesta, eins og t.d. tiltölulega lítinn seljanleika hlutabréfa í mörgum félögum. Að einhverju marki munu sameiningar fyrirtækja og nýskráningar á hlutabréfamarkaði draga úr þessu vandamáli. Í öðrum tilfellum er mögulega hægt að glæða áhuga á góðum fjárfestingarkostum þó að seljanleikavandamál verði áfram til staðar. Takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í innlendum sjávarútvegsfyrirtækjum fela einnig í sér mikilvæga hindrun og hafa án nokkurs vafa hægt á þróun hlutabréfamarkaðarins. Lengi framan af síðasta áratug samanstóð íslenskur hlutabréfamarkaður að stærstum hluta af sjávarútvegsfyrirtækjum. Þau eru e.t.v. það sérstæðasta sem íslenskur fjármálamarkaður hefur upp á að bjóða og því mætti vel hugsa sér að erlendir fjárfestar gæfu þeim gaum. Búast má við að á næstu árum, eftir því sem þekking manna á starfsemi og eðli hlutabréfamarkaða eykst, muni þessar reglur verða felldar úr gildi. Það væri heillaspor bæði fyrir sjávarútveginn og hlutabréfamarkaðinn í heild sinni. Uppgjör í íslenskum krónum kann einnig að hafa torvelað ýmsum erlendum fjárfestum að fá góða sýn á rekstur innlendra fyrirtækja, ekki síst þeirra sem afla verulegra tekna í erlendum gjaldmiðli. Nýleg lög um að leyfa bókhald og gerð ársreikninga í erlendri mynt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum gera þarna bragarbót á.

## 4. Horft til framtíðar

### 4.1 Inngangur

Íslenskur þjóðarbúskapur er í nokkurri lægð um þessar mundir. Þessi lægð kemur í kjölfar drykklangs tímabils mikils uppgangs í efnahagslífinu. Í raun var hagvöxturinn á þessum árum sumpart óhóflega ör vegna þess að hann var drifinn áfram af vexti þjóðarútgjalda umfram vöxt þjóðartekna. Ein afleiðing þessa ójafnvægis var ótæpilegur halli á viðskiptum við útlönd sem ná varð niður. Svo virðist sem betra jafnvægi sé nú að komast á í þjóðarbúskapnum en verið hefur um nokkurt skeið. Kemur þetta fram í því að viðskiptahallinn hefur minnkað stórum, einkum vegna samdráttar í innflutningi, og allar líkur eru á að hægi umtalsvert á verðbólgu á næstu misserum. Forsendur virðast því vera að skapast fyrir nýju hagvaxtarskeiði. Íslendingar eiga mikið undir því að hagvöxtur dafni á nýjan leik svo að við höldum að minnsta kosti í við aðrar þjóðir í okkar heimshluta hvað varðar efnahagslegar framfarir. Þetta verður enn mikilvægara á tímum hnattvæðingar. Reynslan sýnir til dæmis að búferlaflutningar til og frá landinu eru afar háðir því hvernig árar hér í samanburði við það sem gerist í erlendis. Ef íslenskur þjóðarbúskapur fer halloka, flyst fólk úr landi en sækir heim þegar betur á. Langvarandi lægð í efnahagslífinu gæti því haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir fólksfjölda og þjóðfélagsþróun á Íslandi.

Lífskjör á Íslandi eru með þeim bestu sem þekkjast á byggðu bóli. Það er alls ekki sjálfgefið að svo verði um alla framtíð, heldur þurfa bæði að koma til hagfelld ytri skilyrði og markviss stjórn efnahagsmála. Hvers konar efnahagsframfara getum við vænst á komandi áratugi í ljósi þess sem vitað er um skilyrði í þjóðarbúskapnum og horfur um framvindu á alþjóðavettvangi? Tekst okkur að tryggja að Íslendingar verði áfram fremstir í flokki þjóða hvað varðar almenn lífskjör?

Þegar stórt er spurt verður oft fátt um svör. Hagfræðin og hagrannsóknir gefa eingöngu vísbendingar um hvert gæti stefnt. Svörin við spurningum af því tagi sem að framan greinir eru einfaldlega óráðin. Þó má skoða dæmi um hugsanlega þróun eftir því hvernig fer með ytri skilyrði þjóðarbúsins og hvernig til tekst með hagstjórn og skipulagsumbætur. Ljóst er þó að dæmaútreikningur speglar fyrst og fremst forsendurnar sem gefnar eru og að niðurstöðurnar verða aldrei annað en sýnishorn af mögulegum útkomum.

Áður en kemur að dæmunum verður í stuttu máli fjallað um helstu uppsprettu hagvaxtar, einkum að því er varðar Ísland og þau sjónarmið sem æskilegt er að höfð séu að leiðarljósi við hagstjórnina. Sérstök áhersla er lögð á að greina hvert horfir í gengismálunum vegna mikilvægis þeirra fyrir utanríkisviðskiptin. Þá verða skoðuð fjögur dæmi sem byggjast á mismunandi forsendum og gefa því ólíkar niðurstöður. Fyrsta dæmið er grunnæmi sem byggist á hlutlausum, eða heldur viðburðasnaudum forsendum um framvinduna. Segja má að forsendur grunnæmisins séu hvorki bjartsýnar né svartsýnar. Hin þrjú dæmin eru fráviksdæmi. Fyrsta fráviksdæmið miðast við að fram til ársins 2010 aukist álframléiðsla í samræmi við þau áform sem nú eru helst á döfinni. Annað dæmið gerir ráð fyrir því að brestur verði á afla árið 2003 og hann dragist saman um 10%. Loks er í þriðja fráviksdæminu leitast við að draga fram í dagsljósið hvaða þýðingu upptaka evrunnar gæti haft fyrir hagstjórnina.

### 4.2 Uppsprettur hagvaxtar og stjórn efnahagsmála

#### 4.2.1 Hagvaxtarfræði

Samkvæmt hagfræðikenningum ræðst framleiðslugeta hagkerfis þegar til lengdar lætur af umfangi framleiðsluþáttanna, vinnuafis og fjármagns ásamt framleiðni þeirra. Vöxtur framleiðslugetunnar fer því eftir vexti framleiðsluþáttanna og framleiðniþróun. Eiginleg framleiðsla getur um skamma hríð vikið frá framleiðslugetunni á hvorn veginn sem er, en til lengri tíma litið stuðlar jafnvægistilhneiging í hagkerfinu að því að saman dregur með þessum stærðum. Það sama á við um eiginlegan hagvöxt. Hagvöxturinn getur vikið frá vexti framleiðslugetunnar frá ári til árs, en til lengdar má setja jafnaðarmerki þar á milli.

Flókt framleiðslunnar yfir og undir framleiðslugetuna er kennt við hagsveifluna. Þensla og vaxandi verðbólga er fylgifiskur þess að framleiðslan fari um skeið fram úr framleiðslugetunni, en aukið atvinnuleysi hlýst af því að framleiðslan dragist aftur úr framleiðslugetunni. Eitt höfuðverkefni hagstjórnar er að draga eftir megni úr þessu flókti og jafna út hagsveifluna.



Fólksfjölgun ræður mestu um vöxtinn í vinnuaflinu, til langs tíma lítið, en breytingar á atvinnuþátttöku geta aukið eða dregið úr þessum vexti til skamms tíma. Hagvöxtur, sem einvörðungu byggist á auknu vinnuafli, gefur ekki færi á batnandi lífskjörum, því að aukin framleiðsla skiptist einfaldlega á fleiri hendur. Öðru máli gegnir um hagvöxt sem hlýst af auknu fjármagni í notkun í hagkerfinu. Fjármagn eflist af sparnaði og fjárfestingu, sem færir vinnuaflinu fleiri tæki og tól til að vinna með og eykur þar með afköst þess. Fjárfestingin eykur einnig að öðru jöfnu framleiðni fjármagnsins því að afkastageta nýrrar fjárfestingar er yfirleitt meiri en þess fjármagns sem úreldist.

Margir þættir leggjast á eitt til að stuðla að aukinni framleiðni eða auknum afköstum framleiðsluþáttanna. Atriði eins og sífelldar tækniframfarir, aukin menntun og færni vinnuaflsins, bætt skipulag framleiðslunnar og betri nýting aðfanga, vega þungt. Einnig koma við sögu atriði eins og stjórnunarhættir, jafnt innan fyrirtækja sem á opinberum vettvangi, og virðing fyrir lögum og reglum samfélagsins.

Til að efla hagvöxt og bæta lífskjör verður því að skapa efnahagslegt umhverfi sem gerir fjárfestingu arðbæra, hvort sem er í fastafjármunum eða í menntun og kunnáttu. Enn fremur verður að gæta þess að umhverfið stuðli að rannsóknar- og þróunarstarfi sem leggur grunn að tækniframförum og hvetur menn til að leita leiða til að auka hagkvæmni í framleiðsluskipulagi og nýtingu aðfanga.

Reynslan er órækur vottur um að samkeppni á markaði er ein áhrifaríkasta leiðin til að ná fram þessum markmiðum, þótt einnig þurfi að koma til opinber stuðningur við menntun og rannsóknir og þróun. Að öðru leyti verður hið opinbera einnig að sinna mikilvægu eftirlits- og dómarahtutverki og sjá samfélaginu fyrir margvíslegum sameiginlegum mannvirkjum.

Sparnaðarhneigð og fjárfestingarvilji byggjast í ríkum mæli á trú á framtíðina, því að sá sem sparar og fjárfestir er í raun að fresta neyslu á líðandi stund til að búa í hagin fyrir framtíðina. Viðunandi fjárfestingarstig, sem er ein helsta uppspretta hagvaxtar, veltur því á að almennt traust ríki á efnahagshorfum og efnahagsstefnu stjórnvalda. Stjórnvöld þurfa að tryggja efnahagslegan stöðugleika, einkum með því að halda verðbólgu í skefjum og með sanngjörnum og gegnsæjum leikreglum á vettvangi efnahagsmálanna. Virk þátttaka í hnattvæðingunni ýtir undir hagvöxt með margvíslegum hætti. Hún næst með því að opna hagkerfið, bæði fyrir vöru- og fjármagnsflæði, með afnámi tolla og annarra verslunarhindrana og hafta á fjármagnsflutninga. Hún gefur færi á verkaskiptingu og sérhæfingu þjóða í því sem þær gera best og stuðlar að stærðarhagkvæmni í framleiðslu. Hún gefur einnig þjóðum kost á að læra hver af annarri og stuðlar þannig að útbreiðslu bestu tækni og framleiðsluáðferða. Síðast en ekki síst örvar hún samkeppni.

Þegar kemur að forsendum hagvaxtar eru náttúruauðlindir tvíeggjað sverð. Ríkulegar náttúruauðlindir geta auðvitað lagt grunn að hagsæld, en þær eru vandmeðfarnar og eru mörg dæmi þess að auðlindaríkum þjóðum hafi vegnað verr en auðlindasnaudum. Ótæpileg nýting náttúruauðlinda leiðir iðulega til þess að raungengi gjaldmiðilsins verður svo hátt að önnur atvinnustarfsemi nær sér aldrei á strik eða fer halloka. Er þetta fyrirbæri svo algengt að það hefur fengið eigið nafn: „hollenska veikin.“

#### **4.2.2 Hagvöxtur á Íslandi og útflutningsframleiðslan**

Þessar almennu hugmyndir um uppsprettu hagvaxtar í markaðshagkerfi eiga auðvitað einnig við um Ísland. Vegna smæðar íslenska hagkerfisins eigum við þó meira undir farsælum utanríkisviðskiptum en flest önnur iðnríki. Það liggur í augum uppi að fámenn þjóð eins og Íslendingar getur alls ekki verið sjálfri sér nóg um neysluvörur. Við hljótum ævinlega að verða háð innflutningi á stórum hluta af þeirri vöru og þjónustu sem við neytum og fyrir vikið hljótum við því alltaf að þurfa að flytja út stóran hluta af afrakstri framleiðslu- starfseminnar í landinu.

Tengslin milli ytri skilyrðanna og árferðis í þjóðarbuínni eru einnig afar náin. Aflabrestur eða rýmun viðskiptakjara hafa iðulega verið undanfari niðursveiflna, en jafnframt hafa góðærin aðallega átt upptök sín í útflutningsgreininum. Einnig hefur verið náð samanband á milli útflutnings og landsframleiðslu þegar til langs tíma er lítið.

Frá árinu 1960 hefur hlutfallið milli vöruútflutnings og landsframleiðslu verið tiltölulega stöðugt, nálægt fjórðungi að meðaltali. Hlutfallið milli útflutnings vöru og þjónustu og landsframleiðslu hefur einnig verið stöðugt, nálægt þriðjung. Þrátt fyrir augljóst mikilvægi utanríkisverslunarinnar fyrir íslenskan þjóðarbúskap, eru þessi hlutföll fremur lág í samanburði við það sem gerist með öðrum þjóðum. Þetta stafar væntanlega af því að innflutningur aðfanga og hálfunninna vara til iðnframleiðslu og frekari úrvinnslu er lítill hér á landi. Í öðrum löndum tíðkast að svo til sama varan sé flutt fram og aftur yfir landamæri, án þess að virðisaukinn sé ýkja mikill en inn- og útflutningstölur bólgna eigi að síður.

Næsta víst er að áframhaldandi hagvöxtur verði að haldast í hendur við sjálfbæran vöxt útflutningsframleiðslunnar. Síðustu tvo áratugina hefur hagvöxtur á Íslandi verið um 3% á ári í heild og um 2% á ári á mann, en almennt er talið að sjálfbær hagvöxtur í iðnríkjunum sé á bilinu 2-2,5% á ári á mann. Þetta þýðir að við verðum að ná heldur betri hagvaxtarárangri á næstu árum en að jafnaði síðustu tvo áratugina, ef við ætlum að vera áfram í hópi fremstu ríkja hvað lífskjör varðar. Jafnframt þýðir þetta að útflutningur vöru og þjónustu héðan verður að aukast um ríflega 3% á ári að jafnaði í framtíðinni. Raunar gæti vöxtur útflutnings þurft að verða enn örari ef útflutningsaukningin verður í aðfangafrekari greinum en nú er raunin. Miðað við þær þröngu skorður sem settar eru við aukningu sjávarvöruútflutnings, sem enn er um 60% af öllum vöruútflutningi, þarf önnur útflutningsframleiðsla að aukast hröðum skrefum til að þessu marki verði náð. Þessi þörf undirstríkar nauðsyn þess að umhverfi atvinnulífs í landinu hlúi að og hvetji útflutningsframleiðslu. Fátt er mikilvægara í því skyni en sterk samkeppnisstaða, en þar vegur þungt hagstætt og stöðugt raungengi krónunnar.

#### 4.2.3 Stjórn efnahagsmála

Undir hagstjórnina fellur meðferð ríkisfjármála og peningamála, og þar með einnig gengismála. Meginmarkmið hennar er að tryggja stöðugleika og jafnvægi á tímum stígvaxandi hraða í viðskiptum og mikilla breytinga á viðskiptaumhverfi landsins. Hér er einkum átt við litla verðbólgu og jöfnuð milli framboðs og eftirspurnar, framleiðslu og útgjalda. Jafnvægi í þjóðarbúskapnum vísar til ásættanlegrar stöðu viðskiptajafnaðar gagnvart útlöndum, og þar með þjóðhagslegs sparnaðar, og jafnframt viðunandi atvinnustígs. Efnahagslegur stöðugleiki af þessum toga er mikilvæg forsenda þess að framleiðslugeta eflist. Í víðum skilningi teljast umbætur á skipulagi og umgjörð efnahagsstarfseminnar, til að gera hana skilvirkari og örva hagvöxt, einnig til hagstjórnar. Hér á eftir verður dregið á nokkur meginatriði hagstjórnar en gengismálunum verða gerð skil í sérstökum undirkafla.

Allgöð samstaða ríkir um nokkur meginsteff við stjórn efnahagsmála. Þannig eru allflestir sammála um að ríkisfjármálin henti illa til að jafna hagsveiflur, því að tafsamt er að breyta stöðu ríkisfjármála með skömmum fyrirvara, þar sem hún er yfirleitt ákveðin með fjárlögum einu sinni á ári. Sífelldar breytingar á ríkisútgjöldum og sköttum bjóða þeirri hættu heim að opinberum fjármunum sé illa varið í pólitísku vinsældakapphlaupi. Reynsla síðustu áratuga sýnir að virk ríkisfjármálastefna sem miðar að því að fínstillast efnahagsumsvif í hagkerfinu, er líkleg til að hafa innbyggða verðbólguleitni. Réttast er því að marka stefnuna í ríkisfjármálum út frá langtímasjónarmiðum um jafnvægi í hagkerfinu. Eftir að síður stuðla ríkisfjármálin að sveiflujöfnun í gegnum sjálfvirk áhrif hagsveiflunnar á gjöld og tekjur ríkisins. Þegar kreppt er að í þjóðarbúskapnum minnka skatttekjurnar og útgjöldin aukast, meðal annars vegna atvinnuleysisbóta, og öfugt þegar uppgangur er. Þessi sjálfvirka sveiflujöfnun er æskileg.

Með tilkomu evrunnar hefur sú umræða færst í aukana að nauðsynlegt sé að binda þannig um hnútana að ríkisfjármál geti sinnt hagstjórnarhlutverki sínu betur en raunin hefur verið hingað til, enda geta aðstæður í efnahagsmálum verið mismunandi frá einu ríki til annars innan myntbandalagsins og við því getur sameiginleg peningastefna ekki brugðist. Fram hafa komið hugmyndir um tilhögun ríkisfjármála sem miða að því að gera þau að sveigjanlegra tæki til sveiflujöfnunar og jafnframt minnka líkurnar á því að útgjöld fari úr böndunum undir formerkjum hagstjórnar. Dæmi um hugmyndir af þessu tagi eru nýlegar tillögur opinberrar sáenskrar nefndar um umgjörð ríkisfjármála í Svíþjóð, ef aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (EMU) yrði að veruleika.<sup>22</sup> Í tillögunum er gert ráð fyrir að langtímasjónarmið ráði jafnan stefnunni í ríkisfjármálum, en að hægt verði að bregðast við stórum áföllum í efnahagslífinu með sérstökum aðgerðum. Jafnframt er mælt með að afgangur sé á fjármálum ríkisins að öllu jöfnu svo að svigrúm skapist

til kröftugra aðgerða þegar á móti blæs. Til að hindra misnotkun á þessu hagstjórnartæki leggur nefndin til að sérstakar aðgerðir þurfi að rökstyðja vandlega, að aðgerðirnar séu almenns eðlis og afmarkaður hluti fjárlaga eyrnamerktur þeim.

Vextir, einkum skammtímavextir á peningamarkaði, eru meginstjórnartæki seðlabanka í peningamálum. En þótt auðvelt sé að breyta peningamarkaðsvöxtum koma áhrif breytinganna á efnahagsumsvif afar seint fram, yfirleitt ekki fyrr en að einu eða tveimur árum liðnum. Er því ekki nokkur kostur að stýra heildareftirspurn í hagkerfinu á líðandi stund í gegnum peningamálin. Almennt er nú viðurkennt að best fari á því að peningamálunum sé beitt með það að markmiði að tryggja lága verðbólgu, sem víðast hvar þýðir verðbólga í kringum 2% á ári. Þetta er ýmist gert með því að miða peningastefnuna við eitthvert millimarkmið, til dæmis gengi gjaldmiðilsins, eða beint verðból gumarkmið, eins og fjallað er um í næsta undirkafla.

Umbætur á hagskipulaginu vísa til breytinga á þáttum sem stjórnvöld ákvarða og mynda umhverfi efnahagsstarfseminnar ásamt breytingum á hagstjórnartækjunum sjálfum. Hér er um að ræða þætti eins og skatta á fyrirtæki og einstaklinga og reglur af hinum margvíslegasta toga, sem hafa beinan eða óbeinan kostnað í för með sér, en einnig umsvif ríkisins í þjóðarbúskapnum.

Sem fyrr segir er æskilegt að stefnan í ríkisfjármálum miði að því að tryggja jafnvægi í þjóðarbúskapnum til lengri tíma litið og stuðli jafnframt að viðunandi þjóðhagslegum sparnaði. Að lágmarki þyrfti ríkissjóður að vera hallalaus að meðaltali litið yfir langt árabil. Þetta hefði í för með sér að heildarskuldir ríkissjóðs myndu að minnsta kosti lækka að raungildi. Slíkur árangur myndi efla traust á efnahagsstefnu íslenskra stjórnvalda og þjóðarbúskapurinn yrði einnig betur undir það búinn að mæta ófyrirséðum ytri áföllum. Með tímanum ætti raunvaxtastig hér á landi ætti að geta lækkað langleiðina niður í það sem það er meðal helstu viðskiptalanda, hugsanlega um 1-2 prósentustig. Raunvaxtalækkun af þeirri stærðargráðu ætti að hafa hagstæð áhrif á innlenda fjárfestingu og sjálfbært hagvaxtarstig.

Mikil opinber útgjöld kalla á háa skatta, en háir skattar letja framtak og vinnugleði og draga þar með úr hagvexti að öllu jöfnu. Það er því mikilvægt að setja umsvifum hins opinbera skorður án þess þó að skerða meginstoðir velferðarkerfisins. Afar brýnt er því að stilla útgjöldum í hóf með hagkvæmum rekstri og auknum afköstum. Hér virðist nærtækt að miða við að heildarútgjöld hins opinbera verði ekki meiri en þriðjungur landsframleiðslu og samneyslan ekki meiri en fimmtungur af landsframleiðslu.

Í heimi hnattvæðingar er mikilvægt að almenn starfskilyrði séu ekki lakari á Íslandi en í helstu viðskiptalöndum. Þegar hefur verið fjallað um gildi þess að verðbólga sé lág og vaxtamanur milli Íslands og annarra landa minnki. Þetta á einnig við um skattamál fyrirtækja sem ákveða oft staðsetningu sína eftir því hvar skattalegt umhverfi er hagstæðast. Það eru ekki einvörðungu fyrirtækjaskattar sem hér um ræðir, heldur einnig skattar á einstaklinga og heimili. Hóflegir fyrirtækjaskattar efla samkeppnishæfni fyrirtækjanna og hóflegir einstaklingsskattar auðvelda fyrirtækjunum að laða til sín besta starfsfólkið.

Miklu skiptir einnig að margvíslegur kostnaður, til dæmis af fjármálþjónustu og í flutningum og fjarskiptum, sé lágur. Þetta verður best tryggt með því að efla samkeppni á þessum sviðum og þarf einkavæðing á opinberri þjónustu einnig að koma til í sumum tilvikum. Þá er mikilvægt að skólakerfið sé í stakk búið til að mennta og þjálfja það starfsfólk sem fyrirtækin þurfa á að halda í vaxandi samkeppni. Jafnframt þarf hið opinbera sérstaklega að styðja rannsóknar- og þróunarstarf á sviðum þar sem hagnaðarvonin er mikil en jafnframt sérstaklega óviss. Að endingu er það stjórnvalda að búa svo um hnútana að íslensk fyrirtæki standi jafnfætis fyrirtækjum annarra þjóða á alþjóðamörkuðum, með víðtækri þátttöku í samstarfi um alþjóðæfnahagsmál og í viðskiptabandalögum sem hagstæð eru Íslendingum.

#### **4.3 Hvert horfir í gengismálum?**

Gengismálin hafa ætíð verið snar þáttur í peningamálum Íslands. Á sjötta áratugnum var hér fjölgengiskerfi með miklum millifærslum. Sjávarútvegurinn bjó við eitt gengi, innflytjendur við annað. Við tók fast gengi með tíðum gengisfellingum, enda var verðbólga hér á landi yfirleitt langtum meiri en með viðskiptaþjóðum. Eins og gefur að skilja voru bæði nafngengi og raungengi krónunnar óstöðug á þessu tímabili, sem í aðra

röndina mátti rekja til ytri áfalla á borð við aflabrest og snögga rýrnun viðskiptakjara, en í hina til ónógrar festu við stjórn efnahagsmála.

Verulegar breytingar urðu á umgjörð og tilhögun gengismálanna á síðasta áratugi. Hvað umgjörðina varðar skiptir mestu að komið var á fót gjaldeyrismarkaði, þar sem framboð og eftirspurn hafa áhrif á gengi krónunnar og hömlum á fjármagnshreyfingum milli landa var aflétt. Í orði kveðnu fólst gengistilhögunin í föstu en breytanlegu gengi allan áratuginn, en í raun breyttist hún úr opinberlega skráðu gengi, sem ákveðið var með stjórnvaldstilskipunum, í markaðsgengi sem fékk að fljóta innan sívíkkandi marka. Á þessum árum lýsti Seðlabankinn peningastefnu sinni svo að stöðugt gengi væri millimarkmið en aðalmarkmiðið væri stöðugleiki í verðlagsmálum. Snemma árs 2001 var loks bundinn endir á alla tilburði til að framfylgja fastgengisstefnu hér á landi. Þá tók Seðlabankinn, í samráði við ríkisstjórn, upp beint verðbólguþæðumarkmið sem yfirlýst takmark peningastefnu sinnar. Seðlabankinn hefur þó áfram góðar gætur á genginu, enda skiptir það sköpum fyrir verðlagsþróunina.

Þessi þróun gengistilhögunar á Íslandi er í góðu samræmi við þróun hugmynda á alþjóðavettvangi um hvaða fyrirkomulag gengismála standi til boða þegar fjármagnshreyfingar milli landa hafa verð gefnar frjálssar. Í meginatriðum hefur þessi þróun verið í þá átt að undir þessum kringumstæðum séu kostirnir í raun aðeins tveir: Annars vegar rígfast gengi eða hins vegar fullkomlega frjálst gengi.

Með rígföstu gengi er átt við fastgengisyfyrirkomulag þar sem afar torvelt er að breyta genginu. Fastgengisyfyrirkomulagi af þessum toga er til dæmis hægt að koma á í gegnum myntráð eða myntbandalag. Í myntráði er gengi gjaldmiðilsins bundið í lögum og gjaldeyrisvarasjóðir standa á bak við alla gjaldmiðilsútgáfu, en í myntbandalagi leggja þjóðir niður eigin gjaldmiðla og taka taka upp sameiginlega mynt. Nokkur dæmi má finna um myntráð. Sum hafa gefist vel, er oft vísað til Hong Kong sem dæmis, en önnur illa og er Argentína nýjasta dæmið um þetta. Efnahags- og myntbandalag Evrópu og evran eru nærtækasta dæmið um myntbandalag og sameiginlegan gjaldmiðil.

Við frjálst gengi, fyrirkomulagið sem nú er við lýði á Íslandi, gangast stjórnvöld ekki undir neinar kvaðir um að verja tiltekið gengi eða halda því innan tiltekinna marka. Varla er þó hægt að ganga svo langt að segja að stjórnvöld láti sig engu varða um þróun gengisins þar sem hún hefur mikil og jafnvel afgerandi áhrif á verðlagsþróun í opnu hagkerfi. Til sanns vegar má færa að gengi Bandaríkjadals komist næst því að vera frjálssast allra gjaldmiðla. Meðal annarra ríkja sem tekið hafa upp verðbólguþæðumarkmið á undanförunum árum og standa okkur nærri, eða okkur er tamt að bera okkur saman við, eru Bretland, Kanada, Noregur, Nýja-Sjáland og Svíþjóð.

Að sama skapi og stuðningur hefur aukist við þá hugmynd að valið standi aðallega á milli þessara tveggja meginkosta, hefur stuðningur dvínað við millibilslausnir, eins og fast en breytanlegt gengi eða fljótandi gengi innan vikmarka. Meginröksemdin fyrir þessari afstöðu sem beitt er hér, er sú að hverfi þjóð ekki sjálfviljug frá millistefnu í gengismálum, muni sjákaupmenn og önnur markaðsöfl hrekja hana af þessari braut fyrir eða síðar, oft með skelfilegum afleiðingum. Þessu til staðfestingar er hér gjarnan vísað í reynslu Evrópusambandsríkja og Evrópska myntkerfisins á fyrri hluta tíunda áratugarins og svo ríkja í Suðaustur-Asíu og Mið- og Suður-Ameríku á síðari helmingi áratugarins. Að sumu leyti á þetta einnig við um aðdraganda þess að horfið var frá fastgengisstefnu hér á landi á vormánuðum árið 2001. Þá stefndi í að kostnaður Seðlabankans við að verja gengi krónunnar færi úr böndunum.

Að baki hugmyndinni um að þjóðir standi frammi fyrir þessum afarkostum í gengismálunum, rígföstu eða fljótandi gengi, liggur sú hugsun að ekki sé hægt að sameina í eitt hagstjórnarfyrirkomulag fast gengi, frelsi í fjármagnsflutningum og sjálfstæða peningastefnu. Þetta hefur verið nefnt ómöguleika-þríhyrningurinn. Vilji menn til dæmis búa við fast gengi og frjálssa fjármagnsflutninga þurfa menn að gefa upp á bátinn sjálfstæða peningastefnu, það er svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana um vexti, því að peningastefnunni verður að beita til að halda genginu föstu. Undir þessum kringumstæðum ákvarðast vextir einfaldlega af vaxtastigi erlendis og hækka og lækka með þeim. Vextir eru þó ekki endilega þeir sömu og erlendis ef áhættuþættir reka þar fleyg á milli. Vilji menn á hinn bóginn halda í sjálfstæða peningastefnu við frelsi í

fjármagnsflutningum, verður að fórna möguleikanum á fastgengisfyrirkomulagi. Loks leiðir af þessari röksemdafærslu að ekki sé völ á sjálfstæði í vaxtamálum við fast gengi nema höft séu á fjármagnsflutningum milli landa.

Er þá nokkuð hægara en að þrengja frjálsræði til fjármagnsflutninga? Myndi það ekki leysa allan tilvistarvanda í vali á gengisfyrirkomulagi? Hér er við ramman reip að draga því að slíkar hömlur eru ýmist taldar óhagkvæmar eða gagnslaugar í nútímahagkerfi, eða einfaldlega óleyfilegar vegna milliríkjasamninga sem í gildi eru. Þannig kveður samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið meðal annars á um frjálsa fjármagnsflutninga og skuldbindur hann Íslendinga í þessum efnunum.

Þótt þessar hugleiðingar séu á margan hátt sannfærandi fer því fjarri að færðar hafi verið sönnur á afarkostatilgátuna í eitt skipti fyrir öll. Það er til dæmis ekki hægt að halda því fram að fyrirkomulag sem byggist á takmörkuðu sjálfstæði í peningamálum og föstu, en þó ekki rígföstu, gengi sé í rökrétrtri mótsögn við hugmyndirnar á bak við ómöguleika-þríhyrninginn. Þar sem þetta er í hnotskurn lýsing á því fyrirkomulagi sem var í notkun á Íslandi þar til núverandi verðbólguþröngun var tekið upp má draga þá ályktun að ekki er útilokað að einhvern tíma verði unnt að taka aftur upp stefnu í gengismálum sem byggist á föstu, en breytanlegu, gengi. Víst er þó að slíkt fyrirkomulag yrði vart langlíft nema aðrir þættir hagstjórnarinnar, og þá einkum ríkisfjármálin, væru þá í sérstaklega góðu horfi.

Þegar kemur að vali á gengisstefnu er mikilvægt að hafa hugfast að engin ein stefna er alltaf rétt fyrir allar kringumstæður. Breyttir tímar og breyttar aðstæður geta kallað á stefnubreytingu, jafnvel kúvendingu. Seðlabanki og ríkisstjórn töldu nauðsynlegt að taka upp þá peninga- og gengisstefnu sem nú er í hávegum höfð, þ.e. verðbólguþröngun og fljótandi gengi, við þær aðstæður sem ríktu á fyrri hluta árs 2001. Þá hafði gengi krónunnar verið undir miklum þrýstingi um hríð, meðal annars vegna vaxandi óvissu um horfur í þjóðarþróunum í bráð og lengd.

Ekki er enn tímabært að fella dóm yfir hinni nýju umgjörð Seðlabankans í peningamálum, til þess er of skammur tími liðinn frá því hún var innleidd. Þannig eru ekki öll kurl komin til grafar um það hvort markmiðin um verðbólgu í lok ársins 2002 (4%) og svo aftur ársins 2003 (2,5%) muni nást, þótt verðbólga síðasta árið hafi verið heldur meiri en vonir stóðu til í mars 2001 þegar verðbólguþröngun var innleitt. Þá lækkaði líka gengi krónunnar mun meira, eftir að vikmörkin voru afnumin, en ætla má að Seðlabankinn og stjórnvöld hafi reiknað með. Það sem af er árinu 2002 hefur gengi krónunnar heldur styrkst en horfurnar um framhaldið eru engu að síður ákaflega óvissar. Breytingar á verðvísitölu neysluvöru og framvinda á vinnumarkaði næstu mánuði og útlit fyrir viðgang útflutnings- og gjaldeyristekna í bráð og lengd, munu ráða miklu um gengisþróun næstu misseri.

Það gefur hins vegar auga leið að hætt er við miklum sveiflum bæði í nafn- og raungengi í hagkerfi eins og hinu íslenska, sem verður fyrir sífelldum búisfjum og búhnykkjum að utan, og þar sem gjaldmiðillinn flýtur. Ekki er ólíklegt að það muni ráða úrslitum um langlíft núverandi fyrirkomulags stefnunnar í peningamálum hversu sveiflukennt nafn- og raungengið verður og hvert þol stjórnvalda og atvinnulífs fyrir slíkum sveiflum verður, þótt auðvitað muni árangur í baráttunni við verðbólgu eina og þungt.

Svo getur farið að Íslendingar þurfi aftur að endurskoða fyrirkomulag gengismála innan tiltölulega fárra ára. Kemur þar tvennt til. Annars vegar gæti svo farið að mönnum þætti verðbólguþröngunin hafa brugðist, ekki endilega varðandi sjálfstæði verðbólguþröngunin, heldur varðandi stöðugleikann í gengismálunum. Hins vegar er hugsanlegt að aðild Íslands að Evrópubandalaginu, og þar með að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu, kæmist á dagskrá. Næsta víst er að einhvers konar fastgengiskerfi myndi leysa núverandi fyrirkomulag af hólmi, þætti hið síðarnefnda hafa brugðist. Þá er öruggt að aðdragandi aðildar að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar myndi kalla á að horfið yrði frá frjálsu gengi að einhvers konar fastgengistilhögun.

Í ljósi þess að hugsanlegt er að aftur þyki æskilegt að taka upp fast gengi með einhverju sniði hér á landi, er rétt að rifja upp helstu kosti fastgengiskerfis í samanburði við flotgengi. Einkum er tveimur meginkostum



teflt fram fastgengisfyrirkomulagi til málsbóta. Í fyrsta lagi, að fast gengi dragi úr viðskiptakostnaði og gengisáhættu og stuðli þar með að fjárfestingu í útflutningsframleiðslu og utanríkisverslun. Í öðru lagi, að fast gengi sé trúverðugt og gegnsætt akkeri fyrir peningastefnuna. Á hinn bóginn er það jafnan talið helsti kostur fljótandi gengis að það gefur færi á sjálfstæðri peningastefnu. Ákvarðanir um vexti geti því tekið mið af staðbundnum aðstæðum í efnahagsmálum en þurfi ekki að lúta vöxtum erlendis. Þá er aukinn stöðugleiki í gengismálum talinn fastgengisfyrirkomulagi til tekna, en á móti kemur að óhófleg erlend lántaka í skjóli fasts gengis kann að enda illa ef gengið verður spákaupmennsku að bráð.

Gengistilhögun, sem byggist á föstu en breytanlegu gengi, er tilraun til að sameina í eitt fyrirkomulag kosti fasts og fljótandi gengis. Við allar venjulegar kringumstæður er stefnt að því að halda nafngenginu stöðugu sem ætti að gefa hvort tveggja í senn, stöðugt verðlag og stöðugt raungengi. Verði hagkerfið hins vegar fyrir skelli að utan, hvort sem hann yrði jákvæður eða neikvæður, getur breyting á genginu auðveldað aðlögun að breyttum aðstæðum. Mörg dæmi eru um þetta í íslenskri hagsögu. Brestur verður í útflutningstekjum og gengið er fellt til að draga úr innflutningi og örva jafnframt frekar útflutningsframleiðslu. Lítið hald er hins vegar í gengisbreytingum af þessu tagi ef þeim er jafnharðan velt út í laun og verðlag. Hér á árum áður dró þetta mjög úr virkni gengisfellinga sem urðu því aðallega til að kynda undir verðbólgu. Öðru máli gegndi um gengislækkunarinnar 1992 og 1993 þegar þjóðarsátt á vinnumarkaði tryggði að lækkun á nafngengi krónunnar kom fram í hagstæðara raungengi, en ekki hækkandi verðlagi. Þetta dæmi undirstrikar mikilvægi þess að aðrir þættir hagstjórnarinnar leggist á sveif með gengisstefnunni við fastgengisfyrirkomulag.

Fast, en breytanlegt gengi, útheimtir að ákveðið sé í fyrsta lagi hversu mikið gengið megi hreyfast frá degi til dags á markaði og í öðru lagi við hvaða gjaldmiðil eða körfu gjaldmiðla skuli binda gengið. Helst virðist koma til greina að vikmörk í nýrri fastgengisstefnu yrðu tiltölulega þröng, jafnvel ekki meiri en 1-2% til hvorrar handar frá miðgengi. Þetta stafar ekki af því að Evrópubandalagið geri eða myndi gera kröfu um svo þröng vikmörk, í aðdraganda stofnunar Efnahags- og myntbandalagsins árið 1999 töldust vikmörk sem voru 15% til hvorrar handar ásætlanleg, heldur myndi ákvörðun um svo þröng vikmörk byggjast á því hversu lítill munur er í raun á föstu gengi við víð vikmörk og fljótandi gengi. Ávinningurinn af því að fara úr fljótandi gengi í fast gengi við víð vikmörk væri því næsta lítill.

Við val á viðmiðun fyrir fast gengi togast sjónarmið hagvaxtar og stöðugleika á. Hagvaxtarsjónarmiðið kallar á að viðmiðunin spegli samsetningu utanríkisviðskipta þjóðarinnar eins og best verður á kosið. Þar sem utanríkisviðskiptin dreifast á margar þjóðir, felst í þessu að gengisviðmiðunin ætti helst að vera gjaldmiðilskarfa á borð við þá sem notuð er við útreikning á nafn- og raungengi krónunnar. Á hinn bóginn kallar stöðugleikasjónarmiðið á að gengisviðmiðunin treysti trúverðugleika gengisstefnunnar. Ein helsta leiðin í þessu skyni er aukið gegnsæi sem ná má fram með því að binda gengið við einn, vel þekktan gjaldmiðil lands sem jafnframt býr við lága verðbólgu. Hvað okkur Íslendinga áhrærir má færa sterk rök fyrir því að evran yrði heppileg viðmiðun fyrir fast gengi, komi til annarrar atrennu að slíku fyrirkomulagi, því að hún tvinni saman þessi tvö sjónarmið. Evran, sem nú er orðin fullgild mynt, er gjaldmiðill nokkurra stærstu viðskiptaþjóða okkar og talsverðar og vaxandi líkur virðast á því að nokkrar stórar viðskiptaþjóðir í viðbót (Bretland, Danmörk og Svíþjóð) taki upp evruna á næstu árum. Þá fer heldur ekki á milli mála að verðbólga á evrusvæðinu er lág og að hverfandi líkur eru á því að einhver breyting verði þar á í framtíðinni. Ótímabært er að fella dóm yfir verðbólgu markmiðsfyrirkomulagi því sem tekið var upp í mars á síðasta ári. Engu að síður virðist ekki útilokað að æskilegt muni þykja að hverfa aftur að gengistilhögun, sem byggist á föstu en breytanlegu gengi, innan tiltölulega fárra ára. Rök má færa fyrir því að vikmörk fyrir daglegar hreyfingar gengisins ættu þá að vera þröng og að binda ætti gengið við evruna. Þessi niðurstaða á við þótt Íslendingar hafni aðild að Evrópubandalaginu um ókomna framtíð en styrkist til muna, fari svo að Íslendingar sækist eftir aðild að Evrópubandalaginu og þar með því, að gera evruna að eigin gjaldmiðli.

#### **4.4. Tvö dæmi um hugsanlega þróun efnahagsmála á næstu 10 árum**

Hér verða gefin tvö dæmi um hugsanlega þróun efnahagsmála til ársins 2012. Í því fyrra, grunndæmi, er ekki gert ráð fyrir frekari stóriðju. Þá er gengið út frá þeirri forsendu að óhjákvæmilegt sé að viðskipti við útlönd leiti í jafnvægi á næstu árum með einum eða öðrum hætti. Í dæminu er reiknað með að þessu verði áorakað




með aðhaldi í opinberum rekstri og auknum sparnaði heimilanna. Þetta felur í sér nokkuð jafnan hagvöxt eftir þá stöðnun í þjóðarþúskapnum sem horfur eru á næstu misseri. Þetta er ákjósanlegasta leiðin að jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Hægt er að ímynda sér aðra leið að slíku jafnvægi sem fæli í sér hraðari vöxt opinberra útgjalda og einkaneyslu til að byrja með, en harkalegri aðlögun síðar. Í síðara dæminu er gert ráð fyrir aukinni álframleiðslu.

#### 4.4.1. Grunnæmi

Í þessu dæmi tekur hagvöxtur að glæðast á árinu 2003 eftir tímabundna niðursveiflu árið 2002. Frá og með árinu 2004 er hagvöxtur nálægt jafnaðarhagvexti síðustu 15 ára eða 2,75% Reiknað er með að opinber útgjöld vaxi tiltölulega hægt, eða um 2% að raungildi ár hvert. Eftir stöðnun 2002-2004 tekur vöxtur einkaneyslu að glæðast og er 2,5-3% árlega. Aðhald í rekstri hins opinbera og aukinn sparnaður heimilanna, leiðir til þess að viðskiptahallinn minnkar ört og jöfnuður, eða því sem næst, verður á viðskiptum við útlönd megnið af tímabilinu til 2012. Af þessu leiðir að erlend skuldastaða, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, lækkar lítillega. Lengst af er afgangur af viðskiptum með vöru og þjónustu sem nemur 2,5-3% af landsframleiðslu. Á móti vega nettó vaxta- og arðgreiðslur til erlendra aðila. Útflutningur vöru og þjónustu vex að jafnaði um tæpt 3,5% á ári og innflutningur um ríflega 3%. Í dæminu er gert ráð fyrir nokkuð aðhaldssamri peningastefnu, eða að raunstyrivextir verði um 4,5%. Hóflegur og nokkuð jafn vöxtur eftirspurnar gerir það að verkum að verðbólgu er haldið í skefjum og er hún um 2,5%. Raungengi breytist lítt frá árinu 2002.

Mynd 4.1.

**Dæmi um þróun útflutnings 2001 - 2012**  
miðað við 600 þús. tonna aukningu álframleiðslu



#### 4.4.2. Aukin álframleiðsla

Í þessu dæmi er gert ráð fyrir því að álframleiðsla aukist um 600 þúsund tonn fyrir lok fyrsta áratugar þessarar aldar. Tengdar framkvæmdir valda töluverðum umskiptum frá grunnæmi. Hagvöxtur verður að jafnaði um 0,5 prósentustigi meiri á ári en í grunnæmi á tímabilinu 2002-2012. Munar þar mestu um fyrstu ár tímabilsins, meðan framkvæmdir standa sem hæst, en síðari hlutann er hagvöxtur svipaður í báðum dæmum. Við lok tímabilsins er landsframleiðsla um 5% hærra en í grunnæmi, en ef litið er til langs tíma (20 ára) er munurinn minni eða um 2,5%. Svipaða sögu má segja af kaupmætti ráðstöfunartekna á mann. Hann er 5,5-6% hærra en í grunnæmi við lok tímabils en munurinn er minni til lengdar eða um 2,5%. Viðskiptahalli er nærri 5% af landsframleiðslu hærra en í grunnæmi á byggingartíma 2002-2009. Á hinn bóginn má búast við jákvæðum áhrifum á viðskiptajöfnuð eftir að framkvæmdum lýkur. Miðað við svipað raungengi og í grunnæmi frá lokum framkvæmda, verða erlendar skuldir þjóðarþúsins áþekkar í dæmunum tveimur 2020-2025. Útflutningur og innflutningur vöru og þjónustu eykst eðlilega nokkuð hraðar en í grunnæmi, útflutningur um 5,5% og innflutningur 4,5% árlega á tímabilinu 2002-2012. Ekki er gert ráð fyrir neinum mótvægisáðgerðum í ríkisfjármálum eða peningamálum. Dæmið bendir til þess að styrkrar hagstjórnar sé þörf til að hámarka ávinning af framkvæmdum. Á meðan framkvæmdir standa sem hæst er þörf á auknu aðhaldi í útgjöldum hins opinbera og vaxtahækkunum til að spyrna við fótum gegn aukinni verðbólgu. Í kjölfarið er hins vegar nauðsynlegt að slaka á klónni til að styðja við hagvöxt.

#### **4.5. Áhrif gengisfyrirkomulags á hagstjórn**

Það gefur auga leið að það gengisfyrirkomulag sem þjóðin býr við hefur veruleg áhrif á það með hvaða hætti hagkerfið getur lagað sig að breytingum á ytri aðstæðum. Eigin gjaldmiðill og sjálfstæð vaxtastefna bjóða upp á möguleika til að jafna sveiflur vegna sérstæðra ytri áfalla sem ekki eru fyrir hendi ef Ísland verður hluti af stærra mynsvæði. Við mat á þeim ávinningi sem af slíkum sveigjanleika hlýst er gagnlegt að leita svara við því hver yrðu áhrif stórra ytri áfalla á þjóðarbúskapinn og hversu vel mismunandi hagstjórnarræði duga til að mæta þeim.

Hér er tekið dæmi um aflasamdrátt og athuguð áhrif hans á þjóðarbúskapinn. Könnuð eru áhrif mismunandi hagstjórnaraðgerða. Annars vegar er litið á aðgerðir í peningamálum sem eru mögulegar við núverandi gengisfyrirkomulag en stæðu ekki til boða innan myntbandalags. Hins vegar er litið á aðgerðir í ríkisfjármálum sem áfram mætti grípa til þótt Ísland gerðist aðili að myntbandalagi. Þótt hér sé tekið dæmi um framboðsskell, má auðvitað einnig beita sömu hagstjórnartækjum við að minnka sveiflur í framleiðslu og raungengi sem gætu komið til vegna breytinga í innlendri eftirspurn.

Í dæminu er gert ráð fyrir 10% samdrætti í útflutningi sjávarafurða. Þessi samdráttur samsvarar u.þ.b. 50 þúsund tonna minnkun í þorskafla. Reiknað er með að samdrátturinn eigi sér stað árið 2003. Án hagstjórnaraðgerða dregst hagvöxtur saman um 1,5 prósentustig það ár, í samanburði við grunddæmi en er samkvæmt dæminu svipaður árin á eftir. Atvinnuleysi eykst um 0,75 prósentustig en atvinnustig jafnar sig á um 2-3 árum. Aukið atvinnuleysi dregur mjög úr hækkun launa og leiðir til lækkunar verðbólgu. Þar eð nafngengi er haldið föstu lækkar raungengi. Lægri ráðstöfunartekjur og lægra raungengi halda aftur af innflutningi og lægra raungengi styður útflutningsgreinarnar. Viðskiptahalli breytist því lítið þrátt fyrir minni útflutning sjávarafurða.

##### **4.5.1. Hagstjórn við núverandi gengisskipan**

Í dæminu hér á undan var ekki gert ráð fyrir neinum hagstjórnaraðgerðum til mótvægis við þann framboðsskell sem hagkerfið varð fyrir. Allar líkur eru hins vegar á því að við núverandi gengisfyrirkomulag myndi Seðlabankinn mæta áfallinu með lækkun vaxta. Í þessu dæmi er gert ráð fyrir því að Seðlabankinn lækki stýrivexti um 2 prósentustig á árinu 2003. Lækkunin gengur síðan til baka á 2 árum. Lækkun stýrivaxta hefur áhrif á almennt vaxtastig og gengi.<sup>23</sup> Ef aðgerðir Seðlabanka eru nokkuð í takt við það sem markaðsaðilar vænta, má reikna með að gengið veikist í fyrstu um 3% en að lækkunin gangi til baka á tveimur árum. Vaxtastefna Seðlabankans dregur töluvert úr sveiflunni í þjóðarbúskapnum vegna aflabrestsins, eins og sjá má á mynd 4.2. Til langs tíma eru áhrifin á framleiðslu svipuð og áður en skellinum er jafnað yfir nokkur ár. Þannig dregst hagvöxtur einungis saman um 0,5 prósentustig, miðað við grunddæmi árið sem áfallið dynur yfir, í stað 1,5 prósentustigs án aðgerða. Á hinn bóginn er hagvöxtur samtals um prósentustigi minni en í grunddæmi næstu tvö ár á eftir, en var svipaður og í grunddæmi þau ár í dæmi án hagstjórnaraðgerða. Hagstjórnaraðgerðir á árunum 2003-2005 valda því að munur á hagvexti, þau ár sem hann er mestur og minnstur, er um 1-1,5 prósentustig en ekki 3 prósentustig eins og ef ekki væri gripið til hagstjórnaraðgerða.

##### **4.5.2. Hagstjórn með evru**


Ef Ísland gengi í Efnahags- og myntbandalag Evrópu og tæki þar með upp evru, væri loku fyrir það skotið að vaxta- og gengisbreytingar milduðu hagsveiflu sem stafaði af séríslenskum aðstæðum. Á hinn bóginn væri hægt að beita ríkisfjármálum til sveiflujöfnunar og er þá fyrst og fremst átt við tilflutning framkvæmda á vegum ríkisins. Einnig væri hugsanlegt að nota skattabreytingar til að milda sveiflur í þjóðarbúskapnum. Hér er reiknað með því að ríkið auki framkvæmdir á árinu 2003 um u.þ.b. 5 milljarða króna á verðlagi ársins 2001, í samanburði við grunddæmi en dragi jafnframt úr þeim á næstu tveimur árum á eftir, samtals um sömu fjárhæð. Þetta samsvarar um 40% aukningu fjárfestinga ríkisins árið 2003 og síðan 13% minnkun næstu tvö ár á eftir. Tilflutningur verkefna með þessum hætti þýðir að hagvöxtur dregst saman um 1 prósentustig árið 2003 miðað við grunddæmi, samanborið við um 1,05 prósentustig án aðgerða og 0,5 prósentustig með fyrgreindum aðgerðum Seðlabanka. Munur á mesta og minnsta hagvexti árin 2003-2005 er rúm 2 prósentustig.

Það er viðtekin skoðun að örðugt sé að beita ríkisfjármálum til að jafna hagsveiflur, m.a. vegna þessu hversu tafsamnt er að breyta aðhaldsstigi. Færa má rök fyrir því að þær aðgerðir sem hér er gert ráð fyrir, dragi því upp bjartsýna mynd, miðað við núverandi fyrirkomulag ríkisfjármála, bæði er varðar viðbragðsflýti og stærðargráðu aðgerða við skell, svo og getu til að auka aðhaldsstig á ný í kjölfarið. Breytt fyrirkomulag kynni hins vegar að gera ríkisfjármálin að skilvirkara hagstjórnartæki. Áðurnefndar tillögur opinberrar sænskrar nefndar um tilhögun ríkisfjármála ef Svíþjóð gerist aðili að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu, miða að þessu marki. Þar er t.a.m. gert ráð fyrir töluverðu svigrúmi til aðgerða í opinberum fjármálum þegar illa árar. Til þess að skapa slíkt svigrúm þarf að öllu jöfnu að vera ríflegur afgangur af ríkisbúskapnum. Jafnframt gerir sænska nefndin tillögur um umgjörð ríkisfjármála, sem stuðlar að því að einungis sé gripið til sérstakra aðgerða þegar hart er í ári og að útgjöld dragist saman á ný þegar rofar til í efnahagsmálum.

Það ber að hafa í huga að upptaka evru kynni að draga úr líkum á hagsveiflu sem á upptök sín í innlendum eftirspurnarþrýstingi. Sérstaklega ber að nefna að hegðun aðila á vinnumarkaði gæti breyst. Þegar möguleikinn á gengisfalli er ekki til staðar er viðbúið að markaðsaðilar semji síður um laun langt umfram væntar framleiðnibreytingar. Ástæðan er sú að án sjálfstæðrar peningastefnu er ekki hægt að „leiðrétta“ raungengi með lækkun nafngengis, heldur verður lækkun raungengis að eiga sér stað í gegnum minni launa- og verðlagshækkunar en í viðskiptalöndunum. Ef tregða er til nafnlaunalækkana gerist slík aðlögun hægt og of hátt raungengi kemur fram í auknu atvinnuleysi og verri afkomu fyrirtækja. Líklegt er að aðilar vinnumarkaðarins taki þennan möguleika til greina við samningagerðina.

Mynd 4.2.

#### Hagvöxtur í grunnþæmi og við aflasamdrátt



#### 4.6 Gengisskipan og lífskjör til lengdar

Upptaka evru dregur úr möguleikum til sveiflujöfnunar. Þetta skiptir fyrst og fremst máli þegar miklar breytingar verða á högum sjávarútvegs enda er ekki við því að búast að peningastefnan á evrusvæðinu bregðist við séríslenskum aðstæðum. Að einhverju marki má þó jafna slíkar sveiflur með aðgerðum í ríkisfjármálum. Raunar er hugsanlegt að auka megi sveigjanleika í stjórn ríkisfjármála frá því sem nú er og þar með virkni þeirra við hagstjórn. Eftir því sem dregur úr hlutdeild sjávarútvegs í þjóðarþúskapnum, má einnig gera ráð fyrir að missir sjálfstæðrar peningastefnu setji æ minni skorður á hagstjórn hérlendis. Þá má nefna að sumir fræðimenn eru þeirrar skoðunar að sjálfstæð peningastefna geti allt eins verið uppspretta hagsveiflna eins og tæki til sveiflujöfnunar.

Þótt evran sníði hagstjórn þrengri stakk en ella, hefur verið bent á að notkun sama gjaldmiðils og í helstu viðskiptalöndum kunni að bæta þjóðarhag þegar til lengri tíma er litið. Röksemdir með upptöku evru, er lúta að bættum lífskjörum til lengdar, eru reifaðar í þessum kafla.

#### 4.6.1 Utanríkisviðskipti og fjárfestingar

Rannsóknir benda til þess að myntbandalög auki utanríkisviðskipti aðildarþjóða töluvert og þar með framleiðslustig, þó að umdeilt sé hversu mikil áhrifin eru.<sup>24</sup> Ekki er með öllu ljóst til hvers megi rekja aukin viðskipti. Viðskiptakostnaður og gengisóvissa minnka vissulega. Hins vegar er beinn mælanlegur viðskiptakostnaður vegna gjaldeyrisviðskipta tiltölulega lítill og örðuglega hefur gengið að merkja mikil áhrif gengisóvissu á utanríkisviðskipti. Mögulegt er að óbeinn og illmælanlegur kostnaður af því að eiga viðskipti við annað myntsvæði, skipti mestu máli. Myntbandalagsríki mynda heild og innan slíkrar heildar má búast við tilhneigingu til samræmingar á viðskiptaumhverfi. Í ljósi áhrifa myntbandalaga á innbyrðis viðskipti myntbandalagsríkja, getur stækkun Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) haft veruleg áhrif á mögulegan hag Íslands af inngöngu.

Rannsókn Portes og Rey frá árinu 1999<sup>25</sup> bendir til að opið hagkerfi, gott aðgengi að upplýsingum, lítill kostnaður við viðskipti og þróaður hlutabréfamarkaður (t.a.m. lítill innherjaviðskipti), hvetji til hlutabréfaviðskipta landa á milli. Höfundarnir fundu ekki mikil bein áhrif myntbandalaga á hlutabréfaviðskipti. Að því marki sem myntbandalög styðja við þróun fjármálamarkaða almennt, má þó færa rök fyrir óbeinum áhrifum þeirra. Einnig er líklegt að myntbandalög auðveldi samstarf og samruna kauphalla. Þegar fram líða stundir gæti evran t.a.m. stuðlað að sameiginlegum hlutabréfamarkaði fyrir alla álfuna.

Leiða má líkum að því að evran hvetji til beinnar erlendra fjárfestingar. Hún hefur þó vart afgerandi áhrif á sókn erlendra fyrirtækja inn á íslenskan markað. Þar ráða líklega aðrir þættir meiru, s.s. smæð íslenska markaðarins. Fjárfesting erlendra aðila hér á landi mun því sennilega einkennast áfram af sókn í nýtingu auðlinda. Þegar fram líða stundir kann sú sókn að beinast að mannaði.

#### 4.6.2 Vaxtastig

Um áhrif evru á vexti af erlendum lánnum innlendra aðila er erfitt að fullyrða og hugsanlega yrðu áhrifin mismunandi eftir atvinnugreinum. Viðtekin skoðun er að vaxtakostnaður af erlendum lánnum muni að jafnaði heldur lækka þótt vart sé að búast við miklum breytingum. Breytingar á kostnaði ríkisins af erlendum lánnum eru sennilega sáemilegur mælikvarði á hver áhrifin yrðu að meðaltali. Vaxtaálag á erlendar skuldir íslenska ríkisins er nú 30-40 punktar miðað við bestu (*benchmark*) útgáfur. Þessu álagi má skipta í tvennt, annars vegar í lánshæfisálag (*rating premium*) og hins vegar seljanleikaálag (*liquidity premium*). Að því er síðari þáttinn varðar er vart að búast við miklum breytingum við upptöku evru, enda þarf mjög stórar útgáfur til að lækka seljanleikaálag svo nokkru nemi. Upptaka evru gæti hins vegar haft áhrif á lánshæfisálag og rök má færa fyrir bæði hækkun og lækkun. Veigamestu rök til hækkunar álagsins felast í missi sjálfstæðrar peningamálastefnu sem gerir erfiðara um vik að koma í veg fyrir djúpar niðursveiflur. Hættan á djúpum niðursveiflum eykur hættu á vanskilum. Aðild að EMU felur að líkindum í sér óbeina samtryggingu sem dregur úr þessari hættu. Veigamest rök til lækkunar áhættuálags erlendra lána eru að girt er fyrir snöggar breytingar á gengi sem geta haft umtalsverð neikvæð áhrif á eigið fé fyrirtækja (og heimila) á skömmum tíma. Þá geta vaxtahækkunarir, sem gripið er til til varnar genginu, dregið úr hagvexti. Með nýjum viðmiðum við stjórnað peningamála, þar sem genginu er leyft að fljóta, hefur þó vafalítið dregið úr hættunni á áhlaupi á krónuna.

Innlendir raunvextir hafa verið töluvert hærri undanfarin ár en í viðskiptalöndunum. Á tímabilinu 1995-2000 voru skammtímaraunvextir á Íslandi að meðaltali 5,5%, tæp 3% í Bandaríkjunum, rúm 3% í Bretlandi, rúm 2% í Þýskalandi og 0,2% í Japan. Ljóst er að mismunandi staða í hagsveiflunni hefur haft áhrif á þennan vaxtamun. Á þessu tímabili var hagvöxtur á Íslandi að meðaltali 4,0%, í Bandaríkjunum 3,9%, í Bretlandi 2,8%, í Þýskalandi 1,8% og 1,4% í Japan. Framleiðsluspenna tímabilsins (þ.e. framleiðsla umfram framleiðslugetu) var að meðaltali 0,4% á Íslandi, 0,6% í Bandaríkjunum, -0,6% í Bretlandi, -1,3% í Þýskalandi og -0,3% í Japan. Þennan vaxtamun má þó rekja til fleiri þátta en hagsveiflunnar. Hér má nefna lítinn seljanleika íslenskra skuldabréfa, gengisáhættu, hagstjórn, og fastan kostnað við að koma inn á markað (sem er óhagstætt litlum mörkuðum eins og þeim íslenska). Vextir á markaði benda til að markaðsaðilar vænti hærri raunvaxta á ríkisskuldabréf hér á landi næstu 10-15 árin en í viðskiptalöndunum. Munar hér um 2 prósentustigum sem er heldur minna en munur innlendra og erlendra raunvaxta síðastliðinn 5-6 ár.

Við upptöku evru mun vaxtakostnaður þeirra aðila sem nú fá lánað í krónum að öllum líkindum lækka og nálgast vaxtakostnað þeirra aðila sem nú geta fengið lánað í erlendri mynt. Áhættuálag sökum gengisáhættu yrði ekki lengur til staðar. Seljanleikaálag, sem fylgir litlum seljanleika á íslenskum krónum, myndi einnig hverfa. Aðgangur að fjármálamörkuðum myntbandalagsríkja yrði væntanlega almennt greiðari. Á hinn bóginn kæmi vaxtamunur, sem á rætur í litlum seljanleika á innlendum skuldabréfum, líklega til með að viðhaldast að mestu. Svipað má segja um þann vaxtamun sem kemur til vegna þeirrar hindrunar sem felst í því að fræðast um íslenskt efnahagslíf. Evran lækkar þó þessa síðastnefndu hindrun að einhverju marki. Raunvextir af lánum til þeirra aðila sem nú fá lánað í krónum gætu því lækkað töluvert frá því sem nú er, eða sem nemur áðurnefndum vaxtamun að frádregnu álagi vegna takmarkaðs seljanleika; álagi vegna tregðu erlendra aðila við að kosta miklu til að koma inn á svo lítinn markað og áhættuálagi á innlend skuldabréf umfram erlend. Á að giska gætu því raunvextir á innlendum skuldabréfamarkaði orðið 1,5-2 prósentustigum lægri eftir upptöku evru en þeir hafa verið undanfarin ár.

Innlendir raunvextir gætu þó einnig lækkað frá því sem verið hefur þótt ekki komi til upptöku evru. Háa raunvexti undanfarin ár má að hluta skýra með mikilli eftirspurn í hagkerfinu. Þá má reikna með að vextir á útlánunum lækki nokkuð með fullri einkavæðingu bankakerfisins og þeirri hagkvæmni sem iðulega fylgir slíkri aðgerð. En e.t.v. skiptir mestu hversu vel tekst til með hagstjórn í framtíðinni. Ef Seðlabankinn nýtir t.a.m. nýfengið sjálfstæði sitt til að vinna staðfastlega að því að ná markmiði peningastefunnar, er líklegt að úr raungengissveiflum dragi og að trúverðugleiki bankans aukist. Þannig gæti stefna Seðlabankans í sumum tilvikum haldið aftur af þenslu á vinnumarkaði, án þess að til vaxtahækkana þyrfti að koma. Gengisálag á innlenda raunvexti gæti þá lækkað þegar fram líða stundir. Hins vegar kann að þurfa nokkuð hátt vaxtastig til skamms tíma á meðan Seðlabankinn ávinnur sér trúverðugleika. Markviss hagstjórn hefur einnig þann kost að auðvelda inngöngu í EMU ef sá kostur yrði fyrir valinu. Ef ekki verður gætt staðfestu í hagstjórn er hins vegar að búast við áframhaldandi vaxtaálagi af þeim sökum.

Af því sem að framan er sagt er líklegt að upptaka evru myndi fyrst og fremst lækka vaxtakostnað þeirra aðila sem nú eiga ekki greiðan aðgang að erlendu lánsfé. Gróft áætlað mundi lækkun innlendra vaxta um 1,5-2 prósentustig valda lækkun vaxtagreiðslna heimila og atvinnuvega til lánakerfisins um 15 milljarða króna. Um tveir þriðju hlutar þessarar fjárhæðar væri lækkun á vaxtakostnaði heimila. Vert er þó að hafa í huga að á hverjum tíma er hér um að ræða tilflutning á tekjum frá einum aðila hagkerfisins til annars, fremur en hreinan ávinning heildarinnar. Lækkun vaxtakostnaðar getur á hinn bóginn einnig haft nokkur áhrif á framleiðslustig. Ástæðan er sú að lækkun vaxta hvetur til fjárfestingar sem eykur framleiðni vinnuafis. Lauslega áætlað myndi lækkun vaxtaálags á erlendar skuldir um helming (u.þ.b. 0,2 prósentustig) og lækkun innlends vaxtastigs um 1,5-2 prósentustig, valda hækkun landsframleiðslu um 2% innan tveggja áratuga, umfram það sem annars yrði. Útreikningar þessir byggja á þjóðhagslíkani Þjóðhagsstofnunar. Vaxtalækkun vegna upptöku evru veltur m.a. á því hvernig hagstjórn verður háttáð án evru. Mögulegt er að hagstjórn án evru verði markvissari en hér hefur verið reiknað með og þá yrðu áhrif evru á vexti minni. Ef innlent vaxtastig lækkaði um tæpt prósentustig vegna upptöku evru gæti framleiðsluaukningin numið um 1% innan tveggja áratuga.

## 5. Heimildaskrá

- 1 Bílar voru auðvitað lengst af einnig framleiddir í kommúnistaríkjunum en sá munur var á að gæði þeirra voru langtum minni en bíla sem framleiddir voru í vestrænu iðnríkjunum. Erlendir markaðir voru takmarkaðir fyrir bíla sem framleiddir voru austantjalds nema helst á Íslandi.
- 2 Michael E. Porter, *The Competitive Advantage of Nations* (New York: The Free Press, 1990).
- 3 HIID, *World Economic Forum, The Global Competitiveness Report 1998*.
- 4 UNICE, *Mælikvarðar á samkeppnishæfni Íslands og annarra Evrópuríkja* (Apríl 1998).
- 5 *International Institute for Management Development*.
- 6 Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Malta, Kýpur, Slóvenía, Tékkland, Slóvakía og Ungverjaland. Síðar er gert ráð fyrir inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu. Tyrkland er talið þurfa að bíða enn frekar.
- 7 Umfjöllun um þetta er m.a. að finna í bókinni *Intellectual Capital: The New Wealth of Organizations*, eftir Thomas A. Stewart. Útgefandi Nicholas Brealey Publishing, London, 1997.
- 8 Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (nr. C02:01 - janúar 2002) um áhrif af styttingu grunn- og framhaldsskóla er fjallað um sambandið á milli menntunar og hagvaxtar. Í skýrslunni er fjallað um mannaud og arðsemi menntunar. Meginskilaboðin eru að aukin menntun leiði til meiri framleiðni og þarf af leiðandi til meiri hagvaxtar.
- 9 Georges Kyriacou (1991), „Level and Growth Effects of Human Capital: A Cross Country Study of the Convergence Hypothesis,” *Starr Working Paper*, nr. 91.26, New York University.
- 10 Heimild: „Education at a Glance,” OECD 2001.
- 11 Framlag Íslands til „European Trend Chart on Innovation. Country Report Iceland” var unnið af skrifstofu Rannís 2001. Ritið er gefið út af “European Commission Directorate General Enterprises „Innovation and SME” Programme.
- 12 Almenn umræða um beina fjárfestingu styðst að töluverðu leyti við Ewe-Ghee Lim (2001) „Determinants of, and the Relation Between, Foreign Direct Investment and Growth: A Summary of Recent Literature,” *IMF Working Paper No. WP/01/175*, nóvember 2001. Alþjóðlegur samanburður í köflunum um fjárfestingar hérlendis og erlendis byggir aðallega á gögnum frá IMF og OECD. Annað talnaefni, sem stuðst er við í þessum köflum, er annars vegar fengið frá tölfraeðisviði Seðlabanka Íslands og hins vegar úr grein Péturs Arnar Sigurðssonar, „Útrás Íslendinga árið 2000,” sem birtist í *Vísbandingu* 27. júlí 2001 (29. tbl., 19. árg.).
- 13 Að einhverju leyti má e.t.v. rekja lítil áhrif skattbreytinga til þess að alþjóðlegum fyrirtækjum er sums staðar heimilt að draga skattgreiðslur erlendis frá skattgreiðslum heima fyrir. Í þeim tilvikum valda ívilnanir fyrst og fremst tilflutningi á skattgreiðslum út úr landinu en hafa lítil áhrif að öðru leyti.
- 14 Árslok 1999 eða 2000 nema árslok 2001 fyrir Ísland
- 15 Í árslok 2000.
- 16 Þó ber að hafa í huga stutta loðnuvertíð hér á landi sem þó réttlætir vart þennan fjölda verksmiðja.
- 17 Í tillögu iðnaðarráðherra til Alþingis um stefnu í byggðamálum kemur fram að á árinu 1999 hafi þriðjungur alls fískis til manneldis í heiminum komið frá fiskeldi og að gera megi ráð fyrir að meirihluti fískis til manneldis verði frá fiskeldi fyrir árið 2030.
- 18 Dæmi um líftæknilegar afurðir úr sjávarfangi eru m.a.: Prótein, peptíð, aminosýrur, ensím, extrókt, kítósan, glúkósamín, astaxantín, vítamín, fjöllíður, sjávarolíur, fosfólípið, gelatín, steinefni og kjarnsýrur.
- 19 Samkvæmt skilgreiningu WTO tekur það svæði til Norðurlandanna auk Bretlands og Írlands.
- 20 „The ICT Sector in the Nordic Countries 1995-2000;” *Statistics Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden*, desember 2001.
- 21 Umfjöllun um skuldabréfamarkað nýtur framsöguerinda innlendra og erlendra fyrirlesara á ráðstefnu Lánasýslu ríkisins og Kaupþings í New York, 15. mars 2002, um íslensk skuldabréf sem alþjóðlega söluvöru .
- 22 Samantekt á niðurstöðum sænsku nefndarinnar, „Stabilisation Policy in the Monetary Union - Summary of the Swedish Government Official Report 2002:16,” má nálgast á slóðinni <http://www.finans.regeringen.se/inenglish/>.
- 23 Hér er litið fram hjá áhrifum á eignaverð.
- 24 Sjá t.d. Andrew K. Rose (2001), „Currency Unions and Trade: The Effect is Large,” *Economic Policy*, 33 og Torsten Persson (2001), „Currency Unions and Trade: How Large is the Treatment Effect?,” *Economic Policy*, 33.
- 25 Richard Portes og Héléne Rey (1999), „The Determinants of Cross-Border Equity Flows,” *NBER Working Paper* 7336.